



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

**Doktor Schierbeck og  
Íslendingarnir.**

**Ritgerð til B.A.-prófs.**

**Jón Páll Björnsson**

**Júní 2010**

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Námsbraut í sagnfræði**

**Doktor Schierbeck og  
Íslendingarnir**

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Jón Páll Björnsson**

**Kt.:100562-4139**

**Leiðbeinandi: Guðmundur Hálfðánarson**

**Júní 2010**



## EFNISYFIRLIT.

Formáli .....	3
1. Inngangur.....	4
2. Dr. Schierbeck kemur til Íslands .....	5
2.1 Skipun Landlæknis .....	5
2.2 Elexírar .....	10
2.3 Sjúkrahúsmálið .....	12
2.4 Kirkjugarðurinn í Aðalstræti.....	16
3. Læknirinn .....	19
4. Landlæknirinn.....	24
4.1 Snörp átök við smáskammtalækna.....	30
4.2 Læknaskólinn.....	34
4.3 Inflúensan 1890.....	37
5. Garðyrkjumaðurinn.....	42
5.1 Garðyrkjufélagið og nýtt Ísland.....	49
6. Doktor Schierbeck og íslendingarnir.....	53
7. Brottför og eftirmæli.....	62
8. Niðurstöður .....	66
9. Heimildir .....	68
Óprentaðar heimildir .....	68
Prentaðar heimildir .....	68
Vefheimildir .....	72
Viðtöl .....	72

## FORMÁLI

Ég rakst fyrst á Schierbeck landlækni þegar ég sá grein eftir hann í *Ísafold* frá 1884 og þótti hann dálítið athyglisverður. Þar varaði læknirinn Íslendinga við að kaupa og neyta *Brama-lífselexírs*, sem var vinsæl tegund heilsudrykkjar. Flöskurnar sem innihéldu slíka drykki voru oftast en ekki skrautlega merktar, þannig að kaupendur rugluðust ekki á tegundum og utan á „Bramanum“ var mynd af bláu ljóni, gullnum hana og einhverskonar hálf-grískri figúru. Schierbeck sagði í greininni:

„Jeg leyfi mjer af þessu tilefni að vara almenning við... öllum svo nefndum kynjalyfjum (arcana), sem eru vanalega þeim mun viðsjálfi, því meira sem er af bláum ljónum og gullnum hönum eða forynjum á umbúðunum“.<sup>1</sup>

Ástæða þess að Schierbeck varð fyrir valinu sem ritgerðarefni tengist ekki beint þessari háðsglósu, þó hún hafi vissulega orðið til þess að ég tók fyrst eftir manningum og ekki heldur það að ég hafi talið Schierbeck mjög merkilegan mann, því í raun vissi ég engin deili á honum áður en ég hóf þetta verk. Ég taldi hinsvegar þetta kjörið tækifæri til þess að kynnast honum, kynnast tímabilinu og tíðarandanum, og ef til vill kæmi í ljós að hann hafði eitthvað til málanna að leggja um sögu Reykjavíkur og/eða sögu landsins.

Ég vil þakka þeim Samsoni B. Harðarsyni lektor hjá Landbúnaðarháskólanum og Haraldi Briem sóttvarnarlækni hjá Landlæknisembættinu fyrir veitta aðstoð við smíði þessarar ritgerðar.

---

<sup>1</sup> H.J.G. Schierbeck, „Viðvörðun um Brama-lífselexír“, *Ísafold* 18. júní 1884, bls. 98.

## 1. INNGANGUR.

Hinn 17. október 1882 kom gufuskipið *Valdemar* til Reykjavíkur. Skipið hafði siglt beint frá Kaupmannahöfn og um borð var talsvert magn af korni og heyi, gjafir til bágstaddra Íslendinga. Með skipinu kom einnig Hans J. G. Schierbeck, danskur læknir er seinast hafði starfað við handlækningar á Friðriksspítala í Kaupmannahöfn. Hann var hingað kominn því að honum hafði verið lofað landlæknisembættinu á Íslandi, sem var laust, en að því tilskyldu að hann stæðist lögboðið íslenskupróf sem útlendir embættismenn þurftu að taka ef þeir vildu fá að starfa hér á landi.<sup>2</sup>

Reyndar hafði Schierbeck þreytt þetta próf tvisvar úti í Kaupmannahöfn, en fallið í bæði skiptin. Hann var samt hingað kominn, tilbúinn til að þreyta prófið í þriðja sinn og sennilegast yrði það úrslitatilraunin.

Í stuttu máli sagt stóðst hann prófið, fékk embættið og starfaði hér sem landlæknir næstu ellefu árin. Þessi undarlega embættisveiting olli talsverðri óánægju, ef ekki hneykslan, því bæði var landlæknirinn nýi útlendingur og svo var gengið framhjá fullkomnlega hæfum íslenskum lækni (að menn töldu) í þetta embætti. Ellefu árum síðar, þegar Schierbeck gaf það í skyn að hann væri á förum, snérist umræðan frekar um það hvernig hægt væri að koma í veg fyrir það að hann færi af landi brott.

Hver var þessi maður og af hverju var hann hingað kominn? Hafði hann eitthvað nýtt fram að færa Íslandi til hagsbóta, eða var hann bara danskur embættismaður sem ætlaði að nota Ísland sem þrep í metorðastiganum? Hversvegna voru tvívegis á starfsferli hans hér á landi haldnir borgarafundir, þar sem ákvörðunum hans var harðlega mótmælt? Var starfsferill hans það gæfuríkur að það kallaði á blaðaskrif um það hvernig best væri að halda honum hér á landi?

Þessum og fleiri spurningum verður reynt að svara hér á eftir og þá verður ekki síst reynt að ráða í hvað vera Schierbecks hér á landi segir okkur um þann hug er Íslendingar báru til dansks embættismanns í hárrí stöðu og hvaða hug Schierbeck bar til Íslendinga.

---

<sup>2</sup> *Lovsamling for Island*, 13. bindi, bls. 46.

## 2. DR. SCHIERBECK KEMUR TIL ÍSLANDS.

Þegar Schierbeck gekk á land, var liðið rúmt ár frá því að Jón Hjaltalín læknir var leystur frá landlæknisembættinu, þá orðinn bæði ellihrumur og sjóndapur.<sup>3</sup> Við embættinu hafði tekið, til bráðabirgða, Jónas Jónassen, héraðslæknir í Reykjavík,<sup>4</sup> og margir ætluðu að hann myndi fá stöðuna til frambúðar, enda talið að hann hafði allt til þess að bera. Skipun Schierbecks í embættið er eitt af þeim deilumálum sem einkenna fyrstu ár hans hér á landi, og er ekki úr vegi að skoða eitthvað af þessum deilum nánar.

### 2.1 Skipun landlæknis.

Með póstskipinu frjettist, að einhver danskur maður sæki um landlæknisembættið, og það með að verið geti að hann fái það. Að svo verði virðist oss þó mjög ólíklegt, því það er alkunnugt, að þeir dönsku læknar, er hjer hafa verið hafa yfir höfuð reynzt allt annað en vel.<sup>5</sup>

Hans Jakob Georg Schierbeck var fæddur í Óðinsvéum 24. febrúar 1847. Hann tók læknispróf við háskólann í Kaupmannahöfn 1876, starfaði í París 1876-1879, síðan í Kaupmannahöfn, um borð í dönsku herskipi og loks við Friðriksspítala í Kaupmannahöfn 1880-1882.<sup>6</sup>

Sú afstaða sem kemur fram í klausunni úr *Ísafold* sem vitnað er til hér að ofan er skiljanleg í ljósi þess að það hafði lengi loðað við danska lækna á Íslandi að þeir væru allsendis vanhæfir til að takast á við þær aðstæður og það samfélag sem sem hér var uppi. Þeir þóttu sérhlífir og ferðafælnir,<sup>7</sup> en löng og ströng ferðalög, oft við erfiðar aðstæður, einkenndu störf lækna í þessu strjálbýla landi þar sem samgöngur voru ekki upp á marga fiska.

Vandræðin með dönsku læknana höfðu meðal annars verið nefnd af Jóni Hjaltalín, verðandi landlækni, í grein sem hann skrifaði í *Ný félagsrit* 1844.

<sup>3</sup> Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga. Tíu ritgerðir*, síðara bindi, bls. 568.

<sup>4</sup> Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* 1, bls. 464.

<sup>5</sup> *Ísafold* 25. mars 1882, bls. 18.

<sup>6</sup> Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* 1, bls. 667.

<sup>7</sup> Jón Ólafur Ísberg, „Danskur að ætt, sællífur og værukær mjög“, bls. 15.

Danir eru svo gjörðir að þeir eiga flestir lítt við Ísland. Uppeldi þeirra og mentun er að mestu leiti löguð á þann hátt, að það á hvorutveggja illa við Ísland. Á Íslandi finnst þeim allt svo leiðinlegt, og vilja því fegnir komast þaðan sem fyrst að verða má. Af þessu leiðir að flestallir danskir embættismenn, sem koma út til Íslands, una sér illa á landinu, og álíta það sem nokkurskonar útleðarstað. Þeir sækjast einúngis eptir að komast þangað vegna þess, að þeir eiga annðhvort ekki annann kost að sinni, eða þeir gjöra það af því, að þeir lifa í von um að útleð þeirra þar muni á síðan geta aflað þeim góðs embættis í Danmörku. ...Danir álíta sig ávallt útlenda þegar þeir eru úti á Íslandi -þyki betra að sitja „heima“ í enni mjúku Danmörku enn búa við svo hart land sem Ísland er.<sup>8</sup>

Þrátt fyrir þann hug sem haldið var á lofti í þessari grein var ekki þar með sagt að þorri landsmanna væri and-danskur, þvert á móti voru margir konungssinar,<sup>9</sup> en reynsla þeirra af dönskum læknum var ekki góð. Það kom því ekki á óvart, að þegar það fréttist að þessi ungi og reynslulitli læknir væri líklegur til að hljóta landlæknisembættið,<sup>10</sup> að skoðanir væru oftar en ekki neikvæðar, einkum í ljósi þess að Jónas Jónassen, settur landlæknir, þótti mjög hæfur.

Stæði svo á, að um engan íslenzkan mann væri að ræða, er fær þætti til þessa embættis, þá væri nokkru öðru máli að gegna, en hinn setti landlæknir J. Jónassen hefir á sjer almenningsorð fyrir að vera góður læknir og mjög lipur kennari og með ritum sínu viðvíkjandi heilbrigðismálefnum hefir hann sýnt, að hann hefir áhuga á að gjöra gagn með fleiru en því, sem beinlínis eru embættisstörf hans.<sup>11</sup>

Jónas útskrifaðist frá Kaupmannahafnarháskóla 1866 og hafði starfað sem læknir í 16 ár, þar á meðal sem héraðslæknir í Reykjavík frá 1873 og kennari við Læknaskólann frá stofnun hans 1876<sup>12</sup>. Hann styrkti enn umsókn sína til embættisins með því að verja doktorsritgerð um sullaveiki á Íslandi, við Kaupmannahafnarháskóla þann 30. júní 1882.<sup>13</sup> En allt kom fyrir ekki, Schierbeck var ætlað embættið, ef hann

<sup>8</sup> Jón Hjaltalín, „Um læknaskipan á Íslandi“, bls. 43.

<sup>9</sup> Jón Guðnason, *Skúli Thoroddsen*, síðara bindi, bls. 107.

<sup>10</sup> *Skuld* 11. maí 1882, bls. 42.

<sup>11</sup> *Ísafold* 25. mars 1882, bls. 19.

<sup>12</sup> Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Ísland 1*, bls. 464.

<sup>13</sup> Guðjón Friðriksson, *Ég elska þig stormur*, bls. 123.



stæðist hið lögbundna íslenskupróf, sem allir útlendir embættismenn á Íslandi þurftu að leysa af hendi.<sup>14</sup>

En hvers vegna átti Schierbeck svona sterkt tilkall til embættisins? Í fyrsta lagi hefur það ekki dulist heilbrigðisyfirvöldum í Kaupmannahöfn og þar með Johannes Nellemann Íslands- og dómsmálaráðherra, að ekki höfðu orðið sömu framfarir í heilbrigðismálum á Íslandi áratugunum á undan og einkennt höfðu nágrennalöndin. Nýjungarnar snérust aðallega um sýklafræði og sýklavarnir og niðurstöður skoska læknisins Josephs Listers (1827-1912) um sýklaeyðingu (e. *antiseptic*) sem birtust 1867 höfðu valdið straumhvörfum í hand- og skurðlækningum á Vesturlöndum.<sup>15</sup> Þegar Schierbeck stundaði sitt læknánám voru kenningar Listers orðnar viðurkenndar en Jónas Jónassen og Jón Hjaltalín voru af eldri kynslóð lækna. Þeir síðarnefndu þekktu reyndar báðir þessar nýju kenningar og Hjaltalín hafði meira að segja þýtt um þær grein,<sup>16</sup> en þeir tileinkuðu sér aldrei hinar nýju starfsaðferðir. Í hinu stóra riti *Lækningabók fyrir alþýðu* sem Jónas gaf út árið 1884 er til dæmis hvergi minnst á sýkla, sýklaeyðingu eða bakteríur yfirleitt þrátt fyrir að bakteríufræðin hafi þá þegar verið orðin ein helsta undirstöðugrein læknávisindanna.<sup>17</sup>

Í öðru lagi má nefna að Schierbeck átti hauka í horni meðal íslenskra lækna og læknastúdenta, einkum þá Mórítz Halldórsson Friðriksson, en hann og Schierbeck störfuðu saman á Friðriksspítala 1882<sup>18</sup> og var vingott á milli þeirra, einkum þar sem þeir höfðu sameiginlegt áhugamál (sem vikið verður að síðar). Sennilega var það Mórítz sem fyrst hvatti Schierbeck til að sækja um embættið á Íslandi.<sup>19</sup> Ekki var sjálfur Nellemann ráðherra síðri stuðningsmaður, en fjölskyldutengsl voru á milli hans og Schierbecks.<sup>20</sup>

En Jónas Jónassen átti einnig sína fylgismenn, bæði hér á landi og meðal námsmanna í Kaupmannahöfn, en þar má segja að átökin í svokölluðu *Schierbecksmáli* hafi verið hvað hörðust. Meðal helstu bandamanna Jónasar var mágur hans, Hannes Hafstein<sup>21</sup> og sumir segja forsprakki í þeim hóp er lagðist gegn embættisveitingu

<sup>14</sup> Jón Ólafur Ísberg, „Danskur að ætt, sællífur og værukær mjög“, bls.14.

<sup>15</sup> Jón Ólafur Ísberg, *Líf og lækningar*, bls. 39.

<sup>16</sup> Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga*, bls. 573-580.

<sup>17</sup> Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga*, bls. 598.

<sup>18</sup> Thora Friðriksson, *Föðurmíning*, bls. 51.

<sup>19</sup> Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga*, bls. 569, og Finnur Jónsson, *Ævisaga*, bls. 54.

<sup>20</sup> Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga*, bls. 569 og *Þjóðólfur* 9. ágúst 1882, bls. 78.

<sup>21</sup> Guðjón Friðriksson, *Ég elska þig stormur*, bls. 58.

Schierbecks,<sup>22</sup> en Mórítz Halldórsson hafi farið fyrir þeim er voru fylgjandi.<sup>23</sup> Að sjálfsögðu snérist málið um fleira en persónulegt vinfengi, því að þjóðernislegar tilfinningar þessara ungu manna í Kaupmannahöfn spiluðu veigamikið hlutverk og fylgismenn Schierbecks voru oft vændir um skort á ættjarðarást.<sup>24</sup>

Þessar þjóðernislegu tilfinningar voru einnig í forgrunni á Íslandi, bæði í umræðum manna á meðal, svo og í blöðunum:

...enn fremur hlyti það og að vera særandi fyrir þjóðernis-tilfinningu vora og veikja þá tilfinningu fyrir sjálfri sjer og það traust á kröftum sjálfrar sín, sem þjóðin þarf að hafa, ef hún yrði að sjá útlendan mann í einu helzta embætti landsins, einkum þegar þess væri engin þörf.-<sup>25</sup>

Helsta von Jónasar og fylgismanna hans var íslenskuprófið, því það var skilyrði þess að Schierbeck gæti veitt embættinu viðtöku. Hann tók prófið fyrst í Kaupmannahöfn í júlí 1882, en stóðst það ekki.<sup>26</sup> Aftur reyndi hann í ágúst sama ár, en það fór á sama veg.<sup>27</sup> Schierbeckssinum þótti reyndar, að hann hefði staðið sig furðu vel í því prófi<sup>28</sup> og kom upp sá kvittur að hlutdrægni prófdómara hafi komið í veg fyrir réttlátta niðurstöðu.<sup>29</sup> Sá dómari var var Konráð Gíslason prófessor<sup>30</sup> fyrrum Fjölnismaður og góðvinur Hannesar Hafsteins.<sup>31</sup>

Eftir seinna prófið virðist hafa verið komin upp einskonar pattstaða í málinu, því nokkuð greinilegt var að Nellesmann ætlaði Schierbeck embættið og endanleg ákvörðun beið í raun og veru þess að hann næði íslenskuprófinu. Uppi á Íslandi voru einnig til þeir er álitu nýjan mann heppilegan.

Fái fleiri sjúklingar á Íslandi bót sinna meina fyrir það, að þessi útlendi maður kemst í flokk lækna þar, þá er það svo mikilsvert, að hitt annað, er íslenzkir

<sup>22</sup> Finnur Jónsson, *Ævisaga*, bls 54-56.

<sup>23</sup> Ólafur Davíðsson, *Ég læt allt fjúka-, sendibréf og dagbókarbrot frá skólaárunum*, bls. 303-304.

<sup>24</sup> Finnur Jónsson, *Ævisaga*, bls. 56.

<sup>25</sup> *Ísafold* 25. mars 1882, bls. 19.

<sup>26</sup> *Skuld* 22. júlí 1882, bls. 72.

<sup>27</sup> Ólafur Davíðsson, *Ég læt allt fjúka*, bls. 291.

<sup>28</sup> Finnur Jónsson, *Ævisaga*, bls. 55.

<sup>29</sup> *Skuld* 16. september 1882, bls. 88.

<sup>30</sup> Finnur Jónsson, *Ævisaga*, bls. 55-56.

<sup>31</sup> Guðjón Friðriksson, *Ég elska þig stormur*, bls. 122-123.

læknar kunna að hafa sjer til ágætis umfram hann, er smáræði í samanburði við það.<sup>32</sup>

Lausnin fólst í því að fá nýjan prófdómara og að sjálfsögðu að gefa próftakanum meiri tíma til undirbúnings. Schierbeck tók prófið í þriðja sinn þremur mánuðum síðar, þá hér á Íslandi, en formaður prófnefndar var Halldór Kr. Friðriksson yfirkennari við Lærða skólann og faðir Mórítz vinar Schierbecks. Aðdragandi prófsins var þó ekki alveg átakalaus því að mikill hiti var í mönnum og m.a. var Halldóri hótað, að sögn Thoru dóttur hans, líkamsmeiðingum af andstæðingum Schierbecks.<sup>33</sup> Thora Friðriksson segir einnig að danski læknirinn hafi verið afar taugaóstyrkur áður en hann gekk til prófsins í Alþingishúsinu, enda var honum væntanlega ljóst að þetta væri síðasta tækifærið til þess að festa sér embættið.<sup>34</sup> Þessu prófi náði Schierbeck,<sup>35</sup> enda hermdi almannarómur að hann hafi staðið sig nokkuð vel.<sup>36</sup> Strax að því loknu var hann settur landlæknir af landshöfðingja „eftir fyrirmælum ráðgjafans fyrir Ísland”.<sup>37</sup>

Einhver gagnrýni kom þó fram á kunnáttu Schierbecks þrátt fyrir að hann hafi staðist þetta próf,<sup>38</sup> einkum fyrir það að hann flutti fyrirlestra sína við Læknaskólann á dönsku.<sup>39</sup> Þessi gagnrýni fjaraði að mestu út á fyrsta starfsári hans, þó svo sumir hafi velt fyrir sér hvort veitingin gæti orðið fordæmisgefandi og „danskir menn [gætu orðið] hjer biskupar, prestaskólakennarar, yfirdómarar, rektórar o.s. frv”.<sup>40</sup>

Óánægjan með upphaf og tilurð embættisveitingar Schierbecks virðist hafa valdið nokkurri óeiningu meðal broddborgara Reykjavíkur. Árið 1883 skrifaði Lára Bjarnason í sendibréfi til Torfhildar Hólm skáldkonu:

Úr Reykjavík fréttist ekkert sérlegt, nema Splittelse bæjarins í tvö partí, út af Schierbeck landlækni. Hann vildi nefnilega komast inn í „Klub” (spila og drykkjuklub) „oddborgara” c: „aðalsins”, en af meðlimum klúbbsins voru sumir með honum, sumir mót, og hann fékk ekki inngöngu. Urðu þá meðhaldsmenn svo reiðir, að sumir, meðal þeirra biskup og Thorberg, sögðu sig úr klúbbum, og nú varð svo mikið hatur, að annað partíið gat varla séð

<sup>32</sup> Björn Jónsson, „Meira um landlæknisembættið.”, *Ísafold* 13. maí 1882, bls 37.

<sup>33</sup> Thora Friðriksson, *Föðurmíning*, bls. 52.

<sup>34</sup> Sama heimild.

<sup>35</sup> *Þjóðólfur* 2. nóvember 1882, bls. 96.

<sup>36</sup> Árni Óla, *Reykjavík fyrri tíma*, annað bindi, bls. 482.

<sup>37</sup> *Þjóðólfur* 2. nóvember 1882, bls. 96.

<sup>38</sup> Þrándur, „Landlæknis-embættið”, *Fróði* 13. janúar 1883, bls. 15.

<sup>39</sup> *Norðanfari* 8. janúar 1883, bls. 97.

<sup>40</sup> Þrándur, „Landlæknis-embættið”, *Fróði* 13. janúar 1883, bls. 17.

menn úr hinu. En svo var farið að sleikja úr biskupi og Thorberg, og lofað að taka Schierbeck inn, ef þeir kæmu aftur, og það varð.<sup>41</sup>

## 2.2 Elexírar.

Schierbeck ávarpaði Íslendinga í fyrsta sinn í blaðinu *Ísafold* um fimm mánuðum áður en hann tók við landlæknisembættinu.<sup>42</sup> Þetta var stutt aðvörun um að nota ekki svokallaðan Brama-lífselexír. Með þessu var hann ekki að ráðast á garðinn þar sem hann var lægstur.

„Braminn“ var einn af hinum fjölmörgu leyndar- eða undralyfjum sem gengu eins og bylgja bæði austanhafs og vestan um þetta leyti. Þessi svokölluðu bitterlyf voru ekki lyfseðilsskyld<sup>43</sup> og áttu flest að geta læknað allt milli himins og jarðar.<sup>44</sup> Innihald þeirra var ávallt leyndarmál,<sup>45</sup> til að auka á mystíkuna, en forsenda sölu, útbreiðslu og vinsælda þessara lyfja var ætíð kröftug auglýsingaherferð. Það sama var upp á teningnum hér á Íslandi, en þessi lyf fóru að berast hingað til lands frá Danmörku um 1880.<sup>46</sup>

Það má fastlega gera ráð fyrir því að Schierbeck, sem aldrei hafði komið til Íslands, hafi frétt af uppgangi þessara lyfja í gegn um Mórítz Halldórsson Friðriksson, eða aðra íslenska féлага sína. Hann fer í greininni hörðum orðum um elexírinn, talar um „skaðlega lyfja-blöndu“, og prang „bragðakarlananna“, en beindi síðan orðum sínum til íslendingsins sem þýddi auglýsingu elexírsframleiðandanna og sagði: „það er sorglegt að íslenzkur maður skuli hafa haft svo litla virðingu fyrir sjálfum sjer og borið svo litla ást til fósturjarðar sinnar, að vilja stuðla að því, að skaðræði þetta verði útbreitt og notað á Íslandi með því að þýða á íslenzku lofgreinina um það“.<sup>47</sup>

Það gæti þótt dálítið einkennilegt að danskur maður vísi svona til þjóðernislegra tilfinninga lesenda og það er vel hugsanlegt að þessi hluti greinarinnar hafi meira eða

<sup>41</sup> Lára Bjarnason, bréf til Torfhildar Hólm, 12.febrúar 1883, *Konur skrifa bréf*, bls. 238-239.

<sup>42</sup> Fyrir einhverja tilviljun var það sama dag og Jón Hjaltalín andaðist, og birtist dánartilkynningin fyrir neðan grein Schierbecks.

<sup>43</sup> Þau voru flutt inn sem matarbittegar og upphaflega seld sem lyf til gegn meltingartruflunum.

<sup>44</sup> Vef: J.H.Young, „The Toadstool Millionaires“.

<sup>45</sup> Erlendis innihéldu leyndarlyfin oft kröftug verkjastillandi efni svo sem ópíum, laudenum, kókaín eða heróín,(sjá J.H.Young, „The Toadstool Millionaires“) en engar vísbendingar eru fyrir því að svo hafi verið með Bramann eða þau lyf sem seld voru hér á landi. Hinsvegar voru þetta allt áfengir drykkir.

<sup>46</sup> Smári Geirsson, *Frá eldsmíði til elexírs*, fyrri hluti, bls. 141.

<sup>47</sup> H.J.G. Schierbeck, „Aðvörun um að hafa ekki »Brama-Livs-Elixir«, *Ísafold* 8. júní 1882, bls. 48.

minna komið frá Ólafi Davíðssyni, sem þýddi hana fyrir Schierbeck,<sup>48</sup> en Schierbeck hefur samt sem áður gert sér vel grein fyrir stöðu þessara mála á Íslandi.

En elixírssölumenn voru engin lömb að leika sér við og þegar menntamenn stungu niður penna til að andmæla vörum þeirra svöruðu þeir oftast fullum hálsi. Í þessu tilfalli héldu þeir Mansfeld-Büllner & Lassen (fyrirtækið sem framleiddi og dreifði Bramanum á Íslandi) því fram að hinn danski læknir væri að reyna að koma sér í mjúkinn hjá Íslendingum: „Skyldi svo vera, að áleitnisgrein hr. Schierbecks væri af þeim rótum runnin, að hann ætlaði sjer að vinna hylli almennings á Íslandi, þar sem hann nú sækir um landlæknisembættið þar.“<sup>49</sup>

Viðskipti með þessa vöruflokka virðast hafa verið nokkuð mikil á þessum árum, jafnt hér á landi sem annars staðar, þótt erfitt sé að afla sér nákvæmra upplýsinga um hversu mikið var flutt inn og selt af þessum leyndarlyfjum. Til marks um gróðavonina má taka sem dæmi að á árunum 1880-1915 voru nánast stöðugar auglýsingar fyrir eitthvert þessara lyfja í flestum blöðum landsmanna og stundum voru auglýsingarnar notaðar til að ófrægja aðra framleiðendur eða aðra vöru.<sup>50</sup> Það er líka til marks um mikla sölu, að þegar innflutningshöft voru sett á þessi efni árið 1899,<sup>51</sup> tóku framleiðendur eins lyfsins (Kína-lífselexírs) það til bragðs að flytja hluta framleiðslunnar til Íslands og var verksmiðja sett upp á Seyðisfirði sem starfaði sleitulaust frá 1906-1915. Þar störfuðu að jafnaði 10-15 manns og var alltaf nóg að gera.<sup>52</sup>

Þannig áttu Schierbeck og eftirmaður hans Jónas Jónassen við ramman reip að draga, og gátu landlæknarnir lítið annað gert annað en að höfða til almennrar skynsemi .

Að öðru leyti er ekki hægt að sporna við útbreiðslu slíkra lyfja öðru vísi en að vara almenning við að láta draga sig á talar; en hvern ávöxt slíkar viðvaranir bera, það veit maður á hinum gamla máls-hætti: *mundus vult decipi* (heimurinn vill tælast láta). Og fyr en sá tími kemur, að náttúrufræðisleg menntun verður miklu algengari meðal almennings en nú gerist, mun þetta naumast breytast til muna.<sup>53</sup>

<sup>48</sup> Ólafur Davíðsson, *Ég læt allt fjúka*, bls. 252.

<sup>49</sup> Mansfeld-Büllner & Lassen, „Aðvörun hr. Schierbecks um að hafa Brama-lífs-elixír“, *Ísafold* 5. ágúst 1882, bls. 74.

<sup>50</sup> Samkeppnin var á tíðum geysihörð, sjá t.d. baráttuna milli *Brama-Livs Elexírs* og *Brama-Lífs Essens* sem var á síðum blaðanna 1884. (t.d. *Ísafold* 2. júlí og 26. nóvember 1884).

<sup>51</sup> Lög nr. 26, 11. nóv. 1899. *Stjórnartíðindi 1899, A*, bls. 176-185.

<sup>52</sup> Smári Geirsson, *Frá eldsmíði til elixírs*, fyrri hluti, bls. 156-164.

<sup>53</sup> H.J.G. Schierbeck, „Viðvörun gegn Brama-lífselixír“, *Ísafold* 28. janúar 1885, bls. 14-15.

Schierbeck nefndi einnig í sömu grein að löggjafinn einn gæti reynt að hamla gegn þessum innflutningi með banni á sölu og dreifingum. *Suðri* tók upp orð hans stuttu síðar og mælti með að lagður yrði hár tollur á leyndarlyfin.<sup>54</sup> Það varð reyndar raunin 15 árum síðar,<sup>55</sup> og mætti segja að þar hafi Jónas Jónassen lagt sitt að mörkum í baráttunni við elexírana, því hann sat á þingi á þeim tíma. Sjálfur var hann ekki flutningsmaður að því frumvarpi til laga er lagði á þennan háa toll, en studdi það.<sup>56</sup> Við áfengissölubannið 1915 lagðist innlenda framleiðslan einnig niður.

### 2.3. Sjúkrahúsmálið.

Þegar Schierbeck kom til landsins, 1882, ríkti ákveðið millibilsástand í sjúkrahúsmálum Reykvíkinga. Sjúkrahús hafði verið starfrækt við suðurenda Aðalstrætis (Kirkjustræti 2) allt frá 1866,<sup>57</sup> í húsi er kallaðist „Klúbburinn“ en var oft uppnefnt „Okakerið“ vegna sérstakrar lögunar.<sup>58</sup> Þó svo Jón Hjaltalín telji 1871 að þarna megi vista 20-30 sjúklinga,<sup>59</sup> hafði spítalinn sjaldnast fleiri en 14 rúm<sup>60</sup> og varla að það nægði lengur fyrir vaxandi íbúafjölda bæjarins, auk þess sem Læknaskólinn var staðsettur í sama húsi. Spítalinn var líka í sambýli við annarskonar rekstur, því á neðri hæð hússins var aðalsamkomuhús Reykvíkinga, danssalur, veitingahús og ferðamannagististaður,<sup>61</sup> og þótti þetta nábýli afar óhentugt.

Árið 1881 lagði Hilmar Finsen landshöfðingi það til við stjórnina að veitt yrði fé á fjárlögum árána 1882-1883 til að standa straum af nýju sjúkrahúsi sem myndi kosta á bilinu 30-40 þúsund krónur, en því var hafnað.<sup>62</sup> Ætlast var til að sjúkrahúsfélagið (undir forystu Jónassens) sæi að mestu leyti sjálft um fjármögnuna, þá með sölu hússins í Aðalstræti, og var það selt skoskum fatakaupmanni, William Tierney, fyrir 8000 krónur.<sup>63</sup>

<sup>54</sup> *Suðri* 13. mars 1885, bls 26.

<sup>55</sup> Lög nr. 26, 11. nóv. 1899. *Stjórnartíðindi 1899, A, bls. 176-185.*

<sup>56</sup> *Alþingistíðindi 1899, A, d. 291-292.*

<sup>57</sup> Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*, síðara bindi, bls. 84.

<sup>58</sup> Guðmundur Ingólfsson, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Hjörleifur Stefánsson, *Kvosin*, bls. 205-206.

<sup>59</sup> Jón Ólafur Ísberg, *Líf og lækningar*, bls. 307.

<sup>60</sup> Vilmundur Jónsson, *Sjúkrahús og sjúkraskýli á Íslandi í hundrað ár*, bls. 6.

<sup>61</sup> Jón Ólafur Ísberg, *Líf og lækningar*, bls. 306.

<sup>62</sup> Árni Óla, *Reykjavík fyrri tíma*, annað bindi, bls.41.

<sup>63</sup> Jón Ólafur Ísberg, *Líf og lækningar*, bls. 335.

Með þessum frekar takmörkuðu fjárráðum hóf félagsstjórnin undirbúning nýrrar spítalabyggingar og gerði fyrst samning við Jakob timbursmið Sveinsson um bygginguna,<sup>64</sup> en hún skyldi vera timburhús, staðsett á útmældri lóð sunnanmegin fyrir ofan Latínuskólann.

Stuttu eftir komu sína til landsins gerðist Schierbeck meðlimur í sjúkrahúsfélaginu og viðrar þar tillögur sínar um sjúkrahúsið, en þær voru afar ólíkar þeirra Jónassens og féлага. Hugmyndir Schierbecks snérust um mun veglegra hús, steinhús með rúmum fyrir minnst 40 sjúklinga. Þessar tillögur leggur hann fram á félagsfundi 2. janúar 1883, og urðu „miklar umræður“ um málið.<sup>65</sup> Hann bað einnig um frest á því að tekin yrði ákvörðunum bygginguna, og ætlaði sennilegast að nýta þann frest til að vinna máli sínu fylgis hjá landsstjórn og alþingi. Hann skrifaði einnig Íslandsmálaráðuneytinu í Kaupmannahöfn milliliðalaust og reifar þar sínar hugmyndir, einkum með tilliti til þess að slík sjúkrastofnun gæti orðin n.k. Landsspítali Íslendinga.

Et saadant Hospital vil utvivlsomt have sin store Betydning for hele Landet, og dets Plads maa absolut være i Reykjavik, hvor det talrigste og mest övede Lægepersonale er for Haanden, og ingen Parallel mellem et saadant Hospital i Reykjavik og smaa Sygehuse hist og her i Landet vil for Alvor kunne drages, hvor ønskelig Oprettelsen af saadanne smaa Sygehuse omkring i Landet ellers kunne være.<sup>66</sup>

Hann senti alþingi fyrirspurn þann 6. júlí og bað þar um framlag upp á 20.000 krónur sem stofnfjárveitingu fyrir byggingu húss úr steini.<sup>67</sup> Þessar umleitanir Schierbecks fengu litlar undirtektir og á aðalfundi sjúkrahússfélagsins þann 7. nóvember lagði Jónassen fram teikningu af fyrirhuguðum spítala frá Helga húsasmið Helgasyni.<sup>68</sup> Tillagan var samþykkt í einu hljóði af félagsmönnum,<sup>69</sup> en á fundinn vantaði Schierbeck og sjö aðra félagsmenn.

Vangá réð áreiðanlega ekki tómlætinu um samráð við hinn nýja landlækni um fyrirhugaða sjúkrahúsbyggingu, heldur hitt, að illvígur flokkadráttur hafði orðið við skipun landlæknisembættisins, og var Schierbeck hingað kominn í

<sup>64</sup> Þí. *Gjörðarbók Sjúkrahúsfjelagsins*, 1863-1890, 21. október 1882.

<sup>65</sup> Sama heimild, 2. janúar 1883.

<sup>66</sup> Þí. *Bréfabók Landlæknisins á Íslandi 1883-1894*, 1. febrúar 1883.

<sup>67</sup> Sama heimild, 6. júlí, 1883.

<sup>68</sup> Sem hafði tekið við verkinu af Jakobi Sveinssyni.

<sup>69</sup> Þí. *Gjörðarbók Sjúkrahúsfjelagsins*, 1863-1890, 7. nóvember 1883.

allmikilli óþökk ýmissa heldri manna höfuðstaðarins og ekki sízst aðalráðamanna sjúkrahússfélagsins.<sup>70</sup>

Þó að Schierbeck hafi vitað af þessu fundi, og hafi sennilegast séð uppdrátt spítalabyggingarinnar, virðist þessi ákvörðun samt hafa komið honum á óvart, því að hann reyndi, ásamt þeim sjö félagsmönnum sem fjarverandi voru af fyrri fundinum, að fá samþykktina ógilta,<sup>71</sup> en allt kom fyrir ekki og Sjúkrahús Reykjavíkur var byggt í Þingholtsstræti 1884. Það vekur reyndar athygli að síðasti áfangi hússins var reistur þegar Schierbeck er erlendis (frá júlí til október 1884,<sup>72</sup>) og húsið fullbúið þegar hann kom tilbaka. Í *Ísafold* segir:

Það er snoturt hús, þessi nýi spítali, en æði smásmíðislegur, svona kannske á borð við íbúðarhús í vænna meðallagi. Fjórtán herbergis-holur, að meðtöldum þak-klefum á efsta lopti. Það hlýtur að þurfa bæði heppni og lag til að hrinda svo af sjer aðsókn sjúklinga, að slík kytra reynist ekki von bráðar mikils til of lítil.<sup>73</sup>

Og ritstjóri *Ísafoldar* var ekki sá eini er gagnrýndi bygginguna, Schierbeck skrifaði einnig um þær takmarkanir sem hann sá, svo og bráðlæti sjúrahússfélagsins.

...ljét nefndin þó smíða þennan hinn nýja spítala, þrátt fyrir beztu vonir um, að alþingi mundi taka málið fyrir aptur á næsta þingi, þrátt fyrir allmikl mótspyrnu af hálfu sumra fjelagsmanna, þrátt fyrir ónógt fje, og þrátt fyrir þekkingarskort á því, hversu spítala ætti að vera fyrir komið, svo hagkvæmur og haganlegur yrði.

Hann var þó ekki á því að gefast upp.

Með því að hús það, sem hjer ræðir um, hefir með öllu mistekizt til spítala, væri það heppilegast, að landsjóðurinn með aðstoð Reykjavíkur, eptir nánara samkomulagi, kostaði alveg nýjan spítala, en fengi hið nýja spítalahús til eignar

<sup>70</sup> Vilmundur Jónsson, *Líf og lækningar*, bls. 330.

<sup>71</sup> Sama heimild, bls. 334.

<sup>72</sup> *Ísafold* 28. maí bls. 88 og 15. október 1884, bls. 161.

<sup>73</sup> *Ísafold* 15. október 1884, bls. 161.



og umráða, og mætti þá hafa það til Læknaskóla og ef til vill til spítala handa geðveikum mönnum.<sup>74</sup>

Schierbeck varð tíðrætt um aðstöðuleysi geðsjúklinga, en hann taldi, í samræmi við nýjustu kenningar, að geðveiki væri fullkomnlega læknanlegur sjúkdómur.

Jónassen svaraði grein Schierbecks og nefndi það sem voru ef til vill hans sterkustu rök gegn því að byggja of stóran eða of veglegan spítala.

Aðal-orsökin til þess, að aðsóknin að spítalanum hjer er og hefir verið svo lítil, er einkum *fátæktin*. Þetta er mjer kunnugra en bæði yður [ritstj. *Ísafoldar*] og landlækninum, með því að jeg nú í 16 ár hefi fengizt við lækningar hjer og jafnlengi verið læknir spítalans. Jeg hefi ráðið sjúklingum svo mörgum hundruðum skiptir að leggjast á spítalann ; en einatt hefir viðkvæðið verið, að þeir hefðu eigi efni á því.

Hann benti einnig á að landlæknirinn nýi var ekki heimamaður:

En hins vegar hygg jeg, án þess að jeg vilji styggja herra landl. í nokkru, að jeg hafi miklu meiri reynslu og þekking en hann um það, hvernig tilhagar hjer á landi og hvað þörfum vorum Íslendinga gegnir bezt. Þetta gæti ef til vill jafnað upp það, sem mig skortir á við herra landl. í þekkingu á spítölum erlendis.<sup>75</sup>

Schierbeck svaraði Jónasi nokkuð röggssamlega, fór yfir herbergisskipan hússins, tíundaði alla vankanta og sagði síðan:

Hið gamla sjúkrahús var svo óþrifalegt og því svo óhaganlega fyrir komið, að þeir sem efni höfðu til að borga fyrir sig, gátu eigi fengið af sjer að leggjast þar; en þegar hinir efnaðri vildu eigi leggjast þar og hinir fátæku gátu það eigi, þá er engin furða, þótt aðsóknin yrði lítil. Það ber stundum við, að framandi menn sjá betur, hvað að er, heldur en þeir sem fyrir eru. ... Að fátæktin ræður miklu um hina litlu aðsókn að spítalanum, veit jeg vel; þess vegna hefi jeg líka talið það haganlegt og gagnlegt, ef Alþingi vildi greiða fje fyrir lækningu og hjúkrun 4-6 sjúklinga, sem læknishjálpar þurfa.<sup>76</sup>

<sup>74</sup> H.J.G. Schierbeck, „Spítalinn og læknaskólinn í Reykjavík“, *Ísafold* 29. október 1884, bls. 170.

<sup>75</sup> Jónas Jónassen, „Hinn nýi spítali í Reykjavík“, *Ísafold* 5. nóvember 1884, bls. 175.

<sup>76</sup> H.J.G. Schierbeck, „Enn um hinn nýja spítala í Reykjavík“, *Ísafold* 12. nóvember 1884, bls. 179.

Þessari síðastnefndu hugmynd hrinti hann sjálfur í framkvæmd með „gefins klinik“ fyrir fátæklinga.<sup>77</sup> Athyglisvert er að sjá að Guðmundur Magnússon (síðar prófessor) komst nokkru síðar að sömu niðurstöðu er hann skrifaði um dræma aðsókn að sjúkrahúsinu í Þingholtsstrætinu, þ.e. að það væri of dýrt fyrir fátæka og þótti of lélegt fyrir hina efnuðu.<sup>78</sup>

En þó að Schierbeck og Jónas Jónassen hafi deilt um þetta mál er ekki þar með sagt að þeir hafi verið á öndverðum meiði, eða eins og Vilmundur Jónsson fyrrum landlæknir kemst að orði:

Afstaða hinna stríðandi lækna og starfsbræðra til sjúkrahúsmálsins var þó undir niðri ekki eins fjarskyld og þeir deildu hart. Báðir hefðu í raun og veru kosið hina sömu lausn. Báðir fundu vissulega til þarfar landsmanna fyrir sjúkrahús af þeirri gerð, sem Schierbeck sá fyrir sér og æskti eftir. Það, sem skildi, var vantrú heimamannsins á þann stórhug alþingis, sem þurfti til þess, að slíku sjúkrahúsi yrði komið upp í nálægri framtíð...Og það, sem meira var; hann trúði ekki heldur á fjárhagsgetu og menningu almennings til að nota sér að ráði slíkt sjúkrahús, þó því yrði með einhverju móti komið upp.<sup>79</sup>

Schierbeck átti eftir að starfa og kenna við þetta óhentuga sjúkrahús næsta áratuginn og kvartaði ekki yfir því, að minnsta kosti ekki opinberlega.

## 2.4. Kirkjugarðurinn í Aðalstræti.

Schierbeck var giftur Ina Ragnhilda (f. 1850) og áttu þau börnin Aage (f. 1871), Axel (f. 1874) og Ebbu (f. 1879) þegar þau fluttust til Íslands. Fjórða barnið bættist við 1884.<sup>80</sup> Fjöldskyldan mun hafa fylgt Schierbeck með skipinu Valdimar veturinn 1882. Hjónin voru fyrst til húsa í Glasgowhúsinu við Vesturgötu 5 og sagði Schierbeck svo frá að það hafi verið hentugt fyrst um sinn, þar sem hann var á stöðugum hlaupum eftir Aðalstrætinu milli heimilisins og gamla spítalans til að fylgjast með sjúklingum og hættulegum eftirblæðingum sem voru oft fylgifiskar skurðaðgerða á þessum árum.<sup>81</sup> Það kom þó fljótt að því að fjöldskyldan vildi komast í varanlegra húsnaði og í upphafi

<sup>77</sup> *Þjóðólfur* 11. nóvember 1887, bls. 204.

<sup>78</sup> Guðmundur Magnússon, *Læknaskólinn og Landspítalin*, bls.3.

<sup>79</sup> Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga*, bls. 342.

<sup>80</sup> Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi*, bls. 668.

<sup>81</sup> Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga*, bls. 591.

árs 1883 fór Schierbeck að svipast um eftir heppilegri byggingarlóð þar sem hann gæti reist henni hús.

En hann gerði þó nokkuð sérstakar kröfur, því hann vildi líka hafa garð og það ekki lítinn. Af þeim ástæðum fór hann þess á leit við bæjarstjórnina að fá að reisa hús sitt við gamla kirkjugarð Víkurkirkjunnar, og fá garðinn leigðan í því augnamiði að rækta hann upp.

Þessi blettur, sem var á horni Aðalstrætis og Kirkjustrætis, hafði verið kirkjustæði Reykvíkinga sennilegast frá kristnitöku og allt fram til 1792 þegar síðasta kirkjan þar var rifin. Kirkjugarðurinn var áfram í notkun um skeið, en þegar hér var komið við sögu voru um 40 ár frá því seinast var jarðsett í honum,<sup>82</sup> en lóðin hafði að mestu verið sléttuð og breytt í tún með örfáum sjáanlegum legsteinum.

Fyrirætlun Schierbecks var samþykkt af byggingarnefnd,<sup>83</sup> en vakti strax hörð viðbrögð hjá ýmsum bæjarbúum, einkum Þorláki Ó Johnson kaupmanni. Hann taldi alveg ótækt að landlæknirinn nýi fengi þennan fornhelga stað, þar sem áar Reykvíkinga hvíldu (þar á meðal langafi hans og langamma), undir húsagrunn og kálgarð. Því boðaði Þorlákur til borgarafundar til að mótmæla þessum fyrirætlunum og í framhaldi af honum lagði hann fram formlega áskorun til bæjarstjórnar, undirritaða af fundarmönnum, þar sem þessum fyrirætlunum var harðlega mótmælt.<sup>84</sup>

Talsverðar umræður urðu í bæjarstjórn um þetta mál, en endanlegri ályktun var hinsvegar frestað þar til umsögn byggingarnefndar lægi fyrir, svo og nákvæmari útskýringar frá landlækninum um hvar hann ætlaði að reisa hús sitt og hvað hann ætlaði að gera við garðinn.<sup>85</sup>

Það er hugsanlegt að Schierbeck hafi upphaflega ætlað að reisa húsið í gamla kirkjugarðinum sjálfum en breytt þeim fyrirætlunum þegar í ljós komu mótbárur og andúð bæjarbúa. Hann skýrði því bæjarstjórn frá því að hann ætlaði að reisa húsið norðan við spilduna, en garðinn sjálfan vildi hann nota undir ræktunartilraunir.<sup>86</sup> Það er skemmst frá því að segja að bæjarstjórn lét mótmælin sem vind um eyru þjóta og samþykkti fyrirætlanir Schierbecks á fundi þann 5. apríl 1883, en með skilyrðum þó:

<sup>82</sup> Guðmundur Ingólfsson, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Hjörleifur Stefánsson, *Kvosin*, bls. 28.

<sup>83</sup> Lúðvík Kristjánsson, *Úr heimsborg í grjótaþorp*, bls. 251.

<sup>84</sup> Sama heimild, bls. 252.

<sup>85</sup> Árni Óla, *Reykjavík fyrri tíma*, annað bindi, bls. 483.

<sup>86</sup> Sama heimild, bls. 483. Það má einnig geta þess, að til þess að koma húsi sínu fyrir utangarðs, þurfti Schierbeck að kaupa sneiðar af tveimur öðrum lóðum, svo að húsið kæmist fyrir (*Reykjavík fyrri tíma*, bls. 484).

1. Að hann [landlæknirinn] fái nefndan kirkjugarð til eignar<sup>87</sup> til aldingarðs, en ekki til kálgarðsræktunar.
2. Að hann umgirði hann strax með sterkri og laglegri girðingu, sem forsvaranlega sé við haldið.
3. Árlegt eftirgjald borgi hann með 25 krónum í bæjarsjóð.
4. Ekkert má hann láta burt af nefndri lóð, nema með leyfi bæjarstjórnar.
5. Án samþykkis bæjarstjórnar má hann ekkert á lóð þessari byggja né láta byggja.<sup>88</sup>

Schierbeck gekk að sjálfsögðu að öllum þessum skilmálum. Í kring um þessa spildu, sem mun hafa verið tæplega hálf ekra (um 2000 fermetrar), reisti hann völdugan skíðgarð,<sup>89</sup> en ekki í því augnarmiði að fara svo kórrétt eftir fyrirmælum bæjarstjórnar, eða þá að halda bæjarbúum utangarðs. Skíðgarðurinn átti eftir að hafa úrslitaáhrif á það starf sem fór fram innan garðs, og munum við skoða það starf síðar í þessari ritgerð.

---

<sup>87</sup> Sennilegast um villu að ræða, því Schierbeck „átti“ aldrei garðinn, en leigði hann fyrir 25 kr. á ári (sjá lið nr. 3).

<sup>88</sup> Árni Óla, *Reykjavík fyrri tíma*, annað bindi, bls. 483.

<sup>89</sup> Sama heimild, bls. 484.

### 3. LÆKNIRINN.

Það voru einkum tveir þættir í læknisstarfi Schierbecks hér á landi sem mætti kalla nýjungar, eða boðuðu að minnsta kosti nýjar áherslur í lækningum, það voru smitvarnirnar hans og handlækningarnar. Smitvarnirnar byggðu, eins og áður var nefnt, á aðferðum Listers og fólust í því að varna því að smit bærisk í opin sár með því að búa um þau með þéttum umbúðum, dreyptum sýkladrepani efnum. Einkum var notuð karbólsýra (fenól) og allur sárabumbúnaður vættur upp úr þynntri blöndu hennar, og sárið oftast þéttvafið slíkum umbúnaði. Schierbeck trúði því, eins og aðrir læknar á hans tíma og kenningar Listers gerðu ráð fyrir, að loft væri ein helsta smitleiðin<sup>90</sup> og hentugast væri að búa svona þétt um sárið til að varna því að sóttmengað loft að kæmist að því, jafnframt því að reyna að dauðhreinsa loftið í kring um sjúklinginn meðan á aðgerð stóð. Þetta síðarnefnda var framkvæmt með svokölluðu „karbólúða“ en það var lítið gufuknúið apparat sem úðaði þynntri karbólblöndu stöðugt yfir aðgerðasvæðið. Schierbeck hafði annaðhvort komið með slíkt tæki með sér, eða þantað það fljótlega eftir að hann kom til Íslands, því það er komið á skrá yfir verkfæri Læknaskólans 1884.<sup>91</sup>

Aðferðir Listers höfðu lítt verið nýttar hér á landi fram að þessu og þær ekki kenndar við Læknaskólann, þó svo handlækningakennararnir Jónas Jónassen og Tómas Hallgrímsson hafi þekkt þær, líkt og Jón Hjaltalín svo og aðrir leikmenn er létu sig heilbrigðismál varða.<sup>92</sup> Ein ástæða þess að Læknaskólastjórnendur tileinkuðu sér ekki þessar kenningar fyrir daga Schierbecks gæti verið sú að erlendis hafi þessi aðferð helst skilað árangri á mannmörgum spítölum, svo sem með vörnum gegn barnsfrásótt eða öðrum ígerðasóttum, og voru tíðar á stórum sjúkrahúsum.<sup>93</sup> Hér á landi var slíkum meinum ekki til að dreifa á litlum sjúkrastofnunum er þjónuðu aðeins litlum hluta landsmanna.<sup>94</sup>

<sup>90</sup> Samkv. kenningum Pasteurs og kemur glöggst fram í fyrirlestri hans 1885 (sjá næsta kafla).

<sup>91</sup> Þí. *Bréfabók Landlæknisins á Íslandi 1883-1894*, ódagsett skjal frá árslokum 1884.

<sup>92</sup> Hómópatinn séra Jakob Guðmundsson nefnir t.d. aðferð Listers í bók sinni *Nokkur orð um almennar heilbrigðisreglur*, (bls. 19) er kom út 1882. Hann nefnir einnig Karbólsýru sem áhrifaríkt íblöndunarefni í hómópatískri meðhöndlun, bæði fyrir menn og dýr (bls. 19, 24 og víðar).

<sup>93</sup> Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga*, bls. 518.

<sup>94</sup> Undantekningar voru þó til á þessu, svo sem barnsfrásóttin á Ísafirði 1865 (sjá: Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga*, bls. 521-525).

Þessar nýju smiteyðingaaðferðir gögnuðust þó Schierbeck vel í handlækningum sínum, enda var það á því sviði er hann náðu mestum árangri.

...ný öld handlækninga er runnin á Íslandi með árinu 1883...Hann [Schierbeck] færir út svið útvortis handlækninga og verður hér brautryðjandi meiri háttar útlímaaðgerða, þ.á.m. liðhöggs stórra liða, en slíkar aðgerðir urðu fyrst almennt réttlætanagerlegar eftir tilkomu smiteyðingar, sem Schierbeck hafði fyllilega á valdi sínu, fyrstur allra lækna hér á landi.<sup>95</sup>

Því miður eru fáar heimildir til um læknisverk Schierbecks, því að hann virðist hafa tekið sjúkraskrár sínar með sér þegar hann fluttist af landi brott 1894. Þó er til úti í Danmörku skrá yfir handlækningaaðgerðir hans árið 1883 og þar eru nefndar 65 aðgerðir af ýmsum toga. Notaði hann sýklaeyðingaaðferðir Listers við allar þær, bæði hvað varðar umbúnað og karbólúða með góðum árangri.<sup>96</sup>

Fyrst um sinn fór ekki gott orð af Schierbeck meðal almennings. Lára Bjarnason tónlistarkennari skrifaði: „Sagt er og, að lækni þessi hafi heimtað 200 kr. fyrir að vitja sjúklings á Vatnsleysuströnd, og 50 kr. fyrir að taka fingur af kerlingu einni, og þykir því lítil von um hann verði notaður af almenningi”.<sup>97</sup> Samt virðist þessar sögusagnir (þ.e. ef þær voru sögusagnir) ekki hafa komið í veg fyrir að hann aflaði sér fljótlega vinsælda sem lækni og strax á sínu fyrsta ári sínu skráði hann 950 sjúklinga,<sup>98</sup> sem er ótrúlega há tala þegar haft er í huga að tveir aðrir lækna voru starfandi í Reykjavík. Það er einnig óvenjulegt ef tekið er tillit til þess að hann, sem landlækni, þurfti ekki að stunda almenn læknisstörf en segist hafa „gjört [það] sumpart af því, að mjer finnst mannúðin bjóða mjer það og sumpart af löngun til þess að þekkja með eigin augum heilbrigðisástandið hjer á landi”.<sup>99</sup>

Ýmsir (að Lára Bjarnason meðtalinni) héldu því þó fram að landlæknirinn nýi væri fégráðugur og maður er kallaði sig „fátækan sjúkling” skrifaði fyrirspurn í *Ísafold* þann 14. mars 1883 þar sem hann kvartar yfir því að Schierbeck hafi rukkað sig um 1 krónu fyrir læknisviðtal og lyfseðil, en lögum samkvæmt ætti hann einungis að gjalda 25 aura vegna fátæktar sinnar. Ritstjóri *Ísafoldar* tók undir ásökunina og skoraði á

<sup>95</sup> Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga*, bls. 590 og 593.

<sup>96</sup> Sama heimild, bls. 588.

<sup>97</sup> *Konur skrifa bréf*, bls. 239.

<sup>98</sup> Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga*, bls. 590.

<sup>99</sup> H.J.G. Schierbeck, „Svar upp á fyrirspurn í 6. bl. „Ísafoldar“ þ. á.“, *Ísafold* 23. apríl 1883, bls. 30.

landlækni að svara henni, því „umtal hefur verið um það efni, sem átt er við í fyrirspurn þessari”.<sup>100</sup> Schierbeck svaraði þessu stuttu síðar:

En af því að frítími minn, sem er af skornum skamti, varð á þann hátt alltof fullskipaður og margopt misbrúkaður, hef jeg neyðzt til að taka nokkra borgun fyrir lækningar mínar... Einnig hjelt jeg að borgun væri trygging fyrir því, að menn leituðu mín ekki að nausynjalausu,... Síðan 7. janúar hafa 419 sjúklingar komið heim til mín, sumir hvað eptir annað, fengið hjá mjer ráð og recept o.s.frv. Fyrir það hef jeg fengið 270 kr. En til alls konar umbindinga hef jeg brúkað 86 kr. Jeg vona þannig, að menn sjái, að jeg hef tekið nokkuð tillit til fátæklinganna, sem þurftu að fá gefin læknis-hjálp. Jeg áleit ekki, að hinn ónafngreindi „fátæki sjúklingur“ þyrfti, eptir því sem á stóð, að fá gefins læknishjálp.<sup>101</sup>

Framfarir á sviði sóttvarna voru mjög stórstígar á þessum árum, og næsta stóra skrefið á eftir smiteyðingunni (e. antiseptic), einkum hvað varðar skurðlækningar, var smitgátin (e. aseptic). Smitgátin tengist því þegar læknar gerðu sér grein fyrir að það eru ekki einungis loftbornir sýklar sem ollu sýkingum, því að mun meiri hætta stafaði af þeim er fluttust á milli með höndum og áhöldum. Því fóru vinsældir úðunartækja þverrandi, en í stað þeirra lögðu læknar áherslu á hreint umhverfi og að nota hrein (sótthreinsuð) áhöld. Skurðlæknarnir og aðstoðarfólk fór einnig að klæðast sloppum, höfuðklútum, grímum og hönskum til þess að koma í veg fyrir smit.

Þessar nýju aðferðir, er ollu straumhvörfum í skurðlækningum, komu fram á þeim árum er Schierbeck var landlæknir á Íslandi og því miður virðast þær að mestu leyti hafa farið fram hjá honum, þó hann hafi eflaust vitað af þeim.<sup>102</sup> Hann hélt sig við sama heygarðshornið og taldi loftbornar sýkingar vera höfuðorsök ígerða. Þetta íhaldssama sjónarmið olli því að þó hann hafi bersýnilega verið afar fær handlæknir, verður ekki það sama sagt um hann og allar greinar læknávisindanna. Um hæfni Schierbecks til skurðlækninga sagði Guðmundur Magnússon prófessor:

...ég hygg að hann hafi eigi verið neinn framúrskarandi skurðlæknir og tæpast fylgzt svo vel með sem þurfti til að skilja og framkvæma þær erfiðu skurð-

<sup>100</sup> *Ísafold* 14. mars 1883, bls. 24.

<sup>101</sup>, H.J.G. Schierbeck „Svar upp á fyrirspurn í 6. bl. „Ísafoldar“ þ. á.“, *Ísafold* 23. apríl 1883, bls. 29-30.

<sup>102</sup> Líkt og Jónassen og Hjaltalín vissu af smiteyðingunni.

lækningar, sem menn annarsstaðar voru farnir að gjöra og gátu framkvæmt án mikillar hættu fyrir sjúklinga.<sup>103</sup>

Skúli Árnason héraðslæknir (f.1865) minnst þess að Schierbeck hafi kvartað yfir aðstöðuleysi hér á landi og að ógjörningur væri að framkvæma skuraðgerðir ef engin aðstaða væri til þess.<sup>104</sup> Schierbeck sagði einnig að eftir að hann kom hingað til lands hafi hann gert fjóra eða fimm holskurði á sjúklingum, en misst þá alla sökum ígerða. Hafi hann því heitið því að framkvæma ekki fleiri fyrr en hér yrði reist sæmilegt sjúkrahús.<sup>105</sup> Þessi orð mun hann hafa látið falla ári áður en hann hvarf af landi brott, þannig að hann sá ekki ósk sína um betra sjúkrahús uppfyllta. Orðin lýsa einnig afstöðu læknis sem hefur ekki smitgátina (aseptikina) á valdi sínu, og telur því náttúrulega að umhverfi sé jafn mikilvægt, ef ekki mikilvægari, en verklag. Eitt dæmi nefndi Sigurður Magnússon héraðslæknir (f. 1866) frá læknaskólaárum sínum:

Í annað skipti fórum við piltar með Schierbeck út í næsta hús við Læknaskólann...þar lá maður með sullaveiki. Schierbeck tekur upp ástunguverkfæri og stingur inn á þremur stöðum, hvorum eftir annan, án þess að desinficera (sóthreinsa) nokkuð. Allar voru ástungurnar árángurslausar og þar með var sú læknishjálp búin. Maðurinn dó skömmu síðar.<sup>106</sup>

Þeim óvönduðu vinnubrögðum sem þarna er lýst koma sennilegast til af tiltrúnað Schierbecks á loftbornum sýkingum, sem hann hafði lært og taldi rétta. Næstu tímamót lækninga á Ísland má segja að verði með velheppnuðum sullaveikisskurði Guðmundar Hannessonar (f. 1864, síðar prófessors) á Sauðárkróki 1893, þar sem skilyrðin voru afar frumstæð, en velgengni hans byggðist á því að fara eftir reglum um smitgát í hvívetna.<sup>107</sup> Guðmundur Hannesson, ásamt nöfnum sínum Björnssyni (f. 1866, síðar landlæknis) og Magnússyni (f. 1863, síðar prófessor) var af næstu kynslóð lækna hér á landi, en það var hún er færði sýklavarnir og skurðlækningar inn í nútímann.

Af samskiptum og samvinnu Schierbecks við aðra lækna við sjúkrahúsið eru litlar sem engar heimildir. Þó segir Skúli Árnason að hann hafi aldrei orðið þess var að læknarnir bæru sig saman um sjúklinga, „enda var víst ekki sem bezt samkomulag milli

<sup>103</sup> Sæmundur Bjarnhéðinsson, „Guðmundur prófessor Magnússon“, bls. 80.

<sup>104</sup> Þetta var eftir að sjúkrahúsið í Þinholtsstræti var tekið í notkun.

<sup>105</sup> Vilundur Jónsson, *Lækningar og saga*, bls. 609.

<sup>106</sup> Sigurður Magnússon, *Æviminningar læknis*, bls. 59-60.

<sup>107</sup> Vilundur Jónsson, *Lækningar og saga*, bls. 614 og Guðmundur Jónsson, „Fyrsta skurðaðgerð Guðmundar Hannessonar prófessors“, bls. 70-74.



þeirra, þó við yrðum þess ekki varir eða þeir hefðu orð á því [við] okkur”.<sup>108</sup> Það er þó óhugsandi annað en að dauði þriðja kennarans við Læknaskólann, Tómasar Hallgrímssonar 1893,<sup>109</sup> hafi verið áfall fyrir bæði þá Schierbeck og Jónas Jónassen, því að banamein læknisins var sullaveiki í lifrinni. Bæði landlæknirinn og héraðslæknirinn þekktu þessa veiki mætavel og höfðu skrifað margt um hana báðir, og vissu að hún var fullkomnlega fyrirbyggjanleg. Og varla hefur það verið léttbært að vita af samstarfsmanni sínum þjást, því sagt var að hann hafi haft „langa og þunga legu“<sup>110</sup> áður en hann lést þann 24. desember.

---

<sup>108</sup> Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga*, bls. 609.

<sup>109</sup> Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi*, bls. 751.

<sup>110</sup> *Ísafold* 30. desember 1893, bls. 317.

#### 4. LANDLÆKNIRINN.

Starf landlæknis á seinni hluta 19. aldar gat verið nokkuð umfangsmikið. Hann hafði heilbrigðismál allrar þjóðarinnar á sinni forsjá, tók saman upplýsingar héraðslækna og ritaði árlega skýrslu um heilbrigðismál á Íslandi,<sup>111</sup> hafði eftirlit með héraðslæknum og lyfsölum og starfi þeirra, sá um innflutning og dreifingu bóluefna auk þess sem hann var forstöðumaður og kennari við Læknaskólann. Einnig sá hann, til að byrja með, um yfirsetukennslu og útskrift yfirsetukvenna.

Það er ekki annað að sjá en að Schierbeck hafi sinnt embættisstörfunum vel og kom hann á betra og fastara skipulagi en áður hafði þekkt. Í eftilmælum um hann segir:

En því verður trauðla á móti borið, að starfsemi Schierbecks í embætti hans var nýr og sterkur lífsstraumur í vorum litla, íslenska læknaheimi. Hann kom fastara og betra skipulagi á margt í lækna- og heilbrigðismálefnum og samkvæmara kröfum samtíðarinnar en áður var...<sup>112</sup>

Greinilegt er af bréfabók landlæknisins að innflutningur og dreifing bóluefna til héraðslækna og presta var veigamikill þáttur í starfi landlæknis á þessum árum, og vitna fjölmargar færslur það. Sama má segja um varúðarráðstafanir gegn farsóttum og dreifingu þeirra til landsins og lagði Schierbeck á það áherslu að Reykjavík kæmi sér upp góðu sóttvarnarhúsi. Hann gerði reyndar að tillögu sinni til landshöfðingja að Doktorshúsið á Hlíðarhúsalandi yrði nýtt sem slíkt, en taldi þó að til þess að ná betri árangri yrði að byggja lítið sóttvarnarhús nær hafnarsvæðinu þannig að ekki þyrfti að flytja sóttæma sjúklinga gegn um bæinn.<sup>113</sup>

<sup>111</sup> Þí. *Bréfabók Landlæknisins á Íslandi 1883-1894*, 15. október 1887 (fyrir árin 1883-1887), 29. Janúar og 31. desember 1888, (skýrslan hefur þá verið send í tveimur hlutum), 31. desember 1889, 31. desember 1890, 31. desember 1891, 31. desember 1892 og 31. desember 1893.

<sup>112</sup> Guðmundur Guðmundsson, „H.J.G. Schierbeck landlæknir“, *Óðinn* apríl 1915, bls. 2.

<sup>113</sup> Þí. *Bréfabók Landlæknisins á Íslandi 1883-1894*, 17. mars 1886. Í fjárlögum 1885 eru veittar allt að 500 kr. hvort árið 1886 og 1887 sem „borgun fyrir að eiga aðgang að húsum fyrir 6 sóttvarnarhús í 6 aðalkaupstöðum landsins“ (*Ísafold* 30. desember 1885, bls. 221.) Eðlilega hafa menn verið uggandi eftir mislingafaraldurinn 1882.

Farsóttavarnirnar gátu líka verið á mun persónulegri nótum, eins og þegar hann skrifaði frk. Thorgrímsson nokkurri, sem var nýkomin frá Kaupmannahöfn og var grunuð um að hafa kíghósta, að vinsamlegast hafa „stutta dvöl í bænum” og ekki umgangast börn.<sup>114</sup>

Hvað varðar eftirlit með héraðslæknum og lyfsölum kemur í ljós að ólíkt því sem Jón Hjaltalín hafði haldið fram um danska lækna var Schierbeck duglegur að ferðast og virðist hafa farið hringferð um landið (þá með póstskipinu) að minnsta kosti fimm sinnum, og sennilega oftar.<sup>115</sup>

Það verður hinsvegar seint sagt að Schierbeck hafi verið harður refsivöndur á þá lækna og lyfsala er brugðust í starfi sínu. Svo heppilega vildi reyndar til, að mjög fá slík mál komu upp í embættistíð Schierbecks, en þegar slíkt kom til kasta hans vildi hann síður beita hörku. Eitt dæmi um slíkt var mál Árna Jónssonar, héraðslæknis í 9. umdæmi (Skagafirði), en hann var snemma árs 1888 kallaður frá Glæsibæ (þar sem hann sat) til Miklabæjar til þess að vitja dauðvona sjúklings. Árni komst hinsvegar aldrei alla leið, því að hann var svo ofurölvi að nema þurfti staðar við Ósland, svo hann gæti sofið úr sér vímunu. Þegar komið var að Miklabæ daginn eftir, var sjúklingurinn látinn.<sup>116</sup> Þetta var kært til landshöfðingja ásamt tveimur öðrum málum sem tengdust ölvun Árna og vanrækslu.

Það þætti ekkert óeðlilegt að Schierbeck tæki hart á þessu máli, enda var hann mikill óvinur almenns drykkjuskapar (sjá síðar), en hann vildi þó ekki höfða sakamál á hendur Árna. Sagði hann svo í bréfi til landshöfðingja:

En jeg skal þó leyfa mjer að leggja til, að enda þótt það virðist alveg nauðsynlegt að beita eigi of miklum linleik, þegar um drykkjuskap er að ræða hjá embættismönnum...þá finnst mjer samt, að maður í þetta sinn gæti látið sér nægja með, að læknirinn borgi hæfilega sekt t.d. 50 kr., ef hann væri fús til þess, og að hann sleppi við málið.<sup>117</sup>

Schierbeck byggði þessa skoðun sína á því að hann hafði sjálfur verið í Skagafirði um sumarið, og hafði þá komist að því að engar frekari kvartanir höfðu verið lagðar

<sup>114</sup> Þí. *Bréfabók Landlæknisins á Íslandi 1883-1894*, 24. Júní 1886.

<sup>115</sup> Það er vitnað um þessi ferðalög í *Þjóðólfi* 26. maí 1883, bls. 66, *Austra* 17. júní 1885, bls. 43, *Þjóðviljanum* 26. júní 1888, bls. 91, og einnig í *Bréfabók Landlæknisins* 1. júlí 1885, 26. október 1888, og 17. júní 1892.

<sup>116</sup> Þí. *Bréfabók Landlæknisins á Íslandi 1883-1894*, 12. febrúar 1888.

<sup>117</sup> Sama heimild, 27. september 1888.

fram gegn Árna, þannig að hann hafi bætt sitt ráð.<sup>118</sup> Það sama er upp á teningnum í máli Guðmundar Schevings, aukalæknis á Seyðisfirði, sem fór í tveggja mánaða ferð til útlanda (til að leita sér lækninga) án þess að fá fyrir því formlegt leyfi. Eins og í máli Árna heimsótti Schierbeck lækninn (1888) og virðist hafa fengið það greinagóðar útskýringar að landlæknir var til í að sleppa honum með 25 kr. sekt, án frekari eftirmála.

Öllu alvarlegra var mál lyfsalans á Akureyri, Odds Thorarensen, sem seldi verslunarþjóninum Eggerti Snorrasyni lyf, þ.m.t. *laudanum* (ópíumblandað alkóhól), án þess að hann hafði nokkra skriflega tilvísun frá lækni, en sagðist einungis hafa haft munnlega tilsögn. Eggert fannst síðar látinn, væntanlega úr ofneyslu, en Schierbeck lagði einungis til að lyfsalinn fengi „alvarlega áminningu”.<sup>119</sup>

Í máli Odds Jónssonar, aukalæknis í Dýrafirði, sem var líkt og Árni Jónsson ákærður fyrir drykkjuskap og vanrækslu í starfi 1893, varð Schierbeck hinsvegar að beita meiri hörku, því þar fylgdu kærur frá 200 „trúverðugum og áreiðanlegum” mönnum. Oddur var leystur frá störfum.<sup>120</sup>

Það mætti segja að sjúkrahúsmálið, sem áður var nefnt, hafi bæði verið prófsteinn og stefnumarkandi mál fyrir landlæknistíð Schierbecks. Þó svo hann hafi haft háleitar hugmyndir um sjúkrastofnanir á Íslandi, var vilji þingsins eða fjárráð landssjóðs takmörkuð og þau ellefu ár sem Schierbeck var hér starfaði hann aldrei við betri húsakost en þann sem var í Þingholtsstrætinu, þó svo hann hafi af og til viðrað sínar skoðanir um endurbætur, bæði í greinum og með fjárbænum.<sup>121</sup> Vilmundur Jónsson landlæknir var á þeirri skoðun að viljaleysi þingsins átti sér rætur í þeim flokkadráttum er myndaðist um skipun landlæknisembættisins, og afleiðingar þess eltu Schierbeck alla tíð hans hér á landi

Líka bjó Schierbeck hér alla tíð við hálfgerða ónáð innlendra stjórnvalda, en daufheyrðust við hverri tillögu hans, er hann leitaðist við að hrinda heilbrigðismálum landsins fram á leið, og sá hann reyndar fljótlega, að þann stein var gagnslaust að klappa. Tilfinnanlegast var, að þetta hlaut líka að koma í veg fyrir, að nýttízkuleg handlæknisþekking hans nýttist sem skyldi...<sup>122</sup>

<sup>118</sup> Sama heimild, 27. september 1888.

<sup>119</sup> Sama heimild, mars 1889.

<sup>120</sup> Sama heimild, 27. maí 1893. Oddur var kominn aftur til starfa í 13. aukalæknishéraði 1894 (Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi*, bls. 575).

<sup>121</sup> Seinast með beiðni um 50.000 krónur fyrir Holdsveikraspítala 1893 (*Fjallkonan* 9. ágúst 1893, bls. 125).

<sup>122</sup> Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga*, bls. 570-571.

En landlæknisembættið snérist um margt annað en að berjast fyrir betri sjúkra- stofnunum. Til dæmis kom Schierbeck því til leiðar, eftir samkomulag við hina konunglegu blindrastofnun í Danmörku, að „blind, eða því nær blind, íslensk börn geta fengið inntöku á stofnunina og uppeldi þar með sömu kjörum og innlend dönsk börn”.<sup>123</sup> Engar heimildir eru fyrir því hvernig þessu var tekið, eða hve mörg börn fóru úr landi.

Sem fyrr segir innleiddi hann nýja þekkingu um notkun sóttvarna, bæði í praxis og í kennslu. Hóf hann fljótlega að uppfræða almenning um nýjar kenningar um þessi mál, m.a. með fyrirlestri er hann hélt í febrúar 1885 og var sá fyrirlestur gefin út í *Tímariti Hins íslenska bókmenntafélags* sama ár.<sup>124</sup> Þar reyndi Schierbeck að útskýra fyrirbrigðið bakteríur á einfaldan hátt og þátt þeirra í ígerðum. „Ýmsir fræðimenn hafa sannað það með yfirgripsmiklum rannsóknum, að engin ólgugerð getur átt sjer stað, nema því að eins að gerðar-sveppur sje í efni því sem gerð skal koma í...“<sup>125</sup> Hann notaði einnig sýnidæmi.

Þá er organísk efni eða vökvar, einkum þau, er innihalda köfnunar-lopt, t.a.m. kjöt, liggur svo, að loptið leikur um það í mátulegum hita og raka, þá sjáum vjer, að það leysist sundur, og myndast þá illþefjuð efni, er eitra loptið í kring. Ef vjer skoðum vandlega í stækkunargleri slíkt kjötstykki, meðan það er að rotna, þá munum vjer ávallt finna fjölda af bakteríum í því. Fyrir fjórum dögum tók jeg lítið eitt af nýju nautakjöti og ljet í litla flösku, sem jeg síðan fyllti með vanalegu vatni; en ef kjöt þetta er rannsakað, mun mega finna þar urmul af bakteríum...<sup>126</sup>

Schierbeck hafði smásjá meðferðis, og leyfði viðstöddum að skoða smákvikindin.

Í fyrirlestrinum lagði hann mikið upp úr góðu lofti í húsum og hreinu neysluvatni til að viðhalda heilbrigði og lagði í framhaldi áherslu á hin *antiseptísku* fræði.<sup>127</sup> Meðal þess sem hann ræddi var umbúnaður sára, dauðhreinsun þeirra og

<sup>123</sup> *Þjóðólfur* 9. október 1891, bls. 196.

<sup>124</sup> H.J.G. Schierbeck, „Um bakteríur (sótt næm smákvikindi m. m.)“, 1885.

<sup>125</sup> Sama heimild, bls. 111.

<sup>126</sup> Sama heimild, bls. 112-113.

<sup>127</sup> Sama heimild, bls. 117-121. Gæta skal þess að rugla ekki saman *antiseptískum fræðum*, þar sem bakteríudrepandi efnum svo sem fenól er notað við umbúnað sára (og jafnvel sem loftúði yfir aðgerðarsvæðinu) og *aseptískum fræðum* er komu síðar og byggjast á því að allt umhverfi aðgerðarsvæðisins, áhöld, hendur lækna o.s.frv. séu sótthreinsuð.

umbúða, og þegar hann talaði um sáraumbúðir, nefndi hann sérstaklega íslenska afurð er nýst gæti í umbúðir, en það er mosinn. Hann tilgreindi þó ekki mosann vegna einhverra „herbalískra“ eiginleika, hann var einfaldlega svo rakadrægur.<sup>128</sup> Að sjálfsögðu yrði að sótthreinsa hann og pakka honum inn í léreft, áður en hann yrði borinn að sárinu. Þetta er einmitt sú aðferð sem Guðmundur Hannesson notaði við fyrrnefnda sullaveikisaðgerð á Sauðárkróki 1893,<sup>129</sup> og er ekki óeðlilegt að álíta að hugmyndina hafi hann fengið frá Schierbeck.

Alla sína landlæknistíð var Schierbeck mjög ötull um að uppfræða almenning um heilbrigðismál, þó svo hann hafi aldrei gefið út sérstakt rit um það.<sup>130</sup> Nýtti hann sér frekar blöð og tímarit og skrifaði fjöldann allan af greinum um heilbrigðismál þau ár sem hann var hér landlæknir. Hann var nokkuð stórhuga í upphafi og ætlaði að rita reglulegar ráðleggingar til almennings um ýmsa sjúkdóma og heilbrigðismál og skyldu þær birtast neðanmáls í nokkrum blöðum.<sup>131</sup> Lesendur gætu síðan klippt út þessar greinar, safnað þeim og jafnvel látið binda þær inn.<sup>132</sup> Honum tókst hinsvegar ekki að halda þessum ritsmíðum áfram og komu einungis tvær slíkar greinar út.<sup>133</sup>

Hvað varðar almennar greinar um heilbrigðismál, gerði hann nokkuð af því að koma skoðunum sínum (og embættisins) á framfæri. Hann skrifar varnaðargreinar um sullaveikina,<sup>134</sup> kemur alloft með viðvaranir, áminningar og útskýringar á bólusetningum,<sup>135</sup> og þegar hættulegar farsóttir geysuðu erlendis, skrifaði hann einnig sérstakar varúðargreinar. Þetta átti einkum við um innflúensufarsóttina 1890 og kólerufaraldri 1892. Um innflúensuna verður rætt hér á eftir, en fyrsta kólerugrein Schierbecks birtist í *Ísafold* 1885, en þá hafði hennar orðið vart í Frakklandi.<sup>136</sup> Seinni greinarnar tvær birtust 1892<sup>137</sup> þegar veikin geysaði í Hamborg í Þýskalandi og viðbúið

<sup>128</sup> Sama heimild, bls. 125.

<sup>129</sup> Guðmundur Jónsson, „Fyrsta skurðaðgerð Guðmundar Hannessonar prófessors“, bls. 70-74.

<sup>130</sup> Hann vildi e.t.v. ekki troða Jónassen um tær, en Jónas gaf út *Lækningabók handa alþýðu á Íslandi* 1884. Þó svo Schierbeck hafi ekki þótt hún nógu alþýðleg þá fannst honum hún betri en ekki neitt, og „mörgum, mörgum sinnum betri en allar «homöopapískar» lækningabækur“. (sjá: H.J.G. Schierbeck, „Læknishjálpmáskammtalækna og skottulækna.“, *Ísafold* 31. október 1888, bls. 202).

<sup>131</sup> *Skuld* 30. nóvember 1882, bls. 106.

<sup>132</sup> Þetta var vel þekkt, bæði erlendis og hér á landi. *Ísafold* gaf t.d. út margar greinar og smásögur með þessum hætti frá 1889 og stóð það í nokkur ár.

<sup>133</sup> Hin var í *Þjóðólfi* 17. febrúar 1883.

<sup>134</sup> *Ísafold* 29. ágúst 1883, og 17. nóvember 1886.

<sup>135</sup> *Ísafold* 12. febrúar 1883 – 28. apríl 1886 – 8. maí 1889 – 25. febrúar 1891 – 18. mars 1891 – 18. apríl 1894.

<sup>136</sup> *Ísafold* 18. febrúar 1885, bls. 29-30.

<sup>137</sup> *Ísafold* 22. febrúar 1893 og 25. febrúar 1893.

var að hún gæti breiðst út um alla Evrópu.<sup>138</sup> Þessar þrjár greinar, teknar saman, eru sennilegast með betri heimildum um hreinlæti í vatns- og frárennismálum Reykvíkinga á seinni hluta 19. aldar. Skemmst er frá því að segja að í greinunum kemst Schierbeck að þeirri niðurstöðu að veruleg hættu hafi verið fyrir hendi að kóleran gæti breiðst hratt út, hefði hún komið hingað til lands.<sup>139</sup>

Yfirleitt voru þessar greinar landlæknisins mjög alþýðlegar og auðskildar. Undantekningar voru þó greinarnar „Hreint lopt“<sup>140</sup> og „Nokkur orð um mataræði“<sup>141</sup>, þar sem hann varð full tæknilegur, einkum í hinni síðari.

Um drykkjuskap skrifaði hann harðorða grein er nefndist „Nokkur orð um drykkjuskap og hegningu fyrir drykkjuskap“ og sagði þar að skoða mætti drykkjuskap „...eins og glæp, bæði gegn einstökum mönnum, gegn heimilislífínu og gegn þjóðfélaginu“,<sup>142</sup> og færði fyrir því rök að ef drykkjuskapur teldist þjóðfélagslegur glæpur þá bæri að hegna þeim sem hann drýgðu. Grein þessi varð síðar vatn á myllu bindindismanna, sem voru ósparir að vitna í landlækninn.<sup>143</sup>

Vegna stöðu sinnar sem landlæknir og vísindamaður komu búfjárjúkdómar af og til upp á borð hjá Schierbeck, einkum þá illviðráðanlegar sóttir eins og fjárkláði, miltisbruni (miltisbrandur) og bráðafár (bráðapest). Hann skoðaði og lagði fram nokkuð ítarlega greiningu á kláðamaurnum er veldur fjárkláða,<sup>144</sup> ritaði grein um miltisbrandinn og biður í lok hennar bændur um að senda sér sýni úr sýktum skepnum ef veikin kæmi aftur upp.<sup>145</sup> Það var þó baráttan við bráðapestina sem Schierbeck lagði hvað mesta og þyngsta áherslu á, því að hann sjálfur reyndi að framleiða bóluefni gegn þeirri veiki. Bráðapestin er lambasjúkdómur, skyld lambablóðsótt og flosnýrnaveiki og er af völdum clostridium-baktería.<sup>146</sup> Þó svo þessi sjúkdómur sé ekki jafnalvarlegur og riðuveiki eða fjárkláði er nokkuð víst að hann hafi valdið mörgum bændum nokkrum skaða og ýmislegt var gert til þessa að reyna að sporna gegn

<sup>138</sup> Richard J. Evans, *Death in Hamburg, Society and Politics in the Cholera Years*, bls. 293.

<sup>139</sup> Haraldur Briem sóttvarnarlæknir hefur staðfest að þessi ótti var fyllilega raunhæfur (Tölvupóstsviðtal við Harald Briem).

<sup>140</sup> *Ísafold* 17. desember 1884, bls. 193-195.

<sup>141</sup> *Ísafold* 8. desember 1886., bls. 202-204 og 15. desember 1886, bls. 205-206.

<sup>142</sup> H.J.G. Schierbeck, „Nokkur orð um drykkjuskap og hegning fyrir drykkjuskap“, *Ísafold* 21. janúar 1885, bls. 9-10.

<sup>143</sup> Til dæmis í *Bindindistíðindum* 11. apríl 1885, *Suðra* 20. maí 1885 og víðar.

<sup>144</sup> *Suðri* 7. júní 1884, bls. 57.

<sup>145</sup> *Ísafold* 21. maí 1886, bls. 66-67.

<sup>146</sup> Sigurður Sigurðsson, *Sauðburðarkver*, bls. 8-9 og bls. 61-62.

pestinni.<sup>147</sup> Schierbeck ákvað sem sagt að freista þess að framleiða bóluefni, samkvæmt kenningum og aðferðum Pasteurs og fær til þess 400 króna styrk,<sup>148</sup> einn af þeim fáu styrkjum sem hann hlaut á ferlinum hér á landi.<sup>149</sup>

Hann birti fyrstu niðurstöður úr tilraunum sínum í *Ísafold* 1888, og það er greinilegt að hann lagði á sig talsverða vinnu og fyrirhöfn við að finna lækningu við sjúkdómnum. Að sama skapi má sjá nokkur vonbrigði í skrifum hans, því honum tókst ekki ætlunarverk sitt.<sup>150</sup> Hann fann reyndar bakteríuna<sup>151</sup> en tókst ekki að flytja veikina yfir í heilbrigð dýr og framleiða þannig bóluefni. Hefði honum tekist það, hefði það vissulega orðið fjöður í hans hatt og væntanlega mildað afstöðu þingsins í hans garð.<sup>152</sup>

#### 4.1 Snörp átök við smáskammtalækna.

Sem fyrr segir að þó að Schierbeck hafi séð í gegn um fingur sér með ýmsar yfirsjónir bæði lækna og lyfsala, var þó eitt sem eitur í hans beinum, en það voru smáskammtalækningar.

Þau fræði er Þjóðverjinn Samuel Hahnemann lagði grunnin að seint á 18.öld, numu fyrst land á Íslandi 1850, en náðu verulegri fótfestu 1882 eftir að gefin var út kennslubók í smáskammtalækningum á íslensku. Þetta urðu fljótlega nokkuð vinsæl fræði, og ekki spillti að margir upphafsmanna hennar hér á landi voru merkisprestar.<sup>153</sup>

Í bréfadagbók þeirri er Schierbeck hélt, birtist mjög hörð andstaða gegn smáskammtalækningum,<sup>154</sup> sérstaklega gagnvart þeim er vildu flytja inn og selja smá-

<sup>147</sup> Séra Jakob Guðmundsson, bóndi, þingmaður og læknir (samkv. sérstakri undanþágu 1879, sjá *Læknar á Íslandi*, bls. 395) gaf til dæmis út rit 1882 er nefndist *Nokkur orð um almennar heilbrigðisreglur, meðul og meðala brúkun og um miltisbrand og bráðapest*, þar sem hann leggur til hómópatískar aðferðir til lækninga sjúkdómsins (bls.22-23).

<sup>148</sup> *Suðri* 8. ágúst 1885, bls. 95.

<sup>149</sup> Ekki voru þingmenn á eitt sáttir við að Schierbeck fengi þennan styrk, Jón Sigurðsson (frá Gautlöndum) fannst það „hlægilegt“ að maður sem hafði enga dýralæknismenntun væri að sækja um þennan styrk, en aðrir, svo sem Halldór Kr. Friðriksson, komu honum til varnar. (Sjá *Alþingistíðindi*, 1885, B, d. 1043, 1052, 1058, 1067, 1086, 1091, og 1104).

<sup>150</sup> *Ísafold* 25. janúar 1888, bls. 13-14. Einnig í *Ísafold* 20. júní 1888, bls. 109, og 16. janúar 1889, bls. 18-19.

<sup>151</sup> *Ísafold* 25. janúar 1888, bls.13.

<sup>152</sup> Prófessor Niels Dungal varð síðan fyrsti íslendingurinn sem framleiddi bóluefni gegn sjúkdómnum, árið 1930 (*Vef. Eggert Gunnarsson, „Bóluefnaframleiðsla á Tilraunastöðinni að Keldum“*),

<sup>153</sup> Sigríður Svana Pétursdóttir, „Án lækna dýrra og lyfja torgættra“, bls. 237.

<sup>154</sup> Sem hann kallar aldrei annað en „skottulækna“.



skammtalyf<sup>155</sup> og vísar Schierbeck þar alloft til laga um skottulækna.<sup>156</sup> Einnig var honum meinilla við að hans undirmenn hans væru að vasast í þessum fræðum. Hann skrifaði til dæmis Þorvarði Kjerúlf héraðslækni harkalegt skammarbréf 1886 fyrir að hafa snúið (að hann taldi) hómópatískri bók yfir á íslensku.<sup>157</sup>

Hörðustu átök Schierbecks við smáskammtalækna voru þó á síðum blaðanna, einkum *Ísafoldar*. Í október og nóvember 1888 ritaði Schierbeck tvær greinar er hann nefndi „Læknishjálp smáskammtalækna og skottulækna“, og sagði meðal annars í fyrri greininni:

Í þeim sjúkdómum, sem vjer getum miklu við ráðið, eigum vjer heldur eigi mikilli samkeppni að mæta af smáskammtalæknum og öðrum skottulæknum ; en í öllum hinum tilfellunum, þar sem vjer getum lítið lið veitt og alls eigi læknað, þar er samkeppnin í blóma sínum; þar getur smáskammtalækninga-aðferðin, sem í raun og veru hefir aldrei læknað nokkurn sjúkling frá upphafi vega sinna, áorkað nærri því viðlíka mikið með sínum meðulum eins og vjer með vorum.

Hann vildi samt ekki telja hómópata algjörlega gagnslausa og taldi meðal annars að þeir gætu „orðið talsvert leiknir í að hjúkra sjúkum“ og „að skottulæknir geti gjört nokkurt gagn, ef ekki nær til læknis“ en sagði þó að lokum að „[m]eð þessari viðurkenningu af minni hálfu gagnvart íslenskum skottulæknum hef jeg, að jeg held, borið þeim svo vel söguna, sem hægt er“.<sup>158</sup> Í síðari greininni víkur hann að menntunaraskorti smáskammtalækna og að trúgirn almennings:

en ekki ætti það að vera ofætlun neinum þeim, sem telur sig með menntuðum mönnum, að vera ekki svo fljótur á sjer að þakka það og það hinum og þessum meðulum, og vera ekki að leita alls konar fáfræðinga í veikindum sínum eða

<sup>155</sup> Þí. *Bréfabók Landlæknisins á Íslandi 1883-1894*, 6.maí, 20. júní og 21. júní 1884, og 25. september 1885.

<sup>156</sup> Lög nr. 4, 29. febrúar 1884. *Stjórnartíðindi 1884*, A, bls. 22.

<sup>157</sup> Þí. *Bréfabók Landlæknisins á Íslandi 1883-1894*, 25.september 1886. Bókin sem um ræðir er: *Um lækningar: Líffræðisleg og efnafræðisleg meðferð á sjúkdómum*, eftir Þjóðverjann Wilhelm Heinrich Schüssler (1821-1898). Þetta rit sver sig ekki beint til smáskammtalækninga, og hvergi minnst á Hahnemann eða kenningar hans. Hún fjallar hinsvegar um hvernig viss efni (einkum steinefni) geta haft áhrif á sjúkdóma og framvindu þeirra.

<sup>158</sup> H.J.G. Schierbeck, „Læknishjálp smáskammtalækna og skottulækna[1]“, *Ísafold* 31. október 1888, bls. 203.

annara, heldur reglulegra lækna, eins og maður pantar sjer optast nær frakka hjá skraddara en ekki skóara.<sup>159</sup>

Séra Jakob Guðmundsson, þingmaður og hómópati, varð fyrstur til að svara landlækninum. Í *Ísafold* 19. desember sagði hann:

munu þess fá eða engin dæmi, að nokkur leiti ómenntaðs skottu-læknis, ef hægt er að ná í lærðan lækni; þegar menn hafa orðið fyrir útvortis stórsköðum, beinbrotnað, gengið úr liði, eða skorizt hefir sundur slagæð; eða þá menn eru þjáðir af þeim útvortis meinsemdum, sem almennt er álitid að handlækningar þurfi við að hafa. Þegar svo á stendur, er engin hætta á því, að menn panti sjer frakka hjá skóaranum.

Jakob taldi til dæmis að hómópatar væru oft mun betri kostur en læknakandítatar, þar sem þeir síðarnefndu hefðu litla eða enga verklega reynslu, „Oflítill verkleg æfing og áhaldaleysi til sjúkdóms-rannsókna hygg jeg að sje það mein, sem allt of opt í framkvæmdinni setur suma af hinum lærðu læknum vorum á bekk með hinum ólærðu skottulæknum”. Hann taldi ennfremur að landlæknir ætti að leyfa hómópötum að starfa óáreittum og leyfa síaukinni þekkingu læknávisindanna að „uppræta alla skottara af sjálfsdáðum”.<sup>160</sup>

Í svari sínu benti Schierbeck á það sem honum fannst augljóslega vera helsta mein hómópatíunnar:

En »homöopáþían« ríður í bága við hið allra-helgasta lögmál visindanna; hún kemur fram með nokkurs konar dulspeki, sem bægir frá sjer öllu visindalegu eptirliti; hún traðkar voðalega því lögmáli, að afl fer eptir efni; hún skýrir það, sem fyrir henni verður, allt á sinn hátt, eins og hún væri að gjöra að gamni sínu, þvert ofan í hið viður-kennda náttúrulögmál, og þvert ofan í reynsluna o.s.frv. Hún segir sig þannig sjálf úr öllu löguneyti við visindin<sup>161</sup>

Með þessu segist landlæknirinn hafa sagt sitt síðasta orð um þetta málefni í bili, en málið fékk ekki að liggja kyrrt lengi. Lárus Pálsson smáskammtalæknir ritaði grein í

<sup>159</sup> H.J.G. Schierbeck, „Læknishjálp smáskammtalækna og skottulækna[2]“, *Ísafold* 7. nóvember 1888, bls. 207.

<sup>160</sup> Jakob Guðmundsson, „Læknishjálp smáskammtalækna og skottulækna“, *Ísafold* 19. desember 1888, bls. 237-238.

<sup>161</sup> H.J.G. Schierbeck, „Læknishjálp smáskammtalækna og skottulækna[3]“, *Ísafold* 5. janúar 1889, bls.6.

mars 1889 þar sem hann reyndi að útskýra afstöðu sína, en gagnrýndi um leið hina viðurkenndu læknastétt.

margir vorir heimabökuðu svo kölluðu lærðu læknar eru svo dauðans fáfróðir menn, sem optast að eins velja sjer þetta fyrir atvinnu, en ekki af því að hugur þeirra hneigist til læknisnáms, og eru síðan látnir útskrifast og löggildast eptir svo stuttan tíma, að menn eru almennt álitnir þurfa lengri tíma til að læra að sauma skó eða smíða koffort... Landlæknir vor getur og mikið gjört í þá átt, og væri að mínu áliti heppilegra að hann enn ýtarlega reyndi að hrinda þessu í horfið heldur en að kveða upp sinn lítt hugsaðan lítilsvirðingardóm yfir hinum ólærðu skottulæknum. Jeg segi fyrir mig, að jeg er lítt menntaður maður, og hef því miður ekki átt kost á að afla mjer þeirrar þekkingar, sem jeg hef þráð og óskað; en samt vildi jeg ekki... láta mína litlu og sjálföfluðu læknislegu þekkingu fyrir kunnáttu sumra þeirra, sem ganga um göturnar í Reykjavík [með]sitt fjórða lærdómsár á læknaskólanum.<sup>162</sup>

Þessi grein Lárusar virðist hafa farið nokkuð fyrir brjóstið á Schierbeck og hann svaraði þann 3.apríl. Þar kom í ljós að landlæknirinn þekkti hómópatíuna og kenningar Hahnemanns mætavel, en hafði bara enga trú á þeim. Hann segir að hómópatar geti gert þann skaða „að þeir aptra mönnum frá að leita sjer læknishjálpar í tæka tíð, og það er nóg og meir en það, þar sem þeir geta aldrei gjört neitt gagn“. Ennfremur benti hann á að „margar og miklar eru framfarir þær, er orðið hafa í læknisfræðinni síðan þessi dulspekilega kenning var í heiminn borin“, og sagði einnig um Lárus: „hefir höfundur áminntrar greinar í *Ísafold* sýnt af sjer svo botnlausu einfeldni og hugsunarleysi, að það er auðsjeð, að hann er allsendis ófróður um það, sem »homöopapían« byggist á“. Hann endaði greinina á því að svara aðdróttunum Lárusar um læknaskólann:

Árás höfundarins á lærisveina Læknaskólans ætla jeg ekki að tala neitt um, með því að hún hefir ekki minnstu vitund að þýða. Það er yfir höfuð ofur eðlilegt og meira að segja vorkunn, þótt maður, sem vantar alla undirbúningsmenntun og alla vísindalega dómgreind, verði ruglaður i höfðinu, þegar hann nær í homöopapískar lækningabækur..<sup>163</sup>

<sup>162</sup> Lárus Pálsson, „Smáskammtalækningar“, *Ísafold* 23. mars 1889, bls. 94-95.

<sup>163</sup> H.J.G. Schierbeck, „Smáskammtalækningar“, *Ísafold* 3. apríl 1889, bls. 105.

Sagt er að Lárusi hafi sárnað þessi orð Schierbecks mjög, þótt hann fullyrti að vinfengi hafi verið milli hans og landlæknisins og að Schierbeck jafnvel vísað til sín sjúklingum.<sup>164</sup>

Hvaða skoðanir Schierbeck hafði á öðrum óhefðbundnum lækningaaðferðum er ekki gott að segja, því hann tjáir sig eingöngu um hómópatíuna.<sup>165</sup> Grasalækningar höfðu að sjálfsögðu tíðkast á Íslandi frá alda öðli og landlæknar yfirleitt látið þær óárettar,<sup>166</sup> enda sjaldnast taldar skaðlegar og betra en ekkert í strjálbýlu landi þar sem tíðum var langt í næsta lækni.<sup>167</sup> Það sama gilti um Schierbeck, enda fáir jafn vel að sér í plöntum og grösom og hann. Það var heldur ekki óalgengt að lærðar yfirsetukonur leggðu einnig stund á grasalækningar, svo sem Þórunn Gísladóttir (Grasa-Þórunn)<sup>168</sup> móðir Erlings Filipussonar grasalæknis, en í ævisögu sinni segir Erlingur að móðir sín hafi haft gott samband við Schierbeck, og hann jafnvel sent henni lyfjabirgðir til notkunar á sjúklingum sem hún stundaði.<sup>169</sup>

## 4.2 Læknaskólinn.

Eitt af verkefnum landlæknisins var að veita Læknaskólanum forstöðu<sup>170</sup> og stunda þar kennslu, sem Schierbeck gerði ásamt þeim Jónasi Jónassen og Tómasi Hallgrímssyni.<sup>171</sup> Á vettvangi kennslunnar var Schierbeck boðberi nýrra tíma og kom þar með hin antiseptísku fræði, sem voru að smátt og smátt að umbylta læknisfræðinni. Hann hafði einnig með sér (eða hefur fljótlega pantað) þann tækjabúnað er tengdust nýju fræðunum, s.s. karbólúðunarvélina, og smásjá kemst fyrst á eignaskrá skólans eftir

<sup>164</sup> Guðrún Helgadóttir, *Lárus hómópati*, bls.134.

<sup>165</sup> Þó svo að hann nefndi hugsanlega skaðsemi blóðtöku (í *Fjallkonunni* 27. maí 1890, bls. 62), og sagði að hún skuli aðeins framkvæmast af lækni.

<sup>166</sup> Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi 1*, bls. 77.

<sup>167</sup> Sigríður Svana Pétursdóttir, „Án lækna dýrra og lyfja torgættra“, bls. 230-231. Sjá einnig upptalningu á ólærðum „læknum“ í *Læknar á Íslandi 1*, bls. 80-99.

<sup>168</sup> Björg Einarsdóttir, *Ljósmæður á Íslandi I*, bls. 681-682.

<sup>169</sup> *Erlingur grasalæknir*, bls. 9. Í *Bréfabók Landlæknisins á Íslandi 1883-1894* er minnst á að Schierbeck hafi fengið sent frá Kaupmannahöfn og dreift 12 kössum af yfirsetukvennaverkerum og 12 kössum af blóðtökuverkerum (28. ágúst 1890), og 1893 bað hann landshöfðingja um leyfi til að panta 12 kassa til viðbótar af yfirsetukvennaverkerum (3. mars). Hvort önnur hvor þessara sendinga sé sú sem Erlingur er að vitna til er ekki gott að segja, en það má nokkurnvegin slá því föstu að hvað það var sem Schierbeck sendi Þórunni, þá sendi hann yfirsetukonunni frekar en grasakonunni.

<sup>170</sup> Læknaskólinn var stofnaður í tíð Jóns Hjaltalíns 1876, *Læknar á Íslandi 1*, bls. 71.

<sup>171</sup> Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi 1*, bls. 751-752.

komu hans.<sup>172</sup> Auk þess var öll umsýsla og rekstur skólans á höndum landlæknisins, vitnisburðir nemenda<sup>173</sup> og ýmislegt er tengdist þeim, svo sem beiðni til stiftsfirvalda um „ölmusu- og húsaleigustyrk“,<sup>174</sup> sem var árlegur viðburður.

Skólinn var ætíð starfræktur innan sjúkrahússins, sem í tíð Schierbecks þýddi að hann var til húsa fyrst í Kirkjustrætínu en síðar í Þingholtsstrætínu og var þar kennt í tveimur stofum. Sem fyrr segir þótti Schierbeck nýja sjúkrahúsið afar ófullnægjandi og sama mátti segja um aðstöðu Læknaskólans, og benti á að tengsl þessara tveggja stofnana væri bráðnauðsynleg.

Þegar Alþingi á sínum tíma samþykkti stofnun Læknaskóla í Reykjavík, þá tókst það og á hendur ábyrgð þess, að hinir íslenzku læknar fengju nægilega verklega menntun, en það er því að eins auðið að þeir geti hana fengið, að til sje sá spítali, þar sem lærisveinarnir geti fengið nægilega tilsögn og fræðslu við sóttarsæng sjúklinganna.

Margur getur án verklegrar tilsagnar lært svo mikið, að hann geti orðið prestur eða lögfróður embættismaður; en enginn getur kennt sjer sjálfur svo læknisfræði, að hann geti orðið nýtur læknir án verklegrar reynslu... væri það því bæði sennilegt og sanngjarn, að landið og bærinn legðust á eitt að stofna þann spítala, sem samsvaraði tímanum og gæti fullnægt þörfum Læknaskólans á verklegri kennslustofnun...<sup>175</sup>

Schierbeck var sannfærður um að illa útbúinn spítali með fáa sjúklinga myndi ætíð koma niður á Læknaskólanum, því að skólinn þurfti á sjúklingum að halda til að fullnægja verklega þættinum í þjálfun læknanemanna. Þetta atriði tengist einnig deilu er kom upp seint á starfsferli Schierbecks, en árið 1893 skrifar Ásgeir Blöndal grein í *Ísafold*, en Ásgeir var þá í framhaldsnámi í Kaupmannahöfn, eftir að hafa lokið kandiðsprófi sínu frá Læknaskólanum árið áður.<sup>176</sup> Í stuttu máli lagði hann til að Læknaskólinn á Íslandi yrði lagður niður, enda væri hann lítill og rekinn af vanefnum.

<sup>172</sup> Jón Steffensen, „Sögulegt yfirlit um læknakennslu fram til 1958“, bls. 18.

<sup>173</sup> Þí. *Bréfabók Landlæknisins á Íslandi 1883-1894*, fyrst 6. janúar, 1884. Þar er til dæmis nefnt mál Níelsar Lambertssen (*Læknar á Íslandi*, bls. 570) en Lambertssen þessi hóf nám við Læknaskólann 1881. 1884 sagði Schierbeck hann hafa „góða hæfileika“ en hafa verið svo bláfátækur að hann gæti ekki haldið áfram námi styrktarlaust. 17. nóvember það sama ár segir Lambertssen sig úr skólanum, og ári síðar fluttist hann vestur til Winnipeg. Þar stundaði hann lækningar án frekari lærdóms.

<sup>174</sup> Sama heimild, fyrst 8. janúar 1884.

<sup>175</sup> H.J.G. Schierbeck, „Spítalinn og læknaskólinn í Reykjavík“, *Ísafold* 29. október 1884, bls. 169.

<sup>176</sup> *Læknar á Íslandi* 1, bls. 131-132.

Hvað góðir og dugandi kennarar, sem við skólann eru og verða, geta þeir aldrei siglt fyrir þau tvö sker: að hafa ekki nóg fyrir hendi af því, sem þarf við kennsluna, og að verða smámsaman á eptir tímanum, sem fleygir læknisvísindunum svo óðfluga áfram... því þeim fjölgar óðum, sem sækja hingað til að stunda læknisfræði, og það mun talið sjálfsagt heima, að kándídatar hjeðan sjeu teknir fram yfir Læknaskóla-kándídata við embættisveitingar.<sup>177</sup>

Hann lagði síðan til að sá sparnaður sem hlytist af afnámi skólans mætti nota til að styrkja Hafnarstúdentana enn frekar.<sup>178</sup> Undir þetta tók höfundur er kallar sig „y+z“ og skrifaði í *Ísafold* tæpum mánuði síðar. Sagði hann þar einnig að spítalaleysið væri aðalástæðan fyrir því að leggja bæri Læknaskólanum niður og tók undir tillögu Ásgeirs að styrkja frekar kándídata úti í Höfn.<sup>179</sup>

Stuttu síðar svaraði Schierbeck þessum athugasemdum. Í þeirri grein sagði hann meðal annars að lítið mál væri að leggja skólann niður, ef hægt væri að tryggja að nýtilegir læknar fengjust til Íslands frá öðrum löndum, og viðurkenndi að kennslan hér á landi gæti aldrei orðið jafn yfirgripsmikil og erlendis. Hinsvegar benti hann á þá þætti er Þingholtsstrætisskólinn hafði sér í hag:

Jeg hefi haft það aðalmark og mið síðan jeg kom hingað til lands, að beina kennslunni við Læknaskólann í verklega stefnu, og í þá átt var tillaga mín 1883, um stofnun nýtilegs spítala í Reykjavík, einkum stíluð... En er þessari tillögu minni var eigi gaumur gefinn, tók jeg það ráð, að hafa ókeypis »klinik« fyrir fátæklinga á spítalanum, og lagði þannig í sölurnar nokkuð af læknistekjum þeim, er jeg hefði getað haft utan hjá. Við þessa »klinik« eiga lærisveinarnir kost á tvisvar í viku að rannsaka sjúklinga, finna hvað að þeim gengur og stinga upp á lækningaraðferðinni... Það hefir heldur ekki verið neinn hörgull á meiri háttar og opt og tíðum mjög erfiðum »operatíónum«, er lærisveinarnir hafa verið látnir taka þátt í, svo að lærisveinar Læknaskólans í Reykjavík hafa að því leyti fengið betri tilsögn en nokkursstaðar annarsstaðar;.

180

<sup>177</sup> *Ísafold* 17. júní 1893, bls. 149.

<sup>178</sup> Títtnefndur Guðmundur Hannesson var einmitt við læknánám í Kaupmannahöfn á þessum árum, en hann tók kándídataprófið sitt þar úti 1894. Níels Dungal sagði í grein um Guðmund er birtist í *Andvara* 1958 að Garðsstyrkurinn hafi verið svo rýr að hann hafi oft lifað við hungurmörk (bls. 7-8).

<sup>179</sup> *Ísafold* 15. júlí 1893, bls. 181.

<sup>180</sup> H.J.G. Schierbeck, „Um afnám læknaskólans í Reykjavík“, *Ísafold* 19. júlí 1893, bls. 186.

Með þessu „ókeypis klinik“ sem hann stofnaði til 1887, sló Schierbeck tvær flugur í einu höggi, það er að efla verklegan kennsluþátt skólans og, þrátt fyrir tekjutapið, losaði hann um eigin tíma með því að beina hluta sjúklinganna frá læknastofu sinni. Eins og við munum sjá á eftir, var tími Schierbecks, utan læknisstarfa, honum ákaflega dýrmætur.

Þó það hafi ef til vill ekki fallið undir verksvið Læknaskólans, þá hafði Schierbeck (ásamt Jónassen) einnig á höndum kennslu í yfirsetufræðum og kenndu þeir tvisvar á ári. Námstíminn var tveir mánuðir, og konurnar oftast prófaðar í desember og júní.<sup>181</sup> Schierbeck mun hafa viljað fá greitt sérstaklega fyrir þessa kennslu, en var synjað um það af landshöfðingja.<sup>182</sup> Hann fékk hinsvegar launauppbót frá þinginu 1885<sup>183</sup> þó að sú uppbót tengist ekki yfirsetukennslu sérstaklega. Í *Fjallkonunni* kom tvívegis fram gagnrýni á þessi mál, bæði það að landlæknir seildist eftir sérstakri greiðslu,<sup>184</sup> og að hann skyldi hafa fengið þessa launauppbót, sem greinarhöfundur tengdi við yfirsetukennsluna.<sup>185</sup>

Schierbeck var hinsvegar mjög einarður í skoðun sinni að einungis lærðar konur skyldu sinna þessum störfum, og skrifaði til dæmis amtmanni í suðuramtinu bréf þar sem hann bendir á að það væri skýlaus réttur lærðara yfirsetukvenna „þar sem þær eru til“ að sinna sængurkonum, annað bjóði bara hættunni heim, og sagði einnig að það vantaði lagabókstaf um þessi mál.<sup>186</sup>

### 4.3. Infúensan 1890.

Sennilegast voru deilur vegna influensufaraldursins sem gekk yfir vorið og sumarið 1890 erfiðasta átakamál sem Schierbeck upplifði á starfsárum sínum hér á landi. Þetta var heimsfaraldur, oftast nefndur rússneska flensan, af stofninum H2N2 gekk yfir heimsbyggðina á árunum 1889-1890. Þó svo þessi infúensa teldist væg, að

<sup>181</sup> Þí. *Bréfabók Landlæknisins á Íslandi 1883-1894*, 22. maí 1883, 26. júní 1883, 21. desember 1883, 27. maí 1884, 26. júní 1884 og 16. desember 1885. Í bréfabókinni er einungis er haldin skrá yfir þessi próf frá 1883-1885. Sjá einnig reglu um kennslu í yfirsetufræðum í *Stjórnartíðindi 1885*, B 1, bls. 99.

<sup>182</sup> *Fjallkonan* 30. júní 1884, bls. 29.

<sup>183</sup> *Alþingistíðindi 1885*, B 1, d. 99.

<sup>184</sup> *Fjallkonan* 30. júní 1884, bls. 29.

<sup>185</sup> *Fjallkonan* 19. október 1885, bls. 73.

<sup>186</sup> Þí. *Bréfabók Landlæknisins á Íslandi 1883-1894*, 20. desember 1886. Þetta er að sjálfsögðu í andstöðu við þann geysilega fjölda ólærðra yfirsetukvenna- og karla sem störfuðu á Íslandi á þessum tíma (sjá: Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* 1, bls. 751-752).

minnsta kosti miðað við þá er geysaði 28 árum síðar, varð heildardánartalan um 1 milljón manns um heim allan.<sup>187</sup>

Ugglaust hafa þær fréttir er bárust hingað um útbreiðslu veikinnar í útlöndum valdið nokkrum kvíða,<sup>188</sup> en sennilega var lítið hægt að gera til að varna komu hennar. Síðan atvikaðist það að sóttarinnar varð fyrst vart hér á landi í Vestmannaeyjum, en héraðslæknirinn þar sendi landlækni bréf þann 12. Maí 1890, þar sem hann segir að upp sé komin influensa í eyjunum og hafi hún borist með póstskipinu frá Englandi 29. apríl.<sup>189</sup> Þetta kemur fram í *Ísafold* þann 17. maí, og einnig það að landlæknir biður sýslumanninn í Rangárvallasýslu og næstu héraðslækna „að leggjast eigi undir höfuð að gera það sem gert verður, til að forða því, að sóttin færist út”.<sup>190</sup> Í sama blaði lætur Schierbeck birta varnaðarorð um veikina, hvernig skuli meðhöndla sjúklinga og umhverfi þeirra og bendir þar fólki sérstaklega á að vera ekki að „kaka með skottulækningar; einkum skal varast að láta að taka sér blóð”.<sup>191</sup>

Á sömu síðu og viðvörðunargrein Schierbecks birti ritstjóri *Ísafoldar* nokkuð uggvænlega grein er nefnist „Mannadauði af kvef-landfarsóttum hjer á landi á þessari öld”<sup>192</sup> þar sem hann tíundar þær sóttir er höfðu geisad á Íslandi næstu tæpu hundrað árin á undan, en dánartölur hlupu oft á hundruðum eða þúsundum. Þetta var hugsanlega gert til þess að fólk gerði sér grein fyrir alvarleika málsins.

En málinu var þar með alls ekki lokið. Í næsta tölublaði voru þessar tvær greinar settar í samhengi, landlæknir gagnrýndur, svo og bent á það einstaka tækifæri sem bauðst að einangra sóttina í Vestmannaeyjum.

En greinin í síðustu Ísaf. hlýtur að færa hverjum manni, sem ekki veit það áður, heim sanninn um það, að hjer er ekki um neina smámuni að tefla... Er það nóg, sem nú hefir verið gjört, að senda út ofurlitinn leiðarvísi og einhverjar fyrirskipanir til sýslumannsins í Rangárvallasýslu, en skipta sjer ekkert af Vestmannaeyjum? í stað þess að senda þangað undir eins bann gegn öllum samgöngum til lands. meðan sóttin gengur þar... Ábyrgðin fyrir varnarráðstafanir, sem heimskir menn kynnu að segja á eptir að hefðu verið

<sup>187</sup> Vef: „Pandemic Influenza“.

<sup>188</sup> *Ísafold*, 1. febrúar 1890, bls. 37 og *Fjallkonan* 4. febrúar 1890, bls. 14.

<sup>189</sup> H.J.G. Schierbeck, „Influensa-sóttin. (*Illkynjuð kvefsótt*)“, *Ísafold* 17. maí 1890, bls. 158.

<sup>190</sup> Sama heimild, bls. 159.

<sup>191</sup> Sama heimild, bls. 157. Greinin birtist einnig í *Fjallkonunni* tíu dögum síðar, og *Þjóðólfi* þann 23. maí.

<sup>192</sup> *Ísafold* 17. maí 1890, bls. 157.



þarflausar, er hundraðfalt minni en hitt, að vera þess ef til vill valdandi með tómlæti eða ofmikilli varfærni, að stórtjón hljótist af.<sup>193</sup>

Í næsta tölublaði var birt bréf frá Schierbeck þar sem hann svarar þessu að nokkru leyti og sagði frá þeim ráðstöfunum sem hann hafði gert, m.a. því að hann hefði látið lyfsalann í Reykjavík panta 30 pund af antifebrin (sem var verkjastillandi og hitalækkandi lyf) og senda skammta af því til læknanna í Rangárvallarsýslu og Vestmannaeyjum, svo og að láta prenta 1000 eintök af varúðarráðstöfunum sínum og dreifa þeim einnig til læknanna. Hann og landshöfðingi, álitu hinsvegar að samgöngubann væri gagnslaust. Síðan sagði hann:

þykist jeg hafa fyllstu ástæðu til að spyrja opinberlega að því, hvort ritstjóri „Ísafoldar“ hafi við þetta tækifæri borið sig að með rósemi þeirri, gætni og umhugsun, sem fyllsta heimild er til að heimta af þeim manni, sem telur sig sjálfsgöðan af eigin hvöt að gjörast dómari í þeim málum, sem alls eigi ná til hans og dæma um þau fremur frekjulega.<sup>194</sup>

Ritstjórinn svaraði:

Að undantekinni skipuninni til lyfsalans um antifebrinspöntunina hefir hann *ekkert* gert allan tímann síðan í vetur að fyrst frjettist til veikinnar í nágrannalöndum vorum, fyr en svo langt var komið, að hjeradslæknirinn í Vestmannaeyjum tilkynnir honum, að veikin sje þangað komin... Það er ekki nokkurt það mannsbarn til á landinu, er þetta landfarsóttarmál „taki eigi til“ beinlínis eða óbeinlínis, ef illa fer.<sup>195</sup>

Þennan sama dag, laugardaginn 24. maí 1890, var í annað sinn á átta árum haldinn borgarafundur um Schierbeck og ákvarðanir hans. Frá fundinum var sagt bæði í *Ísafold* og *Fjallkonunni*.<sup>196</sup> Fundurinn var sagður hafa verið nokkuð fjölsóttur og á honum var samþykkt áskorun til landlæknis um að gera ráðstafanir „til að varna útbreiðslu sýkinnar hér á landi, með því að banna samgöngur við sýkta staði“.<sup>197</sup> Schierbeck virðist hafa tekið mjög dræmt í þessa áskorun, og í bréfi til landshöfðingja telur hann að samgöngubann við Ísland sé gagnslaust, enda engin vísindaleg sönnun að

<sup>193</sup> *Ísafold* 21. maí 1890, bls. 162-163.

<sup>194</sup> H.J.G. Schierbeck, „Landlæknirinn og inflúenza-sýkin“, *Ísafold* 24. maí 1890, bls. 167.

<sup>195</sup> Sama heimild.

<sup>196</sup> *Ísafold* 28. maí 1890, bls. 170. *Fjallkonan* 27. maí 1890, bls. 62.

<sup>197</sup> *Fjallkonan* 27. maí 1890, bls. 62.

inflúensan sé næm veiki.<sup>198</sup> Í næsta tölublaði *Fjallkonunnar* fullyrðir ritstjórinn að landlæknir teldi sig ekki hafa lagaheimild til að kalla eftir slíku banni, enda tæki slík heimild einungis til næmra sjúkdóma. Ritstjóri segir:

Samkvæmt lögnum um sóttvarnir 17. des. 1875 og 24. okt. 1879, verður sóttvörnum ekki beitt nema gegn næmum sóttum, það er sóttum, sem berast með mönnum. Nú heldr landlæknirinn því fram, að „influenza“ sé ekki þess eðlis, og á þeirri skoðun munu einnig vera allmargir erlendir læknar, enn þeir læknar eru einnig margir, sem telja veikina næma og á þeirri skoðun eru einnig íslenskir læknar, sem vér höfum átt tal við, enda eru þeir sjúkdómar alt af að fækka, sem talið er að berist í loftinu.

Í lok greinarinnar má heyra nokkuð ískyggilegan tón, þar sem segir að „Reykvíkingar tala um að koma upp auka-spítala og stækka kirkjugarðinn sinn”.<sup>199</sup> Reyndar hafði Schierbeck, með bréfi til bæjarstjórnar þann 28.maí, bent á að hentugt væri að hafa hús til afnota sem aukaspítala, ef allt færi á versta veg. Nefndi hann þar barnaskólann, leikfímishús barnaskólans eða Góðtemplarahúsið.<sup>200</sup>

Hann reyndi einnig að svara gagnrýnendum sínum í grein sem hann kallaði „Ísafoldar-inflúenza“ og birtist í *Ísafold* 4.júní, 1890. Þar áréttaði hann skoðun sína um að inflúensan væri „eptir því sem vísindin enn eru komin áleiðis, eigi...talin með sóttnæmum sjúkdómum“<sup>201</sup> og þá um leið tilgangsleysi samgöngubanns.

Á þessum tíma var faraldurinn farinn að geisa um landið og barst hratt út. Blöðin, þá einkum *Ísafold* og *Fjallkonan*, fylgdust nokkuð vel með framgangi veikinnar og til að byrja með tíunda þau og nafngreina það fólk sem dó af völdum hennar. Schierbeck skrifaði annan leiðarvísi í *Ísafold* þann 14. júní og viðurkenndi þar einnig sóttnæmi sjúkdómsins.

Um leið og jeg læt þennan litla leiðarvísi frá mjer fara, skora jeg á herra læknana að gjöra hann sem flestum kunnan; því það er einungis með mjög ötulli og rækilegri sóttnæmishreinsun, er gjöra má sjer von um að stöðva útbreiðslu næmra veikinda.<sup>202</sup>

<sup>198</sup> Þí. *Bréfabók Landlæknisins á Íslandi 1883-189*, 26. maí 1890. Schierbeck taldi s.s., eins og margir læknar gerðu enn á þessum tíma, að sumar sóttir bærust einfaldlega með loftinu, en ekki milli manna.

<sup>199</sup> *Fjallkonan*, 3. júní, 1890, bls. 65.

<sup>200</sup> Þí. *Bréfabók Landlæknisins á Íslandi 1883-1894*, 28. maí 1890.

<sup>201</sup> H.J.G. Schierbeck, „Ísafoldar-inflúenza“, *Ísafold* 4. júní 1890, bls. 177.

<sup>202</sup> H.J.G. Schierbeck, „Leiðarvísir um notkun sóttvarnarmeðala“, *Ísafold* 14. júní 1890, bls. 191.

Þannig gengu málin fyrir sig út júnímánuð og fram í júlí og ritstjóri *Ísafoldar* varð meira að segja að fresta útkomu eins tölublaðs vegna veikinda í prentsmiðjunni.<sup>203</sup> Þann 28. júní koma tvær athyglisverðar inflúensufréttir í *Ísafold*. Önnur þeirra var úr Stokkseyrarhreppi, þar sem fréttaritari blaðsins furðaði sig á að landlæknirinn hafi kallað lækninn þar í sveit suður til Reykjavíkur til að vera við Læknaskólapróf, mitt í öllum hörmungunum. Hrósaði hann *Ísafold* fyrir að standa vörð um hagsmuni landsmanna í heilbrigðismálum, þar sem blaðið hefði: „svo skörulega og og rjett vandað um fyrsta glappaskotið, það nefnilega, að ekki voru stranglega bannaðar allar milliferðir milli lands og eyja, þar til sýkin var þar upprætt“.<sup>204</sup>

Í sama blaði birtist frétt frá Seyðisfirði um að inflúensan geisaði þar og að hún hafi borist þangað með færeyskum sjómönnum. Þar með virtust rökin um samgöngubann við Vestmannaeyjar fallin, þó ekki af þeirri ástæðu sem Schierbeck tíundaði. Í lok júlímánaðar virtist sóttin vera í rénun, og átti *Ísafold* þá síðasta orðið, blaðið bæði hrósar og gagnrýnir framgöngu landlæknisins.

Að sóttin virðist ætla að verða með ómannskæðara móti í þetta sinn, er eflaust með fram því að þakka, að vegna rækilegra viðvarana og leiðbeininga og mikils umtals um hana fyrir fram fara menn gætilega með sig en áður gerðist. Þó eru margir, sem ekki hafa kringumstæður til að hlífa sjer, og sumir ekki lund til þess.

Ekki mun nokkur maður hjer á landi, nema kannske allra spreng-lærðustu læknisfræðingar, vera í minnsta vafa um það, að sótt þessi berist mann frá manni, eða sje næm, sem kallað er. En auðvitað eru slíkar skoðanir almennings í slíkum efnum ósköp »óvísindalegar«.<sup>205</sup>

Næst þegar inflúensusótt gekk yfir landið, 1894, varð hvergi nærri eins mikið fjaðrafok út af veikinni, enda höfðu báðir aðilar væntanlega lært eitthvað af reynslunni frá 1890.<sup>206</sup>

<sup>203</sup> *Ísafold* 26. júní 1890, bls. 201.

<sup>204</sup> *Ísafold* 28. júní 1890, bls. 207.

<sup>205</sup> *Ísafold* 23. júlí 1890, bls. 234.

<sup>206</sup> Sjá: *Ísafold* 17. mars 1894, bls. 50-51.

## 5. GARÐYRKJUMAÐURINN.

Það mætti segja að hér sé komið að því mikilvægasta í lífi Hans Georgs Schierbecks, því þrátt fyrir læknismenntun og læknisstörf, þrátt fyrir stöðu hans sem landlæknir yfir Íslandi, þá var hann fyrst og fremst garðyrkjumaður og garðyrkjan átti oft hug hans allan.

Schierbeck hafði lært garðyrkjuna á undan læknisfræðinni, þó hvergi sé fullyrt að hann hafi verið fullnuma í þeirri grein. Dönsk ræktunarhefð stóð nokkuð traustum fótum uppúr miðri 19.öld, þegar Schierbeck var að nema sín garðyrkjufraeði, um svipað leyti og *Det danske Hedeselskab* (1866) var stofnað, en það stuðlaði að ræktun hinna berangurslegu jósku heiða, auk þess sem Danir tóku einnig upp skjólbeltaræktun á þessum tíma. Nútímaræktunarstarfsemi hafði þó hafist í Danmörku rúmri einni öld fyrr, og þá með markvissri skógrækt, en hér á landi má segja að hún hefjist formlega, með konungstílskipun 1758, þó lítið hafi verið gjört fyrr en löngu síðar.<sup>207</sup>

Munurinn á uppgræðslu á Íslandi og Danmörku, svo og á landbúnaðarstefnu yfirleitt, var aftur á móti sá að hér gerðust hlutir mun hægar, í miklu smærri stíl og á mun ómarkvissari hátt en í Danmörku. Hér á Íslandi höfðu þó lengi verið áhugamenn um garðrækt, þá einkum matjurtarækt, og nægir þar að nefna menn eins og Gísla Magnússon (Vísa-Gísli, 1621-1696), Jón Eggertsson (1643-1689), Þorkel Arngrímsson Vídalín (1629-1677), Björn Halldórsson frá Sauðlauksdal (1724-1794), Eggert Ólafsson (1726-1768) að ógleymdum Baldvini Einarssyni (1801-1833), sem hvatti landa sína mjög til garðræktunnar í riti sínu *Árman á Alþingi*.<sup>208</sup>

En þrátt fyrir viðleitni allra þessara manna og ritverka þeirra, má segja að garðyrkja hafi verið nokkuð óburðug á Íslandi er Schierbeck kemur hingað 1882. Það var eitthvað um matjurtagarða í landinu, þar sem ræktaðar voru m.a. kartöflur, næpur, rófur og kál, og hafði slík framleiðsla tekið umtalsverðan kipp á upphafsáratugum 19.aldar þá sennilegast sem svar við þeim skorti og harðindum er fylgdu Napóleonsstyrjöldunum. Upp úr miðri öldinni voru garðarnir tæplega 7000, en þeim

<sup>207</sup> Viðtal við Samson B. Harðarson og Hildur Hákonardóttir, *Blálandsdrottningin og fólkid sem ræktaði kartöflurnar*, bls. 40-43 og 70-73

<sup>208</sup> Haraldur Sigurðsson, *Hallir gróðurs háar rísa*, bls. 7-10 og Hildur Hákonardóttir, *Blálandsdrottningin*, bls 169-175.

fækkaði þó allverulega á seinni hluta hennar.<sup>209</sup> Byggðist framþróun þessarar garðayrkju að einhverju eða verulegu leyti á frægiöfum frá Danmörku, en þær voru stundaðar frá Landbúnaðarfélaginu danska frá 18.öld og langt fram á þá 19.<sup>210</sup> Þessir garðar voru þó nánast allir frekar litlir og einkaframtak hvers ræktanda fyrir sig til þess að drýgja kost heimilisfólksins.<sup>211</sup>

Annarskonar garðrækt Íslendinga, trjárækt og blómarækt, var mun fábrotnari og átti sér talsvert gloppóttari sögu. Einstaklingar reyndu af og til að rækta erlend tré á Íslandi, þótt slíkar tilraunir virðast að mestu leyti hafa farið út um þúfur þrátt fyrir góða viðleitni dönsku stjórnarinnar sem er sögð hafa sent talsvert af trjáplöntum og trjáfræi hingað til lands um og eftir miðja 18.öld.<sup>212</sup>

Í Reykjavík, um miðja 19. öld, eru líklegast aðeins tveir raunverulegir garðar (þ.e. annað en kálgarðar). Annar þeirra var upphaflega ræktaður af Sigríði Bogadóttur biskupsfrú bak við hús hennar og Péturs biskups Péturssonar í Austursstræti, en hinn í eigu Árna Thorsteinssonar og var einnig að húsabaki í Austurstræti, og eru leifar hans nú garður Hressingarskálans. Það var þó almennt talið að „veðurfar í Reykjavík [væri] svo slæmt, að þar gæti engin tré þrifist”.<sup>213</sup>

Þegar Schierbeck kom til höfuðstaðarins 1882 var hann fullur áhuga um ræktun og hóf tilraunir um leið og færi gafst í ótilgreindum garði sem hann fékk til afnota.<sup>214</sup> Á sama tíma lét hann leggja grunn að eigin íbúðarhúsi og að tilraunagarði sínum í Aðalstrætinu.<sup>215</sup> Eftir að sá garður kemst í gagnið, líklegast um haustið 1883 og vorið 1884, tekur hann til óspilltra málanna.

Garðyrkja átti miklum vinsældum að fagna á Vesturlöndum um þetta leyti. Horfðu menn ekki einvörðungu til búdrýginda í þeim efnum, heldur komu fram æ fleiri lækisfræðilegar sannanir um hollustu garðávaxta. Upp úr aldamótunum 1900 fór síðan að bera á ákveðinni stefnu í bæjar- og borgarskipulagningu sem miðaðist að því að auka á „græn“ eða ræktuð svæði innan þéttbýlis, bæði með mat- og skrautjurtaræktun,

<sup>209</sup> Haraldur Sigurðsson, *Hallir gróðurs háar rísa*, bls. 10-13.

<sup>210</sup> Vigfús Guðmundsson, „Búnaðarmál í Reykjavík”, bls. 169.

<sup>211</sup> Haraldur Sigurðsson, *Hallir gróðurs háar rísa*, bls. 10-13.

<sup>212</sup> Hákon Bjarnason, „Drög að sögu trjáræktar í Reykjavík”, bls. 27-29.

<sup>213</sup> Sama heimild, bls. 30.

<sup>214</sup> H.J.G. Schierbeck „Skýrsla um nokkrar tilraunir til jurtaræktunar á Íslandi“ [1886], bls. 11. Hann kom til landsins í október 1882 og hefur því ekki byrjað að gróðursetja fyrr enn um vorið 1883. Líklegast nýtti hann þó tímenn í að kynna sér ástand ræktunar í Reykjavík og að panta fræ að utan.

<sup>215</sup> Gamla kirkjugarðinum.

sem átti að stuðla að bættri líðan og heilbrigði íbúanna, og var þessi stefna til styrkingar borgaramenningarinnar.<sup>216</sup>

Árið 1883 var að vísu nokkuð langt þar til sú stefna kæmi hingað til lands, en það ár kom þó út bókin *Íslensk garðyrkju-bók*, gefin út í Kaupmannahöfn á vegum Hins íslenska þjóðvinafélags.<sup>217</sup> Bókin er rituð af Frederik Christian Schübeler (1815-1892) einum frægasta grasafraeðingi Norðmanna, prófessor við Kristjaníuháskóla og fyrrum lækni. Ritið var þýtt og staðfært af Mórítz Halldórssyni-Friðrikssyni lækni, vini Schierbecks og kollega. Schierbeck var einnig vel málkunnugur Schübeler og á vissan hátt mátti líta á hann sem læriföður Schierbecks í garðyrkju.<sup>218</sup>

Í Aðalstrætinu byggði landlæknirinn húsið sitt, fékk um 2000 m<sup>2</sup> fyrrum kirkjugarð til afnota og reisti skjólgarð kring um alla lóðina. Hann hófst síðan handa um að gróðursetja og rækta og birti niðurstöður tilrauna sinna 1886 í *Nyt Magazin for Natur-videnskaberne*<sup>219</sup> og í Tímariti Hins íslenska bókmenntafélags.<sup>220</sup> Þegar farið er yfir þessa skýrslu sést að Schierbeck var varla það sem mætti kalla frístundagarðyrkjumaður, þó svo hann hafi unnið þetta starf í sínum frístundum. Og varla er hægt að segja að þarna hafi verið að verki maður sem vildi gera áhugaverðan garð við húsið sitt, enda þótt hann hafi vissulega verið áhugaverður. Aðalstrætisgarðinn mætti miklu frekar kalla tilraunarstöð, þar sem Schierbeck víðaði að sér miklu magni af fræjum og sprotum, frá Íslandi, Danmörku, Noregi, Frakklandi<sup>221</sup> og víðar að og gerði tilraunir með ræktun þeirra, við þær aðstæður sem Ísland og Kvosin buðu uppá.

Alls prófaði hann 110 tegundir trjáa og runna, 38 tegundir matjurta, 241 tegund blóma eða blómstrandi jurta og 7 tegundir korns og annarra nytjajurta<sup>222</sup> og þó svo stór

<sup>216</sup> Frumkvöðull þessarar stefnu er kallaðist *The Garden City* var Bretinn Ebenezer Howard (1850-1928)

(Sjá: Ebenezer Howard, *Garden Cities of To-Morrow*, London og umfjöllun um Howard á Vef: John W.Reps „Garden Cities of To-Morrow“.

<sup>217</sup> Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við sundin*, bls. 229-231.

<sup>218</sup> Það að læknar hafi hneigist svona til garðyrkju var síður en svo óeðlilegt og átti sér rætur langt aftur í aldir. Þær þrjár starfsstéttir þaðan sem fyrstu lærðu garðyrkjumennirnir koma (a.m.k. á Vesturlöndum) voru munkar, læknar og lyfjafræðingar, og tengdist að sjálfsögðu ræktun lyfja- og lækningajurta (*Viðtal við Samson B. Harðarson*).

<sup>219</sup> Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við sundin*, bls. 233.

<sup>220</sup> H.J.G. Schierbeck, „Skýrsla um nokkrar tilraunir til jurtaræktunar á Íslandi“.

<sup>221</sup> Auk sendinga frá Danmörku, fékk hann ýmislegt frá Schübeler í Noregi.

<sup>222</sup> H.J.G. Schierbeck, „Skýrsla um nokkrar tilraunir til jurtaræktunar á Íslandi“ [1886], bls. 18-66.

Merkilegt er að sjá hvað honum gekk illa með greni (bls. 24-25). Greni (þá einkum hvítgreni) var uppistaðan í skjólbeltaræktun Dana og hafði því hugsanlega mótað skoðanir Schierbecks á því. Þau yrki sem hann prófaði hér hentugu hinsvegar ekki landinu. Sömuleiðis gekk illa með birki (bls. 14), en erfitt reyndist að flytja norskt eða danskt birki milli breiddargráða (Samson B. Harðarson).

hluti þessara plantna hafi ekki náð að vaxa og dafna í þessu umhverfi, var það einmitt tilgangur tilraunanna að sjá hvaða plöntur hentuðu Íslandi. Svo umfangsmikil var þessi starfsemi hans að sá grunur vaknar að hún hafi verið ein ástæða þess að Schierbeck sóttist eftir embætti hér á landi, þ.e.a.s. það veitti honum tækifæri til að stunda rannsóknir og tilraunir á sviði garðyrkju í landi sem hafði fram að því verið þekkt fyrir allt annað en gróskumikla flóru.

Frekari niðurstöður birti hann í annarri skýrslu árið 1890 og var þá búinn að fjarlægja kjarnan frá hisminu og getur fjallað um aðra þætti garðyrkjunnar en einvörðungu þá sem snertu jurtir sem þrifust á Íslandi. „Þessar hinar síðari tilraunir mínar ná hvergi nærri til svo margra jurtategunda sem hinar fyrri, en þær hafa sjerstaklega stefnt að því, að láta þær jurtirnar ná sem mestum þroska, sem virðast geta orðið að nokkru gagni hjer á landi...“<sup>223</sup>

Þessi síðari skýrsla var að sjálfsögðu öllu styttri en hin fyrri og í henni lagði Schierbeck megináherslu á matjurtir, enda var það sú tegund garðyrkju er hentaði Íslendingum best. Auk rótarávaxta, lauka o.þ.h. hafði hann einnig gert tilraunir með „exótískari“ tegundir.

1887 og 1888 tókst mjer dálitlu betur en áður að rækta agúrkur. Jeg fjeck 5 smáar salat-agúrkur í glugga einum. Ef jeg hefði haft ráð og rúm til að rækta þær í 5 eða 6 heitum samhangandi gluggum, hefði jeg vafalaust komizt lengra áleiðis með ræktun þeirra.<sup>224</sup>

Ein var sú matjurt sem Schierbeck átti heiðurinn af því kynna fyrir Íslendingum, og náði fljótt mikilli hylli, en það var rabbabarinn.

*Rhabarba* rækta jeg mjög mikið af, og er hún orðin talsvert víða hjer á landi. Síðustu 5 árin hef jeg sent nær 1000 plöntur víðs vegar um landið. Leggirnir eru hjer mest notaðir til að gjöra úr þeim grauta. Nokkuð af vökvanum er soðið niður til geymslu, og sumir hafa tekið það fyrir, að búa til vín úr honum. Jeg hef reynt það nokkrum sinnum og tekizt vel. Þetta árið hef jeg búið til 120 potta eptir fyrirsögn *próf. Schübelers*.<sup>225</sup>

<sup>223</sup> H.J.G. Schierbeck, „Skýrsla um nokkrar tilraunir til jurtaræktunar á Íslandi“ [1890], bls. 145.

<sup>224</sup> Sama heimild, bls. 161.

<sup>225</sup> Sama heimild, bls. 164.

Sumt hefur þó ef til vill komið lesendum spáskt fyrir sjónir, eða þótt full framúrsteftnulegt.

Hinn almenni fífill vex hjer óræktaður. Sjeu fíflar gróðursettir í beð í görðum, má bleikja leggi þeirra á vorum, og sjeu leggirnir skornir saman við rauðbeðjur, með olíu, ediki og salti, verður þetta, að mjer þykir, bragðgott *Salat...*

Á Íslandi mætti annars koma upp ágætum gróðrarskálum, ef fje væri til þess, með því að veita heitu vatni frá hverunum eptir ræsum niðri í jörðinni, og reisa hús yfir; þá væri bæði hiti fenginn og raki.<sup>226</sup>

Garður landlæknisins vakti nokkuð fljótt athygli og mætti segja að hér hafi verið kominn fyrsti raunverulegi skruðgarður Íslands, þó svo ræktunin í honum hafi verið fjölbreytileg (þ.e. einnig matjurtaræktun). Það er reyndar með ólíkindum, og ber vott um hversu góður garðyrkjumaður hann var, að honum skuli hafa tekist að ná jafnmikilli grósku í garðinn sem raun ber vitni, því staðsetningin bauð varla upp á það.<sup>227</sup>

Landrýmið milli Aðalstrætis og Lækjargötu (Kvosin) er í raun lítið annað en malarkambur sem hlóðst upp milli sjávarins og Tjarnarinnar frá seinustu ísöld og jarðvegur þar lengst af skornum skammti.<sup>228</sup> Þarna var stórfelld ræktun yfirleitt talin ómöguleg, þar sem svæðið er mjög opið og bert til norðurs (til sjávar) og suðurs (að Vatnsmýrinni), þótt nokkuð skjól hafi verið fyrir austan- og vestanáttum. Auk þess var sjávarstaða mun nær gamla kirkjugarðinum 1885 en hún er í dag, og sjávangangs og seltu gætti um allt svæðið. Skjólgarður Schierbecks gegndi því lykilhlutverki í framkvæmdum hans, svo og skilningur hans á samsetningu jarðvegs, og þess áburðar og þeirra bætiefna sem hann þurfti að hafa við hendina, ef árangur átti að nást.<sup>229</sup>

Árið 1885 lýsir Sveinn Sveinsson búfræðingur garðinum og taldi hann að Schierbeck hefði náð ótrúlegum árangri „Þrátt fyrir óhagstætt veðráttufar í sumar, hafa þessar tilraunir heppnast furðanlega og borið meiri ávöxtu en við mátti búast í slíku árferði.“ Hann taldi um 500 tegundir jurta í garðinum og þótti honum matjurtatilraunirnar (þá einkum með kálrófnar) merkilegastar.<sup>230</sup>

<sup>226</sup> Sama heimild, bls. 165-173.

<sup>227</sup> Viðtal við Samson B. Harðarson.

<sup>228</sup> Vef: Sigurður Steinþórsson, „Hvernig mynduðust Kvosin og Tjörninn í miðbæ Reykjavíkur?“.

<sup>229</sup> Hann nefnir þetta í báðum skýrslunum, og í riti sínu *Leiðarvísir til að rækta gulrófur (kálrabi), túrnips og bortfelzkar rófur* (1886).

<sup>230</sup> Sveinn Sveinsson, „Hið íslenska garðyrkjufjelag“, *Ísafold* 21. október 1885, bls. 183



Um Aðalstrætisgarðinn hefur einnig verið sagt:

Það er fullyrt af þeim, sem vit hafa á, að stærsti skógur Íslands sé í Reykjavík, og um það mundu menn sannfærast ef allir trjagarðarnir væru sameinaðir. Þetta er Schierbeck að þakka. Og allir fögru blómagarðarnir, sem gleðja augu vegfarenda, og metnir eru til verðlauna á hverju ári, eru skilgetin afkvæmi blómagarðsins í Aðalstræti. Og matjurtaræktin, sem nú stendur með svo miklum blóma, getur rakið ætt sína á sama stað.<sup>231</sup>

Auk hinna tveggja ofangreindra skýrslna var Schierbeck afar ötull að rita um garðyrkjumál í íslensk blöð og tímarit. Ein áhugaverð nýjung sem hann boðaði voru vermireitir, þ.e. að forrækta plöntur undir gleri snemma vors, með þessu var ræktunartíminn lengdur allverulega.<sup>232</sup> Auk þessa gaf hann út tvær bækur um garðyrkju, *Leiðarvísi til að rækta gulrófur (kálrabi), túrnips og bort-felzkar rófur*, sem kom út 1886 og *Garðyrkjukver* 1891. Í fyrra ritinu lýsti hann hluta af aðferðafræði sinni:

Með nákvæmum rannsóknum getum vjer aflað oss þekkingar á því, af hverjum efnum hver einstök jurt er samansett, og sömuleiðis, hver efni jarðvegurinn hefur í sjer fólgin á hverjum stað fyrir sig. Þannig má það heppnast fyrir vísindalegar rannsóknir, að kveða á um það, hverjar jurtir best munu þrífast í hverjum jarðvegnum fyrir sig, þegar gætt er efnasamsetningar þeirra.<sup>233</sup>

Fljótlega eftir 1886, var það orðið ljóst að Aðalstrætisgarðurinn myndi ekki nægja fyrir allar áætlanir og tilraunir Schierbecks og því festi hann kaup á spildu við Rauðará sem þá var rétt fyrir utan Reykjavíkurbæ. Til þeirra kaupa fékk hann styrk frá Classenske Fideicommis og Raben-Levetzau-sjóði upp á einar 2000 krónur.<sup>234</sup> Holtin í kring um höfuðstaðinn voru þá mjög grýtt og gróðurlítill, og varð landlæknirinn frumkvöðull í ræktun þeirra. Í kring um þá ræktun stofnaði hann síðan Jarðræktarfélag Reykjavíkur árið 1890, til þess „að hvetja menn til að taka óyrkt land til ræktunar og

<sup>231</sup> Árni Óla, *Reykjavík fyrri tíma*, annað bindi, bls. 488.

<sup>232</sup> *Ísafold* 11. nóvember 1885, bls. 194-195.

<sup>233</sup> H.J.G. Schierbeck, *Leiðarvísir til að rækta gulrófur (kálrabi), túrnips og bortfelzkar rófur*, bls.6

<sup>234</sup> H.J. G. Schierbeck, „Skýrsla um nokkrar tilraunir til jurtaræktunar á Íslandi“ [1890], bls. 149.

ljetta mönnum kostnaðinn við það svo sem unnt er“.<sup>235</sup> En hugsunin náði þó lengra, því hann vildi einnig að á þessum stað yrði stofnsettur garðyrkjuskóli.

Það er mín innileg sannfæring, að góður garðyrkjuskóli muni verða að hinum mestu notum til eflingar garðræktinni á Íslandi, og því leitast jeg við, svo sem í mínu valdi stendur, að koma honum á fót...Jeg beiddi alþingi um 400 króna árlegan styrk til garðyrkjumanns, en alþingi synjaði mjer um þann styrk; aptur á móti útvegaði lands-höfðinginn mjer 400 kr. af því fje, sem hann hefur til umráða.<sup>236</sup>

Garðyrkjumaðurinn sem Schierbeck fékk í nám til sín í þrjá mánuði var Einar Helgason (1867-1935) síðar garðyrkjuráðunautur, garðyrkjustjóri og ein helsta drif-fjöldur garðyrkju á Íslandi fyrri hluta 20.aldar<sup>237</sup> og segja má að frá þessum tíma til dánardags Einars hafi Reykjavík verið miðstöð garðyrkjuframkvæmda á Íslandi.<sup>238</sup>

Ræktunartilraunirnar við Rauðará áttu sér þó óvin:

Garðyrkjan á Íslandi á þar illan óvin, sem sauðfjenaðurinn er. Haust og vor eru skepnur þessar reknar í Reykjavík og nágrenninu út á graslaus holt í grennd við bæinn; hlaupa þær því hálfhungraðar mjög opt inn í garða annara og tún, og bíta þá allt sem þær geta í náð, jafnvel viðargreinir niður að rótum, og rífa upp heilar raðir af nýlega gróðursettum jurtum. Hið eina ráð, sem að notum hefur komið gegn slíkum skemmdum, hefur það reynzt, að láta vaka á næturnar með góðum hundum.<sup>239</sup>

Ekki voru það allir sem litu þetta tólmstundagaman landlæknisins sem ofurmerkilegt starf. Einn nemanda hans við Læknaskólann (Sigurður Magnússon) segir um þá kollega Schierbeck og Jónassen að auk kennslunnar hafi Jónas haft „langmest af læknisstörfum (praxis). Schierbeck hafði einnig nokkuð, einkum við útvortis mein, en allar eða flestar frístundir notaði hann til þess að róta í garði sínum...”<sup>240</sup>.

Aðrir töldu þó að hann hafi oft sameinað áhuga sinn á þessum greinum.

<sup>235</sup> *Ísafold* 30. apríl 1890, bls. 139.

<sup>236</sup> H.J.G. Schierbeck, „Skýrsla um nokkrar tilraunir til jurtaræktunar á Íslandi”[1890], bls. 148-149

<sup>237</sup> Haraldur Sigurðsson, *Hallir gróðurs háar rísa*, bls. 20.

<sup>238</sup> Viðtal við Samson B. Harðarson.

<sup>239</sup> H.J.G. Schierbeck, „Skýrsla um nokkrar tilraunir til jurtaræktunar á Íslandi”[1890], *Tímarit hins Íslenska bókmenntafélags*, 1890, bls.150.

<sup>240</sup> Sigurður Magnússon, *Æviminningar læknis*, bls. 61-62.

Þá var hann glaðastur, er hann hafði gert einhvern sjúklinginn heilan heilsu og fjekk svo tómstund til þess að ganga úti í garðinum sínum í glaða sólskini, hlúa að blómunum og róta snögglæddur í moldinni. Þá varð andlitið eitt breitt bros — þá var Schierbeck í essinu sínu.<sup>241</sup>

## 5.1 Garðyrkjufélagið og nýtt Ísland.

Í aprílmánuði 1885 var stofnað í Reykjavík Hið íslenska garðyrkjufélag og átti Schierbeck veg og vanda að stofnun þess, auk þess að hann var formaður félagsins næstu sjö árin. Á svipuðum tíma var verið að stofna slík félög víðsvegar um Vestur-Evrópu.<sup>242</sup> Félagið hér á landi var kynnt með stefnuskrá í blöðunum og undir hana rituðu, auk landlæknis, nokkrir af helstu áhrifamönnum og broddborgurum Reykjavíkur. Þarna voru Eggert Jónassen bæjarfógeti, Halldór Kr. Friðriksson yfirkennari, Sigurður Melsteð lektor við Prestaskólann, Árni Thorsteinsson landfógeti, Steingrímur Thorsteinsson rektor Lærða skólans, Magnús Stephensen amtmaður, Hallgrímur Sveinsson dómkirkjuprestur, Pétur Pétursson biskup, Lárus Sveinbjörnsson yfirdómari, Grímur Thomsen þingmaður, Þórarinn Böðvarsson prestur, Geir Zoëga kaupmaður, Kristján Jónsson sýslumaður, Sveinn Sveinsson búfræðingur, Björn Jónsson ritstjóri og Bergur Thorberg landshöfðingi.<sup>243</sup>

Það er varla við því að búast að allir þessir fínu herrar hafi stundað sína eigin garða, eða „rótað“ í þeim, líkt og Schierbeck gerði. Þeir lögðu hinsvegar nafn sitt við hið nýstofnaða félag vegna þeirra markmiða sem vonast var að félagið myndi ná.

Það virðist auðsætt, að efling og aukning garðyrkjunnar hér á landi geti orðið landsbúum til mikils gagns og framfara, með því að þeir með því móti ættu hægra með að afla sér heilnæmrar jurtafæðu, sem, eins og kunnugt er, stuðlar næsta mikið að því, að afstýra ýmsum sjúkdómum, t. a. m. skyrbjúg, og sumpart gætu þannig aflað vetrar-fóðurs handa skepnum sínum, með því að ýmsar eru þær fóðurjurtir, er spretta vel í óþurkasumrum, þá er mjög er örðugt að bjarga heyi óskemmdu... Að þessum tilgangi sínum mun fjelagið styðja, með því:

1. að sjá um, að sem auðveldast verði að fá gott og nægilegt fræ til útsæðis;
2. að afla þekkingar á því fyrir reynsluna, hverjar aðaltegundir og aukategundir bezt þrífist hér á landi, og hverja aðferð skuli við hafa, til þess að tegundir

<sup>241</sup> Guðmundur Guðmundsson, „H.J.G. Schierbeck landlæknir“, *Óðinn* apríl 1915, bls. 3.

<sup>242</sup> *Viðtal við Samson B. Harðarson.*

<sup>243</sup> *Suðri* 30. júní 1885, bls. 72.

þessar heppnist sem bezt; og enn fremur sjá um, að þessi þekking breiðist út meðal almenning;

3. að glæða áhuga landsbúa á garðyrkju, og því veita verðlaun fyrir þær jurtir, sem bezt eru ræktaðar, og fyrir gott fræ, sem aflað er hér á landi.<sup>244</sup>

Garðyrkjufélagið fór vel af stað, en árgjaldið var 1 kr. og ævigjald 20 kr. Að fjórum árum liðnum voru félagsmenn orðnir 243.<sup>245</sup> Aðalstarf þess í upphafi var að veita mönnum tilsögn, útvega bæði fræ og verkfæri til framkvæmda,<sup>246</sup> svo og að styrkja nokkra bændur við að koma sér upp vermireitum.<sup>247</sup> Schierbeck skrifaði á næstu árum nokkrar greinar í landsblöðin (þá aðallega *Ísafold*) með ráðleggingum og upplýsingum um þetta áhugamál sitt, auk þess sem hann gaf út, sem fyrr segir, tvær garðyrkjubækur.

Eins og sjá mátti af stefnuskrá félagsins, var höfuðáherslan lögð á matjurtarækt, og á sviði matjurtaræktunnar gætti sterkast aðkomu Schierbecks.<sup>248</sup>

Með því, að stjórn félagsins er sannfærð um, að bezta ráðið til að efla garðyrkju hjer á landi, að minnsta kosti í byrjuninni sje það, að styðja að ræktun þeirra jurta, sem full ástæða er til að vonast eptir að geti borið svo mikinn ávöxt að borgað geti fyrirhöfnina og vinnu þá, sem varið er þeim til ræktunar...<sup>249</sup>

Einkum lagði hann áherslu á rófnarækt, bæði til manneldis og skepnufóðurs í formi fóðurrófna, og taldi hann að slík framleiðsla gæti orðið bændum mikil búbot<sup>250</sup>. Hugmyndir landlæknisins urðu Árna Pálssyni, barnakennara og bónda í Narfakoti, tilefni til skrifa 1886:

Flestir munu þó vera komnir á þá skoðun, að garðjurtir sjeu gagnlegar til manneldis og að því leyti góður bústyrkur. Hitt mun mörgum hulið, hve mikið garðyrkjan gæti verið *kvikfjárræktinni* til eflingar, einkum *nautpeningsræktinni*... Jeg efast ekki um, að ef garðyrkja væri stunduð hjer á landi svo sem unnt væri, mætti fjölga kúnum um fimmta part. Sá sem hefði nóg

<sup>244</sup> Sama heimild.

<sup>245</sup> Vigfús Guðmundsson, „Búnaðarmál í Reykjavík“, bls. 170.

<sup>246</sup> Viðtal við Samson B. Harðarson.

<sup>247</sup> Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við sundin*, bls. 238.

<sup>248</sup> Þó að hann sjálfur stundaði trjá- og skrautplönturækt, má segja að vart hafi verið komin tími til slíkra verka meðal almennings, þó svo að broddborgarar hafi leyft sér það. Áhugi á slíkri ræktun fylgir oftast bættum efnahag. (Viðtal við Samson B. Harðarson).

<sup>249</sup> H.J.G. Schierbeck, „Hið islenska garðyrkjufjelag“, *Ísafold* 24. febrúar 1886, bls. 80.

<sup>250</sup> Sjá grein hans í *Ísafold* 23. september 1885, bls. 166-167.

hey handa 4 kúm, gæti auðveldlega fóðrað 5, ef hann hefði nóg af káli og rófum handa þeim með heyinu, og munu menn fljótt sjá, að það er ekki svo lítill hagur.<sup>251</sup>

Undir þetta tók Schierbeck, en ári fyrr hafði hann skrifað:

hjer ætti að leggja sem mesta stund á að græða út túnin og yrkja þau sem allrabezt, auka kúabúið o. s. frv., í stuttu máli: að yrkja jörðina og rækta sem bezt og vandlegast til þess að láta hana gefa sem mest af sjer, í stað þess að láta sjer ein-göngu nægja að hirða það sem náttúran af sjer gefur sjálfkrafa, svo sem grasið í högunum eða á óræktuðum engjum. Það er vitaskuld, að eptir því sem hjer hagar til, þá verður þessi hin síðarnefnda hag-nýting landsins jafnan mikilsverð; en ekki mun það skemma að hafa það jafnan hugfast, að það má hafa að marki, að þa er búnaður hvers lands framfaraskeiði, er ræktunin fer í vöxt, en í apturför, ef hún fer minnkandi.<sup>252</sup>

Og síðar það sama ár:

Framfarir Íslands hvað efnahag snertir eru mestmegnis komnar undir því, að afurðir náttúrunnar aukist sem mest. Með því nú að garðyrkjan er ein af þeim uppsprettulindum, þá ætti hver góður Íslendingur að gefa henni mjög mikinn gaum; og það er örugg sannfæring mín, að þrátt fyrir það, þótt landið liggi svona norðarlega og sje svona hrjóstugt, þá veiti jörðin hjer á landi ríkulega umbun fyrir vinnu þá, er varið er til að rækta hana... Jörðin hjer á landi hrópar og kallar eptir vinnu. Vjer verðum að vinna, og vinna með elju og þrautgæði; það kemur margfalt aptur.<sup>253</sup>

Líta má svo á að þessum mönnum hafi þótt að aukin áhersla á garðrækt væri lykill að umbótum á Íslandi, þ.e.a.s. í því landbúnaðarsamfélagi er var ríkjandi á landinu árið 1885. Schierbeck taldi að ræktun fóðurrófna til nautgripaeldis væri mun öruggari leið til fóðuröflunar en það að reiða sig einvörðungu á grasrækt. Tilraunir hans höfðu sýnt að þeir jarðávextir sem hann ræktaði döfnuðu mjög vel og þoldu mun meiri sveiflur í tíðarfari en gras misgóðum túnnum.<sup>254</sup> Auk þess mátti margfalda uppskeru með því verklagi sem hann boðaði, svo sem vermireitaræktun og það sem varðaði næringu

<sup>251</sup> Árni Pálsson, „Nokkur orð um garðyrkju“, *Ísafold* 10. nóvember 1886, bls. 182.

<sup>252</sup> H.J.G. Schierbeck, „Nokkur orð um fátækramálefni og framfarir landsins“, *Ísafold*, 3. júní 1885, bls. 93.

<sup>253</sup> H.J.G. Schierbeck, „Um vermireiti“, *Ísafold* 11. nóvember 1885, bls. 194.

<sup>254</sup> Sbr. orð Sveins Sveinssonar búfræðings í *Ísafold* 21. október, 1885, bls. 183, en þar undrast hann stærð þeirra rófna sem Schierbeck hafði ræktað í garði sínum, þrátt fyrir blautt og kalt sumar (Schierbeck hafði þá sett rófnafræin niður í apríl, í vermireit).

og áburð, þar sem nánast allt tifallandi lífrænt efni var nýtt (þ.e. með safnhaugum). Hið sama mátti í raun lesa út úr stefnuskrá Garðyrkjufélagsins. Félagið var ekki stofnað einvörðungu til að aðstoða menn með kálgarða að húsabaki, því að það gat og átti að hafa veruleg áhrif á efnahag landsins.

En þær stórfelldu breytingar á landbúnaði Íslands sem Schierbeck sá fyrir sér og vonaðist e.t.v. að hrinda í framkvæmd létu á sér standa, og hugsanlega hefur það valdið honum nokkrum vonbrigðum eins og rætt er um í næsta kafla. En í Reykjavík urði þó breytingarnar mun áþreifanlegri.

Þótt undarlegt virðist, mun þessi áhugi á jarðrækt og jarðabótum óvída vera meiri en hjer í Reykjavík. Hjer var eigi hugsað mikið um þess konar, fremur en annarstaðar, þangað til fyrir svo sem þrem árum. Þá var eins og menn allt í einu vöknuðu af svefni. Það var eins og landið hjer í kringum bæinn fengi allt annað útlit en áður. Mönnum hafði eigi dottið í hug fyrri, að það væri um neinn auðugan garð að gresja í holtunum hjer í kring, eða í þessum graslitlu útgröfnum mómýrum. En nú var svo sem það allt í einu opnaðist fyrir mönnum, að í þessum hrjóstugu holtum og mýrum væri fullt af fólgnum fjársjóðum,— að þar væru eins konar dalakútar í jörðu fólgnir.<sup>255</sup>

Annað dæmi um þennan aukna áhuga var Alþingisgarðurinn, sem hafist var handa við að rækta 1893 og var Tryggvi Gunnarsson einn helsti forvígismaður hans og vildi hann að sá garður yrði, ásamt Aðalstrætisgarðinum, n.k. tilraunastöð fyrir ræktun Reykvíkinga.<sup>256</sup>

Hvað Garðyrkjufélaginu viðvíkur, stjórnaði Schierbeck því til 1893, eða þar til hann fluttist alfarinn frá Íslandi. Við formennskunni tók Þórhallur Bjarnason prestaskólakennari (síðar biskup).<sup>257</sup> Það má þó segja að Garðyrkjufélagið hafi nánast liðið undir lok við brottför Schierbecks, eða að minnsta kost lagst í dvala, þar til Einar Helgason endurreisti það nokkrum áratugum síðar.<sup>258</sup>

<sup>255</sup> Sæmundur Eyjólfsson, „Jarðræktin í Reykjavík“, *Ísafold* 20. febrúar 1892, bls.57.

<sup>256</sup> Bergsteinn Jónsson, *Tryggvi Gunnarsson*, IV bindi, bls. 371-372

<sup>257</sup> *Ísafold* 30. september 1893, bls. 266.

<sup>258</sup> Á vefsíðu Garðyrkjufélagsins má til dæmis sjá að eftir stjórnartíð Þórhalls, 1901, liggur starfsemin nánast alveg niðri til 1918. ( Vef: „Saga Garðyrkjufélags Íslands“).

## 6. DOKTOR SCHIERBECK OG ÍSLENDINGARNIR.

Þótt upphafsár landlæknistíðar Schierbecks hafi ef til vill verið brösótt og margir ekki sáttir við veru hans hér á landi eða þær framkvæmdir sem hann vildi hleypa af stað,<sup>259</sup> þá virðast Íslendingar fljótt hafa tekið hann í sátt. Þetta gerðist ekki síst eftir að í ljós kom hversu honum var umhugað um framfarir og velsæld hér á landi, en var ekki einvörðungu að svala eigin vísindalegri forvitni með tilraunum sínum á sviði læknisfræðinnar og garðyrkjunnar. Margir urðu til að þakka honum fyrir, svo sem séra Ólafur Ólafsson í Guttormshaga, sem birti grein er kallast „Kornkaup og garðyrkja“ í *Ísafold* árið 1892.

Landlæknir vor á þakkir skilið fyrir það, hve góðan vilja og sterkan áhuga hann hefir sýnt í því að efla garðrækt hjer á landi; er þessi áhugi hans því virðingarverðari, sern hann er útlendur maður og ekki tengdur við landið þeim sömu böndum, sem vjer hinir. ...hin beztu laun, sem hver framfaramaður getur hlotið, er, að farið sje eptir kenningum hans og bendingar hans teknar til greina.<sup>260</sup>

Og í *Reykvíkingi* það sama ár var stutt grein er fjallað um væntanlegt brotthvarf landlæknisins:

það [er] hörmung fyrir oss, því betri læknir hefur sjálfsagt aldrei hér verið, það sýna svo óteljandi og ógleymandi dæmi, hvar hann að öllum öðrum frágeingnum, hefur reist aðframkomna á fætur; enda ber þessi almenni fyrirfram söknuður bestan vott um hversu mikið traust og huggun þykir að hérveru hans. Auk þess hefur hann, með sinni frábæru atorku og elju, verið almenningi til fyrirmyndar í jarðrækt og bæði kent og skrifað um hana, og hefur það borið margfaldan ávöxt, sem af sjálfu sér mun hér eptir þróast, til ómetanlegs gagns fyr land og lýð.<sup>261</sup>

En látum frekari hrósyrði bíða eftirmælanna. Schierbeck var, sem fyrr segir, umhugað um framfarir hér á landi. Í *Ísafold* 1886 birtist grein eftir „u.a.“ er nefnist „Að

<sup>259</sup> Sjá kafla 2.1 og 2.4

<sup>260</sup> Ólafur Ólafsson, „Kornkaup og garðyrkja“, *Ísafold* 23. apríl 1892, bls. 129.

<sup>261</sup> *Reykvíkingur* 21. janúar 1892, bls. 51.

missa ekki móðinn” þar sem greinarhöfundur reyndi að stappa stálinu í landsmenn, sem höfðu þurft að þola illa veðráttu, óhagstæða verslun og ógreiða atvinnuvegi um hríð. Hann nefndi ýmislegt til úrbóta, einkum þó á sviði búnaðarfélaga og einnig fiskveiða.<sup>262</sup> Í næsta tölublaði skrifaði Schierbeck og taldi greinina rétt hugsaða.

Það er mikið og margt öðru vísi en á að vera hjer á landi, mörgu að breyta og margt að umbæta; en leiðin til að bæta úr þessum göllum er vissulega eigi sú, að leggja árar í bát og fara af landi burt til Vestur-heims. ...Hinn bágborni hagur lands-manna nú sem stendur er eflaust að nokkru leyti því að kenna, hvað kaupmenn hafa verið örir að lána í góðu árunum. Almennigur hefir eigi staðizt freistinguna og ekki kunnað að sníða sjer stakk eptir vexti. ...Ísland er óneitanlega á framfaravegi, og það er enginn efi á því, að öruggur og óbifanlegur vilji til atorku og iðjusemi og sameiginleg og samtaka framfaraviðleitni í þjóðmegunarmálefnum muni hrinda hinu gamla landi fram á leið, bæði í blíðu og stríðu.<sup>263</sup>

Í greininni nefndi hann að sjálfsögðu garðyrkju sem eitt spor í átt til framfara landsins. Árið áður hafði hann einnig ritað um framfarir, en þá með áherslu á fátækra styrki og hversu mikill klafi honum þótti slíkir styrkir fyrir dugandi samfélag.

Jeg er nefnilega þeirrar skoðunar, að haganlegt fyrirkomulag á fátækramálefnum hljóti að hafa mjög mikil áhrif á framfarir landsins að efnahag... Fátæktin hjer á landi á að mjer virðist að miklum mun rót sína í því, að það er svo fjarskamikill vinnutími, sem er látin ónotaður. ...hversu mikið land mætti eigi gera að fögrum engjum, með fremur lítilli fyrirhöfn til þess að gera, og sem gætu framleitt hin mestu firn af heyi; hvers mikið mætti eigi vinna á ýmsum stöðum að því að veita burtu vatni þar sem því er ofaukið; hversu mikið mætti eigi stækka túnin og bæta þau bæði með því að ná úr þeim grjóti og með því að sljetta þau, o. s. frv.<sup>264</sup>

Schierbeck var það mikill áhangandi landbúnaðar að hann sá ekki fiskveiðar sem grunnstoð atvinnulífsins, að minnsta kosti ekki eins og þær blöstu við 1885, enda viðurkenndi hann að hann vissi lítið um þá atvinnugrein. Hann sagði þó að í veiðunum

<sup>262</sup> *Ísafold* 6. október 1886. Bls, 161-162.

<sup>263</sup> H.J.G. Schierbeck, „Meira um „að missa ekki móðinn““, *Ísafold* 13. október 1886, bls. 166-167.

<sup>264</sup> H.J.G. Schierbeck, „Nokkur orð um fátækramálefni og framfarir landsins“, *Ísafold* 3. júní 1885, bls. 94.



væri harla lítil gróðravon fyrir landið á meðan útræði væri stundað á opnum bátum, og því væri rangt að menn yfirgæfu landbúnaðinn til að stunda þær.<sup>265</sup>

Það er athyglisvert í þessum greinum Schierbecks, að þótt hann nefndi vandamál og úrlausnir þá gerði hann það aldrei beint sem útlendingur og nefndi aldrei dæmi annars staðar frá. Enda mætti e.t.v. segja að hann hafi fengið heiðursstöðu „Íslending“ nokkuð fljótlega eftir komu sína hingað, einkum þá er í ljós kom hversu umhugað honum var um landið og hag þess. Það getur einnig verið að hann hafi tekið sér þá stöðu sjálfur. Til marks um þetta má nefna að er fjórða barn hans og Inu fæddist árið 1884 var drengurinn skírður Kjartan Víglundur, en ekki aldönsku nafni.<sup>266</sup>

En þótt að hann sæi hér margt í jákvæðu eða vonarljósi, hafði hann lítið álit á pólitík Íslendinga og hafa tíðar synjanir Alþingis á styrkumsóknum hans sennilega spilað þar eitthvert hlutverk.

Stjórnsmál vor ljet hann sig vist litlu skifta. Þeim, er þetta ritar, er minnisstætt það sem Schierbeck sagði einu sinni inni hjá H. Kr. Friðrikssyni sál. yfirkennara, er einhver mintist á íslensk stjórnsmál um þingtímann: »Skal de (e: Íslendingar) nu til at göre Spektakel igen! Nei, bliv først ökonomisk uafhængige! Det kan De og saa kan De göre hvad De vilk«<sup>267</sup>

Schierbeck virðist yfirleitt hafa haft skilning á þeim erfiðleikum sem allar framfarir á Íslandi voru bundnar, en þó er sem þolinmæði hans hafi þrotið á einhverjum tímamarki. Óánægja hans birtist skýrt í grein í *Ísafold*, rituð í mars 1889 og nefnist „Fáein orð um framfarir Íslands“.

Þótt jeg sje ekki Íslendingur að uppruna, þá segi jeg það þó eins og er, að mjer er mjög umhugað um framfarir lands þess, er forlögin hafa laðað mig að... Jeg get með engu móti fyllt þann flokk, sem kennir afstöðu landsins, loptslagi o. s. frv. um alla þá fátækt og eynd, sem hjer er. Það er mín innileg sannfæring, að iðin þjóð og starfsöm gæti haft mjög mikið upp úr landinu... því framleiðsla ýmis kona landsnytja er þó, þegar öllu er á botninn hvolft, uppspretta allra auðæfa. ...En aðalorsök hinna rýru framleiðslu hjer á landi er leti og iðjuleysi, sem er svo algengt meðal almennings hjer á landi, sjer í lagi karlmannalýðsins. Hjer er raunar nálega alls ekkert unnið, svo vinna geti heitið, í samanburði við það sem annarsstaðar gjörist, nema rjett með höppum og glöppum... Bændur

<sup>265</sup> Sama heimild.

<sup>266</sup> Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi 1*, bls. 668.

<sup>267</sup> Guðmundur Guðmundsson, „H.J.G. Schierbeck landlæknir“, *Óðinn* apríl 1915, bls. 3.

hafa almennt litla sem enga viðleitni á að auka og efla búnað sinn; þá vantar bæði fje, áræði, þolgæði og framtakssemi. Þeim vex náttúran svo í augum, að þeir þora ekki að kljást við hana; þeir hoga á hæl fyrir henni, í stað þess að ganga öruggir á hólm við hana og gjöra sjer hana undirgefna í sveita síns andlitis.

Hann vék sér síðan aftur að fátækrastryrknum.

Það er líka naumast hægt að koma með öllu snjallara ráð til að efla og útbreiða leti og ómennsku, en hjer tíðkast, þetta að segja við letingjana: «Þegar þig þrýtur vistir, lætur þú mig vita, og verður þjer þá sent eitthvað heim til þín». Og við hina, sem eru að bera sig að vera iðnir, er sagt: «Hafir þú eitthvað afgangs, af því sem þú vinnur þjer inn, þá skulum við koma og finna þig; þú hefir ekki mikið upp úr því». Þetta er að leggja verðlaun við letinni.

Hann nefndi og frelsi.

...það er einmitt frelsið, sem oss vantar. Oss vantar frjálrsræði til þess að geta orðið nógu ólíkir, eins ólíkir og oss er áskapað að geta orðið. Þeir sem eru iðnir að náttúrufari og vinna baki brotnu í sveita síns andlitis, þeir hljóta að trjenast upp á því bráðlega, er þeir sjá, að því meir sem þeir vinna, því meira eru þeir reyttir og rúnir, til þess að letingjarnir geti setið heima á rúmstokknum og dottað.

Og hvað átti þá að gera við þessa letingja?

Það er enginn vegur til að koma þessu hraparlega ástandi af, annar en sá, að afnema allan fátækrastryrk, nema fyrir börn og gamalmenni eða þá sem veikir eru. Látum letingjana flosna upp og eiga sig; þeir eru átumein landsins; það er landhreinsun að þeim. Og þó svo færi, að eitthvað af letingjunum veslaðist út af, þá mundi naumast nokkur hygginn maður kalla sanna velferð landsins dýru verði keypta fyrir það...<sup>268</sup>

Það eru engin ný sannindi að hinir efnameiri hafa tíðum talið leti vera eina höfuðástæða fátækta, slíkt hefur lengi þekkt jafnt á Íslandi sem annarsstaðar og ekki verður tekin afstaða til þess hér. Hér verður heldur ekki rætt um þær hugmyndir er kenndar eru við við félagslegan Darwinisma, um að hinir sterku og duglegu komist ætíð

<sup>268</sup> H.J.G. Schierbeck, „Fáein orð um framfarir Íslands[1]“, *Ísafold* 13. mars 1889, bls. 81-82.

af, en iðjuleysingjarnir verðskuldi að bera beinin, fyrst þeir hafa ekki í sér þann dug að sjá sér farborða.

En það verður þó að teljast nokkuð sérstakt að landlæknirinn, sem á að bera velferð og heilsu *allra* íbúa þessa lands fyrir brjósti skuli telja að „velferð landsins [yrði ekki] dýru verði keypta“ ef fátæklingarnir (iðjuleysingjarnir) myndu deyja drottni sínum.<sup>269</sup> En það sem greinin lýsir öllu frekar eru vonbrigði manns sem hefur lagt fram, að hann telur, gagnmerkar tillögur að því hvernig megi reisa við undirstöðuatvinnuvegin, landbúnaðinn, en þeim hafi verið sinnt bæði hægt og illa. Þremur árum áður hafði Schierbeck einnig gert athugasemd um dugnað Íslendinga í riti sínu *Leiðarvísir til að rækta gulrófur (kálrabi), túrnips og bortfelzkar rófur*, en þar veltir hann því fyrir sér hvort fækkun mjólkurkúa og fjölgun sauðkinda sé vegna þess að síðarnefndu skepnur kallaði á minni fyrirhöfn og erfiði.<sup>270</sup>

Það mætti segja Schierbeck til varnar að hann sá styrkingu landbúnaðar sem einu lausn þess efnahagsvanda sem blasti við á Íslandi. Allt það er tengdist fiskveiðum, hvernig þær höfðu verið stundaðar frá alda öðli og þær breytingar sem smátt og smátt voru að eiga sér stað í þeirri atvinnugrein, voru honum sem lokuð bók. Einnig það, að þau sjö ár sem hann hafði dvalist hér hafa varla nægt til þess að hið aldagamla og staðnaða íslenska landbúnaðarsamfélag tæki við sér, með nýrri ræktun og nýju verklagi.

Annað athyglisvert atriði varðandi greinina er hvernig henni var svarað, eða öllu heldur, hversvegna stóð á svári, því að mótgrein kom ekki fyrr en rúmum mánuði eða tólf tölublöðum síðar, í *Ísafold* þann 27 apríl.

Yfirleitt eru menn ekki seinir til að svara útlendingum þegar þeir gagnrýna heilt samfélag á þennan hátt. Aftur á móti eru andmælin yfirleitt ekki jafn afdráttarlaus ef heimamaður gagnrýnir eigið samfélag. Um þetta má finna mörg dæmi, bæði úr fortíð og nútíð, og eitt nærtækt frá 19. öldinni var vera dr. Edvard Ehlers hér á landi. Ehlers þessi var danskur holdsveikralæknir sem kom hingað sumarið 1894 til þess að kynna sér útbreiðslu sjúkdómsins hér á landi. Þegar hann kom aftur til Kaupmannahafnar flutti hann fyrirlestra og skrifaði greinar um málið, þar sem hann, að sögn, gerði mikið úr

<sup>269</sup> Þetta eru að sjálftu sér hans privat skoðanir ekki embættisins, en hann skrifar undir greinina „landlæknir Schierbeck“.

<sup>270</sup> H.J.G. Schierbeck, *Leiðarvísir til að rækta gulrófur (kálrabi), túrnips og bortfelzkar rófur*, bls. 32.

óþrifnaði Íslendinga og vondu mataræði. Margir Íslendingar búsettir í Danmörku brugðust ókvæða við þessu og skrifuðu margar greinar til að andmæla læknum.<sup>271</sup>

En hvernig stendur þá á því að reiðilestri Schierbecks var ekki svarað umsvifalaust? Á því gætu verið nokkrar skýringar. Í fyrsta lagi má vera að fáir hafi lesið greinina. Í öðru lagi kunna menn að hafa yfirleitt verið honum sammála. Í þriðja lagi báru menn kannski það mikla virðingu fyrir honum, eða embættinu, að þeir hafi ekki talið rétt að svara honum, eða þá í fjórða lagi að ekki er víst að lítið hafi verið á þessi skrif sem umsögn útlendings um vandamál Íslands, heldur nánast eins og heimamaður væri að tjá sig um eigið land, þ.e.a.s. að Schierbeck hafi verið orðin ígildi Íslendings, með verkum sín og gjörðum.

En greininni var þó loks svarað, sem fyrr segir, þann 27. apríl 1889. Svarið skrifaði „Sveitabóndi“ og þó hann hafi verið nokkuð rökfastur, var hann einnig afar kurteis. Um grein Schierbecks sagði hann:

Hinn lifandi áhugi lýsir sjer í allri greininni, og er hann góðra gjalda verður; en því miður ber öll greinin það með sjer, að hann ekki þekkir þjóðlíkama vorn til hlítar, nje kaun hans, og er þá eðlilegt, að ráðlegging hans við sjúkdómnum ekki komi að liði. Með því jeg nú í ýmsu hef aðrar skoðanir á málefni þessu, en hr. landlæknirinn, verð jeg, að hans dæmi, að vænta umburðarlyndis af hans hálfu, einkum þar sem hann, að minni ætlan, hefir kveðið upp mjög svo harðan og ómildan dóm yfir oss Íslendingum.

Um fiskveiðar sagði hann m.a.:

Allur þorri tómthúsmanna í Reykjavík eru fiskimenn; þeir hafa ofan af fyrir sjer og fjölskyldu sinni með því, sem þeir veiða úr sjó; aðalvinna þeirra fram fer á sjónum; auk þess styðjast þeir við það, sem þeim áskotnast með höppum og glöppum, en það er ýms vinna, sem þó er næsta stopul.

Hann vék síðan að eigin atvinnuvegi:

Til sveitanna heima fyrir vil jeg leyfa mjer að segja, að landlæknir þekkir lítið sem ekkert. Hann hefir haft allt annað að gjöra en að kynna sjer iðni og ástundun sveitamanna við vinnu, þegar hann hefir verið á yfirskoðunarferðum

<sup>271</sup> Jón Helgason, *Árbækur Reykjavíkur*, bls. 266. Einnig sjá: *Fjallkonan* 3. desember 1894, bls. 191. og *Stefnir* 31. desember 1894. bls. 107. Shierbeck andmælti einnig dr. Ehlers í *Hospitalstidende*, nr. 47, 1894.

sínum hjer um land, en dóm hans um leti og ómennsku munu þeir eiga engu að síður en fiskimenn.

Hann tíundaði, í stuttu máli, ársverk sveitafólks, og sagði svo:

...jeg veit reyndar, að flestum íslendingum, og það jafnvel kaupstaðarbúum, sem aldrei í sveit hafa verið, eru þau kunn; en svo er að sjá af grein landlæknis, sem hann hafir naumast hugmynd um, að verk þessi sjeu árlega unnin, og haldi, að karlmannalýður á Íslandi sitji jafnaðarlegast á rúmstokknum, haldi að sjer höndum og horfi í gaupnir sjer.

Og að lokum:

...hann [landlæknir] [fer] að tala um lækningu meinsins, og ræður hann til að skera það burt *afnema allan fátækrastryk*, nema fyrir börn og gamalmenni, eða þá, sem veikir eru. Hjer kemur fram, eins og áður, ókunnugleiki hr. landlæknis. Til hvers heldur hann að fátækrastryk sje varið hjer á landi? Fátækrastryk er einmitt varið til þess, að annast gamalmenni, börn og þá, sem veikinda vegna ekki geta haft ofan af fyrir sjer sjálfir; að minnsta kosti er honum varið svo í mínum hreppi...<sup>272</sup>

Þessi „sveitabóndi“ var mikill snillingur, því þó svo hann gagnrýndi landlækninn gerði hann það á svo smekkleган og kurteisan hátt, að það var lítil hætta á að hann myndi styggja Schierbeck. Í stað þess að nota skammir, eða ásaka Schierbeck um fávisku, leggur hann frekar áherslu á ókunnugleika landlæknisins og það ef hann myndi einfaldlega kynna sér málið betur, kæmi ef til vill annað í ljós.

Schierbeck svaraði þann 22. maí, og sagðist hafa íhugað orð „sveitabóndans“ gaumgæfilega, en:

... verð eptir sem áður að halda jafnfast við mína skoðun í þessu máli. Það tekur mig sárt að heyra, að enn skuli vera þeir menn til hjer á landi, þótt skynsamir sjeu að öðru leyti og vel að sér, sem eru svo skammt á veg komnir, að augu þeirra eru ekki farin að opnast svo, að þeir sjái, hve mikið er um iðjuleysi hjer á landi, heldur leyfa sjer jafnvel að fullyrða, að hjer sje unnið að tiltölu eins mikið og annarstaðar.

Schierbeck hafði þó dregið mikið úr fyrri fullyrðingum, og sá einnig vonarglætu.

<sup>272</sup> Sveitabóndi, „Fáein orð um framfarir Íslands“, *Ísafold* 27. apríl 1889, bls. 134-136.

Hinn heiðraði höf. mun ekki geta nefnt nokkurn einn hlut, sem getur einn út af fyrir sig hjálpað framleiðslunni við, án þess að meira sje unnið. Það er gott að hafa sem bezta stjórnarskipun, það er gott að hafa sem bezta alþýðumenntun, það er gott að hafa góða vegi um landið, og þetta allt mundi hafa mikil áhrif á framleiðsluna. En þar fyrir er engin ástæða til að láta það ógjört, er vjer getum, til að auka framleiðsluna, meðan vjer bíðum eptir þessum gæðum og hlunnindum. Hvílik gleði og huggun er það eigi, þegar maður hittir fyrir á stöku stað, innan um óræktarmóa og óræktuð tún með álnarháum vindbörðu þúfum, mörghundruðu ferh. faðma af nýjum þúfnasljettum. Jeg tek djúpt ofan fyrir þeim, er slíkt hefir afrekað; í slíkum manni þykist jeg sjá hinn unga vísi til sannra framfara, velmegunar og hamingju fyrir þetta vesalings, marghrjáða land.

Og að lokum, sjúkdómsgreindi hann ástand landsins, eins og landlækni bar og komst að því að meinið er ekki ólæknandi:

...nú sem stendur þjáist Ísland mestmegnis af innvortis sjúkdóm, sem lækna verður og lækna má með innvortis meðulum, en það er með því að vinna, vinna, vinna. Vjer skulum því eigi láta hugfallast. Vjer höfum góðan málstað. Það kann sumum að þykja hart, sem jeg segi; en það er sprottið af innilegum áhuga á framförum lands þess, er jeg hefi verið kallaður til að þjóna, og það mun tíminn sýna og sanna, að jeg hef rjett fyrir mjer og að orð mín koma frá sönnum vini landsins.<sup>273</sup>

Eitt af því er sýndi glögglega afstöðu Schierbecks til Íslendinga var fyrrnefnt mál dr. Ehlers. Sem áður segir hafði holdsveikralæknirinn farið mjög ófögnum orðum um ástand húsnæðis og hreinlætis á Íslandi. Í greininni „Svar til Dr. med. Ehlers“ sem Schierbeck skrifaði 1894 voru vísindaleg- og læknisfræðileg rök rannsóknar Ehlers aðallega gagnrýnd, en í lok greinarinnar sagði Schierbeck:

Med Hensyn til Dr. Ehlers Udtalelser om den islandske Bolig og forsømte Hygiejne mener jeg ikke, at det nytter at skrive mere her i Tidenden. Selv om Dr. Ehlers ikke var fremkommen med ligefremme Usandheder, saa forkommer det mig urigtigt at ville fremdrage et lille, fattig, men ærekært folks svage Sider paa en hensynsløs og skadefro Maade og paa Steder, hvor det slet ikke var nødvendigt.<sup>274</sup>

<sup>273</sup> H.J.G. Schierbeck, „Fáein orð um framfarir Íslands[2]“, *Ísafold* 22. maí 1889, bls. 161.

<sup>274</sup> H.J.G. Schierbeck, „Svar til Dr. med. Ehlers“, *Hospitalstidende*, nr. 47, 1894.

Schierbeck var ekki einungis vinur landsins (og hálfgildings Íslendingur) heldur átti hann einnig fjölmarga vini og stuðningsmenn hér á landi. Störf hans, áhugamál svo og sú mikla umhyggja sem hann bar fyrir þjóðinni, voru til þess fallin að ávinna honum vinsælda og virðingar, þá sérstaklega vegna starfa hans við garðyrkju og Garðyrkjufélagsins. Af öðrum ólöstuðum átti hann sennilega sína bestu féлага í feðgunum Halldóri Kr. Friðrikssyni og Mórítz Halldórssyni-Friðrikssyni. Þetta kemur sérstaklega fram í atburðarrás er átti sér stað 1891.

Árið áður, 1890, hafði Mórítz, sem starfaði sem læknir í Kaupmannahöfn, flækst í afar erfitt og óhugnanlegt morðmál. Barnfóstra nokkur myrti sex börn, er talið var, með því að byrja þeim ópíum. Efnið fékk hún upphaflega gegn lyfseðili frá Mórítz, en notaði síðan sama lyfseðilinn til þess að verða sér úti um fleiri skammta hjá ýmsum lyfsölum. Mórítz var sakaður um að hafa verið í vitorði með henni og honum var einnig gefið að sök að hafa á svipuðum tíma framkvæmt ólöglega fóstureyðingu.<sup>275</sup> Hann var sýknaður af því að hafa verið í vitorði með barnfóstrunni, en var dæmdur til 2-3 ára vistar í betrunarhúsi vegna fóstureyðingarinnar.<sup>276</sup> Er sagt að þetta mál hafi lagst mjög þungt á föður hans.<sup>277</sup> Síðsumars 1891, þegar málið var til meðferðar ytra, sigldi Schierbeck til Kaupmannahafnar og gaf enga skýringu á ferð þeirri.<sup>278</sup> Ekki er ósennilegt að hann hafi farið vini sínum til hjálpar og vitnisburðar.<sup>279</sup> Vorið 1892 var Mórítz náðaður af konungi „fyrir bænastað landa í Khöfn“<sup>280</sup> (og væntanlega Schierbecks) eftir misseris afplánun. Hann flutti síðan til Íslendingabyggða í Winnipeg, og starfaði þar við góðan orðstír til dauðadags 1911.<sup>281</sup>

Það er nokkuð ljóst, að auk þeirra feðga átti Schierbeck marga vini, kunningja og stuðningsmenn meðal Íslendinga, þá einkum embættismanna. Þetta kemur glögggt í ljós á ummælum er höfð voru við brotthvarf hans úr embætti, svo og eftirmælum um hann.

<sup>275</sup> *Ísafold* 21. nóvember 1891, bls. 371.

<sup>276</sup> *Ísafold* 17. júní 1893, bls. 66.

<sup>277</sup> *Lögberg* 24. desember 1890, bls. 7.

<sup>278</sup> *Ísafold* 4. júlí 1891, bls. 210. Schierbeck birti stöku sinnum tilkynningar í *Ísafold* um utanferðir sínar, eða skráði þær í bréfadagbók sína. Í þessu tilfalli var ekki um neitt slíkt að ræða.

<sup>279</sup> Þetta er, sem fyrr segir óstaðfest.

<sup>280</sup> *Ísafold* 17. júní 1893, bls. 66.

<sup>281</sup> *Heimskringla* 26. október 1911, bls. 1.

## 7. BROTTFÖR OG EFTIRMÆLI.

Þegar póstskipið *Laura* lagði úr höfn aðfaranótt 4. júlí 1894 var Schierbeck og fjöldskylda hans meðal farþega. Opinberlega var landlæknirinn á leið í 15 mánuða orlof frá störfum,<sup>282</sup> en hvert mannsbarn vissi að hann myndi ekki snúa aftur.

Schierbeck hafði þá þegar selt Halldóri Daníelssyni húsið og garðinn í Aðalstræti,<sup>283</sup> Vilhjálmi Bjarnasyni frá Kaupangi skikann við Rauðará<sup>284</sup> og sagt af sér formennsku Garðyrkjufélagsins.<sup>285</sup> Þegar hann yfirgaf landið, hafði hann þegar fengið embætti stiftslæknis á Norður-Sjálandi<sup>286</sup> („Sjællands nordre Lands-physicat“<sup>287</sup>) og umtalað hafði verið frá því sumarið áður að hann myndi á förum svo fremi sem hann fengi embættið og tækist að koma eignum sínum hér á landi í verð. Er það og fullyrt að vandamenn hans hafi ákaft hvatt hann til þess að fara.<sup>288</sup>

Það var í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það að Schierbeck yfirgæfi landið. Fæstir þeirra dönsku embættismanna er störfuðu á Íslandi voru þaulsetnir (nema þegar þeir giftust íslenskum konum) og ef einungis er litið á danska lækna á Íslandi á 19. öld sést að þeir sátu ekki lengur en átta ár að jafnaði,<sup>289</sup> þannig að úthald Schierbecks var nokkuð þokkalegt. Það er varla hægt að álasa þessum mönnum fyrir stutta viðveru hér þar sem aðstæður voru frumstæðar og vegalengdir miklar og erfiðar. Flesir hafa líklegast litið á veru sína á Íslandi sem tímabundna og væntanlega þrep uppávið í metorðastiganum og ekki er ósennilegt að Schierbeck hafi gert það líka. En því var þó haldið fram í grein í *Fjallkonunni* að Schierbeck hafi verið ófús að fara<sup>290</sup>, því má velta því fyrir sér hvað réði þessari ákvörðun. Vonbrigði hans með Íslendinga og hinn íslenska seinangang í framförum getur vel hafa átt einhvern þátt í ákvarðanatöku hans. Ekki má gleyma fjöldskyldunni, en má vera að henni hafi verið farið að lengja þess að

<sup>282</sup> *Ísafold* 4. júlí 1894, bls. 163.

<sup>283</sup> Guðmundur Ingólfsson, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Hjörleifur Stefánsson, *Kvosin*, bls. 85.

<sup>284</sup> *Reykvíkingur* júní 1893, bls. 22.

<sup>285</sup> *Ísafold* 30. september 1893, bls. 266.

<sup>286</sup> Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi 1*, bls. 667.

<sup>287</sup> Jón Helgason, *Árbækur Reykjavíkur*, bls. 266.

<sup>288</sup> *Fjallkonan* 2. maí 1893, bls. 70.

<sup>289</sup> *Læknar á Íslandi 1*, bls. 140, 186, 196, 200, 328, 377, 383, 398, 497, 499, 502, 539, 699, 748 og 772.

<sup>290</sup> *Fjallkonan* 2. maí 1893, bls. 70.



komast aftur til Danmerkur þegar elsti sonurinn, Aage, var kominn í kandidateinsnám við læknadeildina í Kaupmannahafnarháskóla.<sup>291</sup>

En af öllum ummælum að dæma, má þó telja líklegast að launamál og óánægja Schierbecks með þau, hafi átt hvað mestan þátt í að hann lét af embætti. Árið 1883, nokkru eftir að hann kom hingað til lands, ákvað þingið að lækka laun landlæknis úr 4.000 krónum árlega niður í 3.500. Schierbeck vissi af þessari ráðstöfun við embættistökuna, en hafði þó fullvissu fyrir því að launin yrðu hækkuð aftur.<sup>292</sup> Sú kjarabót lét hinsvegar á sér standa og í maí 1893, þegar ljóst var að hann var í alvöru að íhuga brottför er ritað í *Fjallkonuna*:

Sjálfur mun hann ekki mjög fús að fara héðan, enn líklegt er, að honum bjóðist þegar minst varir jafngóð staða eða betri erlendis, og er þess vegna líklegt, að hann verði hér ekki langvistum héðan af. Hið eina ráð, sem að líkindum mundi duga til að halda honum kyrrum hjá oss, væri það, að alþingi veitti honum persónulega launaviðbót, svo sem 1000—1500 kr. á ári. Vér erum ekki að jafnaði meðmæltir háum embættislaunum, enn hér eru sérstakar knýjandi ástæður fyrir hendi.<sup>293</sup>

Sjálfur tók Schierbeck undir þetta, en með öðrum formerkjum:

Schierbeck landlæknir vill láta þingið veita sér 5600 kr., sem samsvarar þeirri uppþæð, er hann þykist hafa tapað við launa-breytingu landlæknisembættisins 1883.

„Óvildin gegn mér er nú horfin, en eptir er að afmá þann blett, sem mér finnst, að meðferðin á mér í launaspursmálinu hafi sett á sóma Íslands"(!), segir landlæknirinn í bænarskrá sinni til þingsins.<sup>294</sup>

Málið var tekið fyrir á þinginu, og þar sagði Þórarinn Böðvarsson til styrktar Schierbeck m.a.:

...óhætt er að fullyrða það, að hann hefir unnið Íslandi að alúð, eins og það væri ættjörð hans, þótt hann sé útlendingur. Ef annar eins maður, sem vill landinu eins vel og þessi, kæmi frá útlöndum og ynni þessu landi annað eins gagn og

<sup>291</sup> Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi 1*, bls. 666.

<sup>292</sup> *Alþingistíðindi* 1893, A I, d.833-834.

<sup>293</sup> *Fjallkonan* 2. maí 1893, bls. 19.

<sup>294</sup> *Þjóðviljinn ungi* 6. júlí 1893, bls. 71.

Þessi maður hefir gert, þá myndi það sómi þinginu, en eigi vansómi, að sýna honum viðurkenningu.<sup>295</sup>

Fleiri þingmenn stigu fram og lýstu stuðningi við tillöguna, þó ekki sé gott að segja hvort hin raunverulega ástæða væri að verðlauna Schierbeck fyrir vel unnin störf, eða reyna að halda í hann. Tillagan var hinsvegar felld, og landlæknirinn hélt af landi brott í júlí næsta ár.

En þó svo hann væri farinn, sagði hann ekki alveg skilið við Íslendinga, því hann kom við sögu í Ehlersmálinu, sem fyrr segir og svo sendi hann frá sér nokkrar greinar er birtust í *Garðyrkjuritinu* á árunum 1895-1897.<sup>296</sup> Við stiftsembættið á Norður-Sjálandi starfaði hann til dauðadags, 7. september 1911.<sup>297</sup>

Fjölmargir samtímamenn Schierbecks hafa vitnað um ágæti hans, og lítið fer fyrir andmælendum.<sup>298</sup> Klemens Jónsson segir að hann hafi verið „einhver hinn duglegasti og ágætasti danskra embættismanna, er verið hafa hjer á landi“<sup>299</sup> og um brotthvarf hans segir Jón Helgason: „Hörmuðu það margir hér í bæ, svo vel sem landlæknir hafði reynst frá því er hingað kom“.<sup>300</sup> Í bók sinni *Bjarkir*, sem Einar Helgason sendi frá sér 1914, sagði höfundurinn að „óhætt muni að fullyrða, að hann hefir unnið garðyrkjunni á Íslandi meira gagn en nokkur einn maður annar hefir gert um langan aldur“.<sup>301</sup>

Sumir minntust Schierbecks sem aðsópsmanni og það ekki lágværum. Í *Sunnanfara* 1914 er sagt að Schierbeck hafi haft mikinn áhuga á allri grasrækt hér á landi, „þó hann væri hálfgerður hrossabrestur“<sup>302</sup> og í æviminningum sínum kallar Eufemia Waage hann „hrossalegan mann, sem stóð þó vel í ístaði Íslendinga á erlendri grundu“.<sup>303</sup>

Í síðbúinni minningargrein, er rituð var í tímaritið *Óðinn* 1915, segir:

<sup>295</sup> *Alþingistíðindi* 1893, B II, d. 2064-2065

<sup>296</sup> *Garðyrkjuritið*, 1970, Höfunda og efnisskrá, bls. 22-23.

<sup>297</sup> Lárus H. Blöndal og Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* 1, bls. 667.

<sup>298</sup> Undantekningin er þó Sigurður Magnússon læknir, sem minntist Schierbecks sem slaks læknis og kennara á námsárum sínum (sjá: Sigurður Magnússon, *Æviminningar læknis*, bls. 59-60).

<sup>299</sup> Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*, bls. 179.

<sup>300</sup> Jón Helgason, *Árbækur Reykjavíkur*, bls. 262.

<sup>301</sup> Einar Helgason, *Bjarkir*, bls. 5.

<sup>302</sup> *Sunnanfari* desember 1914, bls. 99.

<sup>303</sup> Eufemia Waage, *Lifað og leikið*, bls. 41. Sennilegast á hún við mál dr. Ehlers.

Garðyrkjan var hjáverk hans, en »garðurinn hans Schierbecks« í Reykjavík — við hús hans — ber þess vitni, að það hjáverk var ekkert smáverk.... Íslendingar hafa ekki reist Schierbeck landlækni minnisvarða, en minnisvarði sá, er hann reisti sjer sjálfur með starfsemi sinni hjer, er óbrotgjarn, og garðurinn hans í Reykjavík er fegurra og sviphlýrra minnismark en marmara og granítsúlur.<sup>304</sup>

---

<sup>304</sup> Guðmundur Guðmundsson, „H.J.G. Schierbeck landlæknir“, *Óðinn* apríl 1915, bls. 3. Í dag eru þó til tvö minnismarki um Schierbeck og eru þau bæði staðsett þar sem hann hafði garðinn sinn í Aðalstrætinu. Annað er minnismarki og lágmynd, reist af Garðyrkjufélaginu, en hitt er Silfurreynir sem Schierbeck gróðursetti sjálfur 1884 og telst vera elsta tré Reykjavíkur.

## 8. NIÐURSTÖÐUR.

Hans J.G. Schierbeck kom hingað til lands í skugga deilna, þar sem margir Íslendingar töldu að hann ætti lítið tilkall til embættisins. Það kom þó fljótt í ljós að hann hafði ýmislegt til brunns að bera er gagnaðist bæði embættinu og Íslendingum. Hann innleiddi nýja sýn og nýja þekkingu í læknisfræði, smitvarnirnar, hann kom á betra og fastara skipulagi á Læknaskólann og leitaðist meðal annars við að auka verklega þátt kennslunnar, með því að láta nemendur stunda fátæka sjúklinga ókeypis. Embættis- og læknisstörfum sinnti hann all tíð af stakri þrýði og varð vinsæll læknir.

Eins og aðrir danskir læknar hér á landi er líklegt að Schierbeck hafi lítið á veru sína hér sem skref uppávið til betri starfa í Danmörku, en eftir að hafa dvalið hér á landi í áratug var því þó haldið fram að hann væri ófús til að yfirgefa landið. Ástæðan liggur sennilegast í áhugamáli Schierbecks, garðyrkjunnar. Það er heldur ekki ósennilegt að álíta að áhuginn á tilraunagarðyrkju hafi verið meðal þeirra þátta sem ráku hann hingað til lands. Og það var á því sviði sem Schierbeck markaði sín dýpstu spor og hafði hvað mest áhrif á Íslendinga.

Tilraunagarður hans í Aðalstrætinu og síðar á landsspildunni við Rauðará voru ómetanleg í brautryðjandastarfi garðyrkjunnar hér á landi, einkum þá matjurtaræktunnar. Hann stóð einnig fyrir stofnun Jarðræktarfélags og Garðyrkjufélags, sem höfðu háleit markmið og áttu að geta hjálpað Íslendingum verulega í baráttunni við fátæktina.

Sambúð Schierbecks við Íslendinga var ekki alltaf snurðulaus, þó svo að það vantraust sem margir lýstu í upphafi embættisferilsins hafi fljótt fjarað út.

Landlækninum þóttu Íslendingar lítt stórhuga í mörgum málum, svo sem byggingu sjúkrahússins í Reykjavík, sem honum þótti lítið og afleitt. Alþingi var honum einnig oft þungt í skauti þegar kom að fjárveitingum, bæði til heilbrigðis- og garðyrkjumála.

Sem svar við þeirri spurningu er lögð var fram í upphafi, er varla hægt að lesa úr samskiptum Schierbecks við Íslendingana þann hug er íbúarnir báru til danskra embættismanna, því Schierbeck er allt annað en „týpískur“ danskur embættismaður. Viðvera hans hér á landi var ekki einungis lengri en annara slíkra manna, hann var einnig mjög áberandi í umræðunni og feikilega iðinn við að skrifa greinar í íslensk blöð og tímarit, mun iðnari en aðrir embættismenn. Þær tilvitnanir sem hér hafa verið bornar fram eru ekki nema lítið brot af þeim öllum. Og í gegn um þessar greinar allar

hefur sá mikli áhugi sem hann bar fyrir velferð þessa lands sennilegast verið hverjum manni augljós.

Að sama skapi gerði landlæknirinn sér það ljóst að framfarir Íslands voru langtímaverkefni, þó svo framfaraleysið hafi af og til farið í taugarnar á honum. Hann sá samt að fólkið og landið átti sér mikla möguleika en fátæktin setti mönnum einfaldlega strangar skorður, Íslendingar væru „fámennir, fátækir en æruverðugir“<sup>305</sup>. En Schierbeck vildi stuðla að framförum á Ísland, kenningar og hið mikla starf hans, einkum á sviði garðyrkjunnar, miðuðust öll að þessu marki

Þó svo mörgum samtímamönnum hans hafi gagnast störf hans og rannsóknir, voru það miklu fremur komandi kynslóðir sem áttu eftir að uppskera ávöxt þess brautryðjendastarfs sem hann vann hér, þannig að hann var, eins og Klemens Jónsson sagði: „einhver hinn duglegasti og ágætasti danskra embættismanna, er verið hafa hjer á land“<sup>306</sup>.

---

<sup>305</sup> Sbr. orð hans í svargrein til dr. Ehlers.

<sup>306</sup> Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur*, bls. 179

**HEIMILDIR.****Óprentaðar heimildir.**

*Þjóðskjalasafn Íslands (Þ.Í.):*

Skjalasafn Landlæknis A/18,  
Bréfabók Landlæknis á Íslandi 1883-1890.  
Læknishéruð, Gjörðabók Sjúkrahúsfélagsins í Reykjavík 1863-1890.

**Prentaðar heimildir.**

*Alþingistíðindi*, 1885-1899.

Árni Óla, *Reykjavík fyrri tíma: Sögukaflar*, 2.-3. bindi. Hafnafirði, 1985-1986.

Árni Pálsson, „Nokkur orð um garðyrkju“, *Ísafold*, 10. nóvember, 1886.

*Austri*, II. árg., 1885.

Bergsteinn Jónsson, *Tryggvi Gunnarsson*, IV. bindi. Reykjavík, 1990.

Björg Einarsdóttir, *Ljósmaður á Íslandi I*. Reykjavík, 1984.

Björn Jónsson, „Meira um landlæknisembættið“, *Ísafold*, 13. maí, 1882.

Evans, Richard J., *Death in Hamburg, Society and Politics in the Cholera Years*. New York, 2005.

Einar Helgason, *Bjarkir, Leiðarvisir í trjárækt og blómækt*. Reykjavík, 1914.

Eufemia Waage, *Lifað og leikið. Minningar*. Reykjavík, 1949.

Finnur Jónsson, *Ævisaga Finns Jónssonar, eftir sjálfan hann*. Kaupmannahöfn, 1936.

*Garðyrkjuritið. Ársrit Garðyrkjufélags Íslands*, Höfunda- og efnisskrá, Fylgirit Garðyrkjuritsins 1970, Einar I. Siggeirsson tók saman. Reykjavík, 1970.

Gissur Ó. Erlingsson, *Erlingur grasalæknir*. Reykjavík, 1995.

- Guðjón Friðriksson, *Ég elska þig stormur, Ævisaga Hannesar Hafstein*. Reykjavík, 2005.
- Guðmundur Guðmundsson, „H.J.G. Schierbeck landlæknir“, *Óðinn*, apríl, 1915.
- Guðmundur Ingólfsson, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, Hjörleifur Stefánsson, *Kvosin, Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*. Reykjavík, 1987.
- Guðmundur Jónsson, „Fyrsta skurðaðgerð Guðmundar Hannessonar prófessors“, *Eimreiðin*, 69 (1963). bls. 70-74.
- Guðmundur Magnússon, *Læknaskólinn og Landspítalinn*. Reykjavík, 1899.
- Guðrún P. Helgadóttir, *Lárus hómópati*. Reykjavík, 1994.
- Haraldur Sigurðsson, *Hallir gróðurs háar rísa, Saga ylæktar á Íslandi á 20. öld*. Reykjavík, 1995.
- Hákon Bjarnason, „Drög að sögu trjáræktar í Reykjavík“, *Reykjavík miðstöð þjóðlífs, Safn til sögu Reykjavíkur*, Kristín Ástgeirsdóttir sá um útgáfuna. Reykjavík, 1978.
- Heimskringla*, XXVI. árg., 1911.
- Hildur Hákonardóttir, *Blálandsdrottningin og fólkid sem ræktaði kartöflurnar*. Reykjavík, 2008.
- Jakob Guðmundsson, „Læknishjálp smáskammtalækna og skottulækna“, *Ísafold*, 19. desember, 1888.
- Jakob Guðmundsson, *Nokkur orð um almennar heilbrigðisreglur, meðul og meðala brúkun og um miltisbrand og bráðapest*. Reykjavík, 1882.
- Jónas Jónassen, „Hinn nýi spítali í Reykjavík“, *Ísafold*, 5. nóvember, 1884.
- Jón Guðnason, *Skúli Thoroddsen*, síðara bindi. Reykjavík, 1983.
- Jón Helgason, *Árbækur Reykjavíkur*. Reykjavík, 1941.
- Jón Hjaltalín, „Um læknaskipan á Íslandi“, *Ný Félagsrit*, 4 (1844). bls. 28-107.
- Jón Ólafur Ísberg, „Danskur að ætt, sællífur og værukær mjög“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 20. janúar, 2001.
- Jón Ólafur Ísberg, *Líf og lækningar, Íslensk heilbrigðissaga*. Reykjavík, 2005.
- Jón Steffensen, „Sögulegt yfirlit um læknakennslu fram til 1958“, *Ráðstefna um læknánám 2. og 3. apríl 1981: erindasafn gefið út af læknadeild Háskóla Íslands 1981 í tilefni 100 ára skipulagðrar læknakennslu á Íslandi*, ritstj. Ásmundur Brekkan. Reykjavík, 1981.
- Klemenz Jónsson, *Saga Reykjavíkur*, síðara bindi. Reykjavík, 1929.

- Konur skrifa bréf. Sendibréf 1797-1907.* Reykjavík, 1961.
- Lárus Blöndal, Vilmundur Jónsson, *Læknar á Íslandi* 1. bindi. Reykjavík, 1970.
- Lárus Pálsson, „Smáskammtalækningar“, *Ísafold*, 23. mars, 1889.
- Ljósmæður á Íslandi*, ritstj. Björg Einarsdóttir. Reykjavík, 1984.
- Lovsamling for Island*, 13. bindi, 1844-1847. Kaupmannahöfn, 1866.
- Lúðvík Kristjánsson, *Úr heimsborg í grjótaþorp, Ævisaga Þorláks Ó Johnson.* Hafnarfirði, 1962.
- Lögberg*, III. árg., 1890.
- Mansfeld-Büllner & Lassen, „Aðvörun hr. Schierbecks um að hafa Brama-lífs-elixir“, *Ísafold*, 5. ágúst, 1882.
- Niels Dungal, „Guðmundur Hannesson prófessor. 9.sept. 1866 – 1.okt. 1946“, *Andvari*, 83 (1958). bls. 3-36.
- Ólafur Davíðsson, *Ég læt allt fjúka : sendibréf og dagbókarbrot frá skólaárunum.* Reykjavík, 1955.
- Ólafur Ólafsson, „Kornkaup og garðyrkja“, *Ísafold*, 23. apríl, 1892.
- Reykvikingur*, II.- III. árg., 1892- 1893.
- Schierbeck, H.J.G., „Aðvörun um að hafa ekki »Brama-Livs-Elixir«“, *Ísafold*, 8. júní, 1882.
- Schierbeck, H.J.G., „Enn um hinn nýja spítala í Reykjavík“, *Ísafold*, 12. nóvember, 1884.
- Schierbeck, H. J.G., „Hið islenzka garðyrkjufjelag“, *Ísafold*, 24. febrúar, 1886.
- Schierbeck, H.J.G., „Inflúenza-sóttin. (*Illkynjuð kvefsótt*)“, *Ísafold*, 17. maí, 1890.
- Schierbeck, H.J.G., „Ísafoldar-inflúenza“, *Ísafold*, 4. júní, 1890.
- Schierbeck, H.J.G., „Landlæknirinn og inflúenza-sýkin“, *Ísafold*, 24. maí, 1890.
- Schierbeck, H.J.G. *Leiðarvísir til að rækta gulrófur (kálrabi), túrnips og bortfelzkar rófur.* Reykjavík, 1886
- Schierbeck, H.J.G., „Leiðarvísir um notkun sóttvarnarmeðala“, *Ísafold*, 14. júní, 1890.
- Schierbeck, H.J.G., „Læknishjálpi smáskammtalækna og skottulækna[1]“, *Ísafold*, 31. október, 1888.
- Schierbeck, H.J.G., „Læknishjálpi smáskammtalækna og skottulækna[2]“, *Ísafold*, 7. nóvember, 1888.



- Schierbeck, H.J.G., „Læknishjálpi smáskammtalækna og skottulækna[3]“, *Ísafold*, 5. janúar, 1889.
- Schierbeck, H.J.G., „Meira um „að missa ekki móðinn““, *Ísafold*, 13. október, 1886.
- Schierbeck, H.J.G., „Nokkur orð um drykkjuskap og hegning fyrir drykkjuskap“, *Ísafold*, 21. janúar, 1885.
- Schierbeck, H.J.G., „Nokkur orð um fátækramálefni og framfarir landsins“, *Ísafold*, 3. júní, 1885.
- Schierbeck, H.J.G., „Skýrsla um nokkrar tilraunir til jurtaræktunar á Íslandi“, *Tímarit hins Íslenska bókmenntafélags* 1886. bls. 1-66.
- Schierbeck, H.J.G., „Skýrsla um nokkrar tilraunir til jurtaræktunar á Íslandi“, *Tímarit hins Íslenska bókmenntafélags*, 1890. bls. 144-176.
- Schierbeck, H.J.G., „Smáskammtalækningar“, *Ísafold*, 3. apríl, 1889.
- Schierbeck, H.J.G., „Spítalinn og læknaskólinn í Reykjavík“, *Ísafold*, 29. október, 1884.
- Schierbeck, H.J.G., „Svar til Dr. med. Ehlers“, *Hospitalstidende*, nr. 47, 1894. Kaupmannahöfn, 1894.
- Schierbeck, H.J.G., „Svar upp á fyrirspurn í 6. bl. „Ísafoldar“ þ. á.“, *Ísafold*, 23. apríl, 1883.
- Schierbeck, H.J.G., „Um afnám læknaskólans í Reykjavík“, *Ísafold*, 19. júlí, 1893.
- Schierbeck, H.J.G., „Um bakteríur (sóttnæm smákvikindi m. m.)“, *Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags*, 1885.
- Schierbeck, H.J.G., „Um vermireiti“, *Ísafold*, 11. nóvember, 1885.
- Schierbeck, H.J.G., „Viðvörðun um Brama-lífselexír“, *Ísafold*, 18. júní, 1884.
- Schierbeck, H.J.G., „Viðvörðun gegn Brama-lífselexír“, *Ísafold*, 28. janúar, 1885.
- Sigríður Svana Pétursdóttir, „Án lækna dýrra og lyfja torgættra: Aðgerðir stjórnvalda í málum smáskammtalækna, 1855-1932“, 2. *Íslenska söguþingið*, 10. maí – 1. júní 2002, ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir. Reykjavík, 2002.
- Sigurður Magnússon, *Æviminningar læknis*. Reykjavík, 1985.
- Sigurður Sigurðarson, *Sauðburðarkver : heilbrigði og sjúkdómar á sauðburði*. Reykjavík, 1997.
- Skuld*, V. árg., 1882.
- Smári Geirsson, *Frá eldsmíði til eleksírs, Iðnsaga Austurlands*, fyrri hluti. Reykjavík, 1989.
- Stefnir*, II. árg., 1894.

*Stjórnartíðindi*, 1884-1899

*Suðri*, II.-III. árg., 1884-1885.

*Sunnanfari*, XIII. árg., 1914.

Sveinn Sveinsson, „Hið íslenska garðyrkjufélag“, *Ísafold*, 21. október, 1885.

Sæmundur Eyjólfsson, „Jarðræktin í Reykjavík“, *Ísafold*, 20. febrúar, 1892.

Sæmundur Bjarnhéðinsson, „Guðmundur prófessor Magnússon“, *Læknabókin*.  
Reykjavík, 1949.

Thora Friðriksson, *Föðurmíning: á hundrað ára afmæli tólfræðu: 1819-1939*.  
Reykjavík, 1941.

*Tímarit hins Íslenska bókmenntafélags*, VII.-XI. árg., 1886-1890.

Vígfús Guðmundsson, „Búnaðarmál í Reykjavík“, *Þættir úr sögu Reykjavíkur*, ritstj.  
Guðni Jónsson. Reykjavík, 1936.

Vilmundur Jónsson, *Lækningar og saga: Tíu ritgerðir*. Reykjavík, 1969.

Vilmundur Jónsson, *Sjúkrahús og Sjúkraskýli á Íslandi í hundrað ár*. Reykjavík, 1970.

*Þjóðólfur*, XXXIV.-XLIII. árg., 1882-1891.

Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við sundin: Búskapur í Reykjavík 1870-1950, Safn til sögu Reykjavíkur*. Reykjavík, 1986.

Þrándur, „Landlæknis-embættið“, *Fróði*, 13. janúar, 1883.

*Þjóðviljinn*, II. árg., 1888.

*Þjóðviljinn ungi*, II. árg. 1893.

### **Vefheimildir:**

Vef. Eggert Gunnarsson, „Bóluefnaframleiðsla á Tilraunastöðinni að Keldum“,  
<http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/key2/index.html>, (skoðað

02-04-2010).

Vef. „Pandemic Influenza“

[http://www.cidrap.umn.edu/cidrap/content/influenza/panflu/biofacts/panflu.html#\\_Historical\\_Perspective](http://www.cidrap.umn.edu/cidrap/content/influenza/panflu/biofacts/panflu.html#_Historical_Perspective), (skoðað 02-04-2010).

*Vef.* Reps, John W., „Garden Cities of To-Morrow“,  
<http://www.library.cornell.edu/Reps/DOCS/howard.htm> , (skoðað 02-04-2010).

*Vef.* „Saga Garðyrkjufélags Íslands“

[http://www.gardurinn.is/default.asp?sid\\_id=30950&tre\\_rod=003|004|&tId=1](http://www.gardurinn.is/default.asp?sid_id=30950&tre_rod=003|004|&tId=1),  
(skoðað 02-04-2010).

*Vef.* Sigurður Steinþórsson, „Hvernig mynduðust Kvosin og Tjörnin í miðbæ Reykjavíkur?“, <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=3965> , (skoðað 02-04-2010).

*Vef.* Young, J.H., „The Toadstool Millionaires: A Social History of Patent Medicines in America before Federal Regulation“,  
<http://www.quackwatch.org/13Hx/TM/00.html> , (skoðað 02-04-2010).

### **Viðtöl:**

Viðtal höfundar við Samson B. Harðarson, lektor og landslagsarkitekt hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. 24.04.2009.

Tölvupóstviðtal höfundar við Harald Briem sóttvarnarlækni hjá Landlæknisembættinu. 01.04.2009, og 02.04.2009.